

28

Nýir eigendur
Narfasels

30–31

Ólga í evrópskum
bændum

32

-33
Réttarlistinn

Bændablaðið

15. tölublað 2022 • Fimmtudagur 25. ágúst • Blað nr. 616 • 28. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Jón Eiríksson hefur stundað búskap á Búrfelli í Miðfirði frá árinu 1982. Samhliða því að stunda búskap með 30 kýr og 300 kindur hefur hann gefið sig málaralistinni á vald. Eftir að hann innréttaði gamla vélaskemmu sem vinnustofu hefur listin hans sprungið út. Til þess að forðast upplýsingaóreiðu og áreitni hefur hann aldrei eignast farsíma og er búinn að losa sig við tölvuna og sjónvarpið. *Sjá nánar á bls. 26–27.* Mynd / Ástvaldur Lárusson

Fylgst með blóðtökum

Tímabil blóðtöku úr fylfullum hryssum stendur nú yfir og fékk Bændablaðið að vera við tvær slíkar á dögnum.

Að minnsta kosti tvær tilkynningar bárust lögreglustjóranum á Suðurlandi vegna ferða fólks um og við býli sem halda blóðmerar ásamt óleyfilegum myndbandsupptökum í byrjun ágúst. Þar voru á ferðinni York Díturth og Sabrina Gurtner frá dýraverndarsamtökunum TSB og AWD ásamt tveimur starfsmönnum þýsku sjónvarpsstöðvarinnar ARD.

York og Sabrina segja að þau hafi mætt mótlæti þegar þau komu við á búum og hugðust ræða við bændur. Ábúendur hefðu ekki verið reiðubúnir til viðtals eða samtals við þau og segja í viðtali að augljóst sé að blóðbændur séu að fela starfsemi sína. Þau óska eftir upplýsingum og samtali við bændur sem enn stunda starfsemina.

Á meðan segja ábúendur á bænum Álftarhóli frá undarlegri hegðun starfsmanna dýraverndarsamtakanna, en þegar bóndi ætlaði að ná tali af þeim hefðu þau forðað sér í snatri. Þau Þórdís Ingunn Björnsdóttir og Heiðar Þór Sigurjónsson segjast hins vegar ekki hafa neitt að fela þegar kemur að blóðmerabúskap sínum. Þau halda 39 merar til blóðtöku og leyfðu Bændablaðinu að fylgjast með blóðtöku. Það gerðu enn fremur bændur á Sólvöllum, en með því vilja blóðbændur stuðla að opnu samtali um starfsemina og svipta hulunni af meintri leynd kringum búskapinn.

Jón Kolbeinn Jónsson dýralæknir segir að merar í blóðtöku séu almennt ekki undir miklu álagi við meðhöndlunina. Hann telur þurfa að horfa á hestamennsku á heildstæðari hátt og bera saman mismunandi aðstæður sem hross á Íslandi búa við. Hanna Valdís Guðjónsdóttir notar m.a. tamdar reiðhryssur frá sér í blóðtöku þegar þær eru í folaldseignum og sjá ekkert að því.

Bændurnir segja að velferð og heilsa meranna sé í fyrirrúmi enda sé það grundvöllur fyrir búskapnum og starfseminni.

York og Sabrina telja daga PMSG talda í ljósi þess að til séu aðrir valkostir til að stilla gangmál og auka frjósemi í búfénaði. Ábúendurnir á Álftarhóli telja umræðuna um frjósemislyf ógagnsæja.

Ný reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum gildir í þrjú ár og vonast bændurnir til að á þeim tíma verði hægt að skoða allar hliðar málsins, bæði vísindalega og siðferðilega. /ghp

Sjá nánar bls. 20, 21 og 22.

Ágætar uppskeruhorfur fyrir útiræktað grænmeti:

Úrkoman kom í hæfilegum skömmtum

Ágætar uppskeruhorfur eru sunnanlands fyrir útiræktað grænmeti nú í lok ágústmánaðar.

Á Norðurlandi má hins vegar búast við tveggja til þriggja vikna seinkun á markaðssetningu grænmetisins miðað við meðalárferði.

Axel Sæland, formaður deildar garðyrkjubænda innan Bændasamtaka Íslands, segist hafa nýlega heyrt í bændum á Suðurlandi, sem segja að allt stefni í að flest allar útiræktaðar grænmetistegundir berist í verslanir á svipuðum tíma og venjulega – þeir séu nú þegar byrjaðir fyrir nokkru að uppskera. Norðlenskir bændur séu hins vegar enn í talverðri óvissu því alltaf sé hætt á því að það frysti á þessum árstíma – sem geti haft afdrifarík áhrif á flestar grænmetistegundir.

Á pari við meðalárið

„Það má kannski segja að það sé einmitt um þetta leyti [í kringum 15. ágúst] sem bændur hér sunnanlands vanalega byrja að taka upp gulrætur og kartöflur í einhverju magni til að setja á markað. Held það sé alveg óhætt að segja að uppskeruhorfur núna á Suðurlandi fyrir útiræktað grænmeti séu á pari við meðalárið. Blómkál og brokkólí kemur svo

alltaf aðeins seinna á markað, en káltegundirnar eru líka alveg á réttu róli,“ segir Axel.

Kaldur og blautur júlímánuður

„Það var ofboðsleg bjartsýni í maí og byrjun júní meðal bænda, en svo var júlí bara mjög kaldur og blautur. Þá hægði á öllu en nú lítur allt út fyrir að þetta verði bara meðalár hérna á Suðurlandi – kannski aðeins betra. Kartöflumyglan hrjáir ekki kartöflubændur þetta sumarið eins og í fyrra þegar hún olli miklum skaða. Þeir voru undirbúnir og gátu gripið til fyrirbyggjandi aðgerða. Eini salleriræktandi landsins, á Hverabakka II, er fyrir nokkru farinn að pakka því á fullu fyrir markaðssetningu og sömuleiðis er kínakálið á leið í búðir,“ segir Axel.

Hann bætir því við að ef til vill hafi einhverjir búist við verri horfum á Suðurlandi, vegna vætutíðar, en það sem hafi í raun ráðið mestu er að úrkoman kom í hæfilegum skömmtum – að ekki rigndi samfleytt í langan tíma.

Kalt og blautt á Norðurlandi

„Bændur á Norðurlandi fara heldur verr út úr þessu sumri. Þar er búíð

að vera ofboðslega kalt og blautt. Uppskeran þar verður tveimur eða jafnvel þremur vikum á eftir áætlun – sem þýðir að ekki er hægt að búast við miklu á markað í ágústmánuði frá norðlenskum garðyrkjubændum í útiræktun.

Ef hins vegar ágústmánuður verður góður og ekki frýstir þannig að þeir geti geymt grænmetið lengur í gördunum, þá er alveg möguleiki á því að heildaruppskeran þar verði allt í lagi. En það má alls ekki frysta, sem þó er alltaf mögulegt í ágúst,“ segir Axel.

Stuðningurinn við útiræktun

Á undanförunum misserum hefur ítrekað komið fram í áherslum stjórnvalda hvað varðar fæðuöryggismál og grænmetisframleiðslu á Íslandi, að auka þurfi hlutfall innlendra framleiðslu verulega.

Sömuleiðis hefur ítrekað komið fram að vegna þess hversu stór fjárfesting það er fyrir eiga garðyrkjubændur að hefja eigin framleiðslu – og fjármögnunarleiðir séu þeim ekki greiðar – þá verði ekki sú fjölgun í stétt garðyrkjubænda né nýliðun sem nauðsynleg sé til að nægilegur vöxtur geti orðið.

Axel segir að mikilvægir

tímar séu fram undan þar sem undirbúningsvinna fyrir endurskoðun búvörusamninga muni eiga sér stað. „Ég hef í sumar verið að benda aðeins á þörfina fyrir betri stuðningi við greinina, en það er erfitt á þessum árstíma að fá einhvern hljómgrunn hjá stjórnsýslunni fyrir samtali. Það sem biður okkar er að undirbúa vel núna í haust og byrjun vetrar endurskoðun búvörusamninga sem verða á næsta ári. Við verðum tilbúin með góðar tillögur að því sem er fyrir en þannig að verði gert til að mæta þessum áherslum stjórnvalda varðandi aukna innlenda grænmetisframleiðslu.“

Hann segir enn fremur að til að ná fram markmiðum um aukna hlutdeild innlendra grænmetisframleiðslu sé ljóst að það þurfi að koma til mun meiri fjárhagslegur stuðningur við garðyrkjubændur. „Það verður svo verkefni að finna út úr því hvernig sá stuðningur nýtist greininni sem best; til dæmis til nýliðunar og þeim bændum sem fyrir eru – til að viðhalda því úrvali grænmetis sem er fyrir en þannig að hægt sé að auka talsvert við bæði í tegundum og í magni. Það er vilji stjórnvalda og við búumst við því að honum verði komið til leiðar í gegnum búvörusamningana,“ segir Axel. /smh

FRÉTTIR

Nautakjöt:

Afurðaverð hækkar

Kjötufurðastöð KS og sláturhúsið á Hellu tilkynntu nýverið um breytingar á verðskrár sínum á nautakjöti.

Mikil hreyfing hefur verið á verðskrár afurðastöðva til nautgripabænda á þessu ári. Undir lok árs 2021 hófu afurðastöðvar að hækka verð til bænda hóflega en með vorinu fór af stað skriða hækkanu hjá öllum afurðastöðvunum, ef marka má heimasíðu nautgripabænda á bondi.is.

Þá greiddi SS sláturálag á alla gripi til viðbótar fyrir innlegg á árinu 2021, líkt og áður hefur verið fjallað um á síðum Bændablaðsins.

Kærkomnar hækkarnir

„Þessar hækkarnir eru kærkomnar en duga þó varla til að mæta gríðarlegum hækkanum á rekstrar-kostnaði nautgripabænda,“ segir Herdís Magna Gunnarsdóttir, varaformaður Bændasamtakanna og formaður nautgripaeildar BÍ.

„Nýútkomin skýrsla RML sem þið

sögðuð frá á forsíðu Bændablaðsins um daginn sýndi að ekki bara voru bændur að borga rúmar 400 krónur með hverju framleiddu kíló nautakjöts árið 2021 heldur hafði launaliðurinn lækkað með hverju árinu. Og svo hefur allt hækkað gríðarlega síðan, þannig að það má hverjum vera ljóst að 30 til 40% hækkan afurðaverðs dugar hvergi til að loka þessu gati. Afurðastöðvarnar eru auðvitað að reyna að gera sitt allra besta og því er ég þakklát, en eins og ég segi, þá dugar það varla til,“ segir Herdís Magna.

Betri flokkar hækka meira

Ef verðskrár eru skoðaðar fyrir árið í ár sést að lakari flokkar hafa hækkað um 10 til 15% meðan betri flokkarnir hafa hækkað um allt að 36% og segir á heimasíðu nautgripaeildar BÍ að hækkarnir séu nokkurn veginn í takti við þær verðhækkarnir til sauðfjárbænda sem verið er að tilkynna um þessar mundir.

/NH



Hlutfall rafbíla er yfir helmingur nýskráninga. Mynd / transportenvironment.org

Loftslagsmál:

Rafbílum fjölga

Út er komin önnur stöðuskýrsla verkefnisstjórnar um aðgerða-áætlun í loftslagsmálum.

Samkvæmt skýrslunni eru stærstu tækifærin til að ná fram samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda í orkuskiptum í samgöngum. Aðgerðir í áætluninni eru alls 50 og eru allar nema ein nú komnar í framkvæmd eða eru í vinnslu.

Í skýrslunni hvetur verkefnastjórn til að tryggt verði að jákvæð þróun í rafvæðingu bílaflotans haldi áfram og að hugað verði sérstaklega að orkuskiptum í þungaflutningum og fjölgun rafknúinna bílaleigubíla. Eins eru aðgerðir í sjávarútvegi og landbúnaði sagðar nauðsynlegar og að tryggja þurfi áframhaldandi úrbótaverkefni í landnotkun.

Samkvæmt því sem segir í skýrslunni hafa aðgerðir tengdar orkuskiptum í samgöngum á landi skilað árangri og rafbílum fjölga hratt. Er hlutfall vistvænna ökutækja yfir helmingur nýskráninga.

Nú eru 23 af 74 aðgerðum vegvísins um vistvænna mannvirkjagerð komnar á undirbúnings-, framkvæmdastig eða þeim lokið.

Samkvæmt niðurstöðum losunarbókhalds Íslands frá því í vor dróst losun gróðurhúsalofttegunda sem er á beinni ábyrgð Íslands saman um 5% milli árana 2019–2020 og var 13% minni en árið 2005, sem er viðmiðunarárið fyrir loftslagsskuldbindingar Íslands.

/NH

TILBOÐ Á GARÐHÚSUM!
TIL Á LAGER

BREKKA 34 - 9 fm 25% afsláttur
Tilboðsverð **489.000 kr.**
Afar einfalt er að reisa húsin okkar. Uppsetning tekur aðeins einn dag

STAPI - 14,98 fm 25% afsláttur
Tilboðsverð **779.000 kr.**

NAUST - 14,44 fm 30% afsláttur
Tilboðsverð **539.000 kr.**

Ítarlegar upplýsingar og teikningar ásamt ýmsum öðrum fróðleik má finna á vef okkar

www.kofaroghus.is - Sími 553 1545 **KOFAR OG HÚS**



Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, flutti framsögu á bænda fundinum í Borgarnesi. Myndir / smh

Bændafundur Bændasamtaka Íslands á landsbyggðinni:

Brýn mál til umræðu á fyrsta fundinum í Borgarnesi

– Innviðabreytingar samtakanna og endurskoðun búvörusamninga

Bændasamtök Íslands standa fyrir bænda fundum um allt land í ágúst undir yfirskriftinni „Samtal um öryggi“ og var fyrsti fundurinn haldinn í Landnámssetrinu í Borgarnesi mánudaginn 22. ágúst, þar sem húsfullir var á efri hæðinni. Brýn mál íslensks landbúnaðar voru þar á dagskrá og sköpuðust líflegar umræður.

Fundurinn hófs með framsögu Gunnars Þorgeirssonar, formanns Bændasamtaka Íslands, þar sem hann fór yfir þau verkefni sem hafa verið á borði samtakanna að undanförunum ásamt því að fjalla um helstu áherslumál fyrir næstu vikur og mánuði.

Innviðabreytingar Bændasamtakanna

Fyrst greindi Gunnar frá breytingum á innviðum Bændasamtaka Íslands; nýju starfsfólki, skipuriti og fyrirhuguðum flutningum samtakanna í Borgartún 25. Á undanförunum vikum hefði verið unnið að undirbúningi fyrir flutninga með róttækri tiltekt í Bændahöll, auk þess sem verið væri að standsetja nýtt skrifstofuhúsnæði í nýjum húsakynnum.

Gunnar sagði að verkefnavinna að undanförunum hefði einkum falið í skipulagningu á landbúnaðarsýningu sem haldin verður í Laugardalshöll 14.–16. október næstkomandi, degi landbúnaðarins 14. október og undirbúnings fyrir endurskoðun búvörusamninga á næsta ári. Fyrsti samráðsfundurinn við fulltrúa matvælaráðuneytisins væri áætlaður um miðjan október.

Fæðuöryggismál til umfjöllunar

Í máli Gunnars kom fram að fæðuöryggismál hafi mjög verið til umfjöllunar hjá samtökunum á síðustu mánuðum eftir að ógnarástand á alþjóðlegum hrávörumörkuðum með korn og aðföng bænda setti matvælaframleiðslu á Íslandi í alvarlega stöðu. Í þeim málum hafi verið lagður ákveðinn grunnur með starfi Spretthóps matvælaráðherra, til bjargar fyrir afkomu bænda, og starfshópi forsætisráðherra um neyðarbirgðir í landinu.

Sú vinna hafi að talsverðu leyti verið unnin af hálfu starfsmanna Bændasamtaka Íslands, en í samvinnu við ráðuneytin.

Önnur öryggismál bænda

Því næst fór Gunnar yfir ýms

önnur undirstöðuatriði svo íslenskur landbúnaður geti sem best þrífist á næstu árum; öryggismál eins og sálgaeslu, vinnuvernd og afkomuöryggi bænda, loftslags- og umhverfismál auk markaðssetningar íslenskra landbúnaðarafurða.

Í haggreiningartölum, sem Gunnar sýndi fundargestum í Landnámssetrinu, um markaðshlutdeild innflutts kjöts frá 2018, kom fram að á síðasta ári hefur hlutdeild svínakjöts vaxið mest og nálgast hratt 30 prósent þess kjöts sem er á íslenskum markaði. Hlutdeild alifuglakjöts vex jafnt og þétt og er nú rétt rúmlega 20 prósent, en var undir 15 prósentum árið 2018.

Gagnasöfnun og nýliðunargvandi

Gunnar sagði að söfnun gagna væri mikilvægur liður í að bæta samningsstöðu bænda og því væru Bændasamtökin farin af stað í það verkefni að byggja upp gagnagrunn hagtalna fyrir landbúnaðinn. Fyrsta skrefið hefði verið að birta hálfsmánaðarlega hagtolur landbúnaðarins í Bændablaðinu á sérstakri síðu.

Í umræðum um nýliðunargvanda í íslenskum landbúnaði, varpaði Gunnar fram þeirri hugmynd hvort ekki mætti horfa til lánafyrirkomulags varðandi fyrstu kaup á íbúðarhúsnæði. Þannig væri hægt að hugsa sér að ríki myndi fjárfesta í bújörðum nýliða upp á 20–30 prósent, sem væri svo gert upp þegar hún væri seld eða hluturinn greiddur til baka á tilteknum árafjölda.

Áherslur við endurskoðun búvörusamninga

Endurskoðun búvörusamninga, sem eru í gildi til 2026, er sem fyrr segir á næsta ári og sagði Gunnar að undirbúningsvinna væri hafin innan Bændasamtakanna. Meta þyrfti hvort markmið samninganna hefðu náðst.

Markmið rammasamnings eru að efla íslenskan landbúnað og auka verðmætasköpun. Nýta einnig sem best tækifærin sem felast í sveitum landsins. Nefndi Gunnar að í samningnum væru ákvæði um að fjármunir til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins væru skornir alveg niður á samningstímanum. Þetta ákvæði væri eitt af áhyggjuefnum samtakanna varðandi samninginn og þyrfti að endurskoða.

Endurskoða þyrfti líka markmiðið með samningi um starfsskilyrði í nautgriparækt, þar sem segði að bæta þurfi hagræði, efla samkeppnishæfni og auðvelða nýliðun. Sömu sögu væri að segja um sauðfjárræktina,



Góð aðsókn var á fyrsta bænda fundinum í Landnámssetrinu.

en þar segir í markmiðum samnings að stuðla verði að áframhaldandi þróun í greininni og bættri afkomu – og treysta stöðir í byggða- og atvinnulega tilliti.

Gunnar sagði að helst væri það í garðyrkjusamningnum að nálgast væri markmiðið, að treysta tekju- og starfsgrundvöll framleiðenda.

Hann sagði að þetta væru raunverulegar áskoranir við endurskoðun samninganna; að meta hvort núverandi markmiðum miði áfram í rétta átt og ef ekki að skoða þá hver eigi að vera hin eiginlegu markmið þeirra.

Tollamál, verðlagsgrundvöllur og afurðaverð

Talsverðar umræður sköpuðust í seinni hluta fundar um margvíslegar hliðar landbúnaðar á Íslandi. Meðal umræðuefna sem komu frá fundargestum má nefna tollamál og misræmi í innflutningstölum, mikilvægi þess að undirbúa vel vinnu við endurskoðun búvörusamninga, þörf á upp færslu fyrir verðlagsgrundvöll kúabúa og úrræðum fyrir kornbændur til varnar álfum og gæsnum.

Auk þess voru afurðaverðsmál til umræðu, eins og oft áður á bænda fundum. Trausti Hjálmarsson, formaður deildar sauðfjárbænda innan Bændasamtakanna og stjórnarmaður í samtökunum, tók til máls og greindi frá því að áfangasigur hefði náðst í sumar í kjarabaráttu sauðfjárbænda. Ljóst væri að meðaltalshækkun fyrir kíló af dillakjöti væri komin í 35 prósent frá fyrra ári. Þá gæti hann flutt þau gleðitíðindi að birgðastaðan væri í sögulegu lágmarki um þessar mundir, einungis um rúm760 tonn væru í geymslu frá síðasta ári en til samanburðar nefndi hann að mánaðarsala lambakjöts væri í kringum 500 tonn.

Alls verða bænda fundirnir 11 talsins, á 11 mismunandi stöðum á landsbyggðinni, og lýkur fundaröðinni á morgun, föstudag, á Icelandair Hótel Flúðum klukkan 16. /smh

Búðu þig undir réttirnar



N1
Vefverslun
Skoðaðu úrvalið og skráðu þitt fyrirtæki



Portwest kuldaskokkar

Hlýir og þægilegir sokkar úr bómull og ull sem smellpassa í gönguskó og stígvél fyrir göngur og réttir.

Litur: Grár.

Stærðir: 39-43.



Tegera merino ullarhanskar

Hlýir hanskar með sérstöku efni framan á fingrum til að nota á skjái. Frábærir einir og sér en líka mjög góðir sem innan undir hanskar ef kalt er úti eða þegar unnið er við kaldar aðstæður.

Litur: Svartur. Stærðir: 6-11.



Öryggisvesti

Öryggisvesti HI-VIS með rennilás. Vottað samkvæmt sýnileikastaðli.

Litur: Gulur.

Stærðir: S - 3XL.



Scangrip Zone höfuðljós

Endurhlaðanlegt höfuðljós, 75/150 lumen IP30. Rafhlöðuending: 4 klst.

Litur: Svartur og blár.

Stærð: 95x34x35mm Þyngd: 66g



Léttur samfestingur

Þunnur samfestingur með hnjúpúðavösum. Hentar vel fyrir iðnaðarmenn, bændur o.fl.

Litur: Dökkblár með kóngabláu. Stærðir: 48-72.



Húfa HI-VIS

Húfa Yoko Thinsulate. Hlý og góð húfa fyrir veturinn.

Litur: Gulur, appelsínugulur, svartur.

Ein stærð.

Verslanir N1 um land allt

Akureyri s. 440 1420 • Blönduós s. 440 1339 • Húsavík s. 440 1448
Höfn s. 478 1940 • Ísafjörður s. 456 3574 • Klettagarðar s. 440 1330
Ólafsvík s. 436 1581 • Patreksfjörður s. 456 1245 • Reyðarfjörður s. 474 1293
Reykjanesbær s. 421 4980 • Vestmannaeyjar s. 481 1127

440 1000 n1.is

N1 ALLA LEIÐ

FRÉTTIR

Matvælaráðuneytið:

584,6 milljónum úthlutað

Fyrir skömmu úthlutaði matvælaráðherra 584,6 milljónum króna úr Matvælasjóði. Alls var sótt um styrki fyrir 211 verkefni og hlutu 58 þeirra úthlutun að þessu sinni.

Meðal verkefna sem hlutu úthlutun má nefna: Hringrásarhætur í bakgörðum, Þróun sælkeravöru úr lamba- og kindaslögum, Markaðsáttak í útflutningi á íslensku viskú, Nýjar matvörur úr ærkjöti, Bætiefnadrykkir með íslenskum þörungum og Rannsókn á nýtingarhlutfalli og efnainnihaldi lambakjöts og aukaafurða.

Sköpunarkraftur og áráðni

Í tilkynningu matvælaráðuneytisins er haft eftir Svandísi Svavarsdóttur matvælaráðherra að „sá sköpunarkraftur og sú áráðni sem íslenskir matvælaframleiðendur búa yfir sé sérstakt ánægjuefni og sýnr áþreifanlega að Ísland er á réttri leið sem matvæland. Það gleður mig einnig að sjá að hlutföll á milli kynja eru nær jöfn.“

Fjórir styrkjaflokkar

Bára styrkir verkefni á hugmynda-stigi til að kanna fýsileika, greina eða útfæra hugmynd tengda íslenski matvælaframleiðslu. Styrkþegar geta verið fyrirtæki sem stofnuð eru á síðustu fimm árum. Einnig frumkvöðlar sem vilja þróa hugmynd, hráefni eða aðferðir sem tengjast íslenski matvælaframleiðslu. Alls hlutu 23 verkefni að heildarupphæð 60.820.000 króna í þessum flokki.

Kelda styrkir verkefni sem miða að því að afla nýrrar þekkingar sem styður við markmið sjóðsins um nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnis hæfni íslenskrar matvælafram-



Matvælasjóður

leiðslu. Alls hlutu 14 verkefni að heildarupphæð 202.300.000 króna í þessum flokki.

Afurð styrkir verkefni sem komin eru af hugmynda-stigi en eru þó ekki tilbúin til markaðssetningar. Styrkveitingar miða að því að gefa styrkþegum tækifæri til að móta og þróa afurðir úr hráefnum sem falla til við matvælaframleiðslu og stuðla þar með að verðmætasköpun. Alls hlutu 11 verkefni að heildarupphæð 187.300.000 króna í þessum flokki.

Fjársjóður styrkir verkefni sem hafa það markmið að styrkja markaðsinnviði og stuðla að markaðssókn afurða tengdum íslenski matvælaframleiðslu. Alls hlutu 10 verkefni að heildarupphæð 134.225.000 króna í þessum flokki.

Hlutverk Matvælasjóðs

Í tilkynningu á vef matvælaráðuneytisins segir að hlutverk Matvælasjóðs sé að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla og hliðarafurða úr landbúnaðar- og sjávarafurðum.

Áhersla er á nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnis-hæfni íslenskra matvæla.

Sjóðnum er einnig heimilt að styðja við vörubrún og markaðs-sókn á erlendum mörkuðum.

Sjóðurinn fylgir eftir heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Í þessum tilgangi styrkir sjóðurinn verkefni og rannsóknir einstaklinga og lögaðila. /NH

Skagafjörður:

Vilja að sorp sé sótt heim

Meirihluti íbúa í dreifbýli í Skagafirði vill að heimilissorp sé sótt heim á lögbylin.

Gerð var íbúakönnun um sorpmál í dreifbýli Skagafjarðar og stóð valið á milli tveggja kosta. Annars vegar að íbúar skiluðu flokkuðu heimilissorpi á móttökustöðvar í sveitarfélaginu og hins vegar að heimilissorp yrði sótt á öll lögbylin.

Þátttökurétt höfðu allir eigendur íbúða- og íbúðahúsnæðis með lögheimilisfesti í dreifbýli Skagafjarðar. Alls voru 671 á kjörskrá, 171 tók þátt í könnuninni,

eða 25%. Meirihluti þeirra sem þátt tóku valdi að heimilissorp yrði sótt heim á bæ í dreifbýli Skagafjarðar, eða um 64% þátttakenda.

Um leiðbeinandi könnun var að ræða, sveitarstjórn á eftir að rýna niðurstöðuna og taka í framhaldinu ákvörðun.

Stefnt er að því að bjóða út sorphirðu í dreifbýli Skagafjarðar við fyrsta tækifæri, að því er fram kemur á vefsíðu sveitarfélagsins þar sem fjallað er um könnunina, en bjóða þarf út á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. /MPP

Kelduhverfi:

Dýrbítur leggst á lömb

– Bóndi telur fæðuskort á heiðum ástæðu þess að tófur leiti til byggða

Skæður dýrbítur hefur drepð að minnsta kosti fjögur lömb í Kelduhverfi í sumar. Að sögn heimamanna hefur talsvert sést af tófu við byggð undanfarið og greinilegt að hann er í ætisleit. Heyrst hefur af fleiri dýrbítum víðar um land undanfarna daga.

Ólafur Jónsson, bóndi á Fjöllum 1 í Kelduhverfi, segir að til þessa hafi fundist fjögur dauð lömb sunnan við bæinn Sultir og eitt nánast heima í hlaði.

„Það var hjólréidamaður sem fann fyrstu tvö lömbin á heiðarvegi með nokkurra daga millibili og tilkynnti það strax. Eitt af lömbunum var frá mér, annað frá Fjöllum 2 og það þriðja frá Lóni en fjórða lambið var svo illa leikið að við fundum ekki merkið og sáum ekki frá hvaða bæ það var.“

Okkur virðist sem tófan sé farin að færa sig frá heiðinni og nær byggð og það sjást tófur á hverjum degi víða í sveitinni og það hefur óvart verið keyrt á þrjár. Við teljum ástæðuna fyrir allri þessari tófu vera að það er lítið um fugl á heiðinni og tófan því í ætisleit.“

Að sögn Ólafs hefur hann heyrt fregnir af fleiri dýrbítum víðar um land undanfarna daga.

Ótvíráð ummerki eftir dýrbít

„Við teljum að fyrsta lambið hafi verið drepð um miðjan júlí og það síðasta fannst viku af ágúst. Öll fjögur lömbin fundust á eða við heiðarveginn en við vitum ekki hversu mörg til viðbótar geta legið lengra utan við veginn.“

Fyrstu viðbrögð voru að skoða vegsummerki á lömbunum og senda sýni til tófuserfræðinga til greiningar og allir sem séð hafa útganginn á þeim eru sammála um að um tófu og dýrbít hafi verið að ræða.“

Ólafur segir að tófan bítu skinnið og hreinsi það af snoppunni inn að beini og drekki síðan blóðið og skilji lömbin eftir, oft lifandi, liggjandi í blóði sínu.

„Tófan hefur beittar tennur og sterkan kjaft og ef henni tekst að bíta sig við snoppuna eiga lömb erfitt með að verja sig. Tófa hangir á snoppunni þar til að það fer að blæða og blóði fer að renna ofan í lungun á lambinu og að endingu gefst það upp og drepst.“

Dýrbítar byrja yfirleitt á að ráðast á veikburða lömb eins og undanvillinga og ef að það gengur færa þeir sig upp á skaftið og ráðast að lokum á fullorðið fé.“

Dýrbítar á öðru hverju greni

„Í tilfellinu hér í Kelduhverfi sýnist okkur að það sé eitt dýr að bíta og svo annað sem nagar nára og bóga lambanna eftir að þau eru dauð. Ég kom sjálfur að einu lambinu nánast



Dýrbítar bíta skinnið og hreinsa það af snoppunni inn að beini og drekka blóðið og skilja lömbin eftir, oft lifandi, liggjandi í blóði sínu.

Myndir / Ólafur Jónsson



Ólafur Jónsson, bóndi á Fjöllum 1 í Kelduhverfi, með riffil og tófluflautu framan á.

nýdauðu, því flugan var varla búin að setja maðk í það og það var enn uppblásið, og greinilegt að það höfðu verið tvö dýr að verki við að naga það.

Mesta hættan núna er að ef dýrbíturinn er mjög skæður þá kenni hann yrðlingunum hvað sé matur og að eitt af því séu lömb, að hér verði á næstu árum dýrbítar á öðru hverju greni ef ekkert verður að gert.

Við vitum ekki enn hvort dýrið er að taka eitt og eitt lamb eða eitt á hverri nóttu eins og getur gerst og þá er málið orðið verulega alvarlegt.“

Grenið ekki enn fundist

Ólafur segir að búið sé að reyna að finna greni dýrbítsins og að þeir hafi heyrt vælið í yrðlingunum en ekki fundið það enn.



Áverkar eftir tófu. Það var hjólréidamaður sem fann fyrstu tvö lömbin á á heiðarvegi með nokkurra daga millibili.



Dýrbítar byrja yfirleitt á því að ráðast á veikburða lömb eins og undanvillinga og ef að það gengur færa þeir sig upp á skaftið.

KJARNAGLUGGAR

GLUGGI Í GLUGGA

- TILVALIÐ VIÐ ENDURNÝJUN GLUGGA

- ENDINGAGÓÐIR PLASTGLUGGAR



Kjarnagluggar ehf. | Roðamói 9 | 626 1011
sala@kjarnagluggar.is | www.kjarnagluggar.is



Mótum framtíðina saman



Opnir samráðsfundir um stöðu mannréttinda á vegum forsætisráðuneytisins

Forsætisráðherra býður til opinna samráðsfunda um landið vegna vinnu við Grænbók um mannréttindi. Á fundunum verður fjallað um stöðu mannréttinda á Íslandi, helstu áskoranir, tækifæri og valkosti til framfara.

Öll eru velkomin. Skráning fer fram á stjornarradid.is/mannrettindafundur. Hægt er að fara inn á síðuna með því að skanna QR-kóðann í vinstra horni auglýsingarinnar. **Gott aðgengi er á öllum fundarstöðunum fyrir hjólastóla og táknmálstúlkun stendur til boða sé þess óskað með 7 daga fyrirvara.**

Fundirnir verða á eftirtöldum stöðum:

- 29. ágúst kl. 16:00 Selfoss (Hótel Selfoss)
- 31. ágúst kl. 16:00 Reykjavík (Ríma í Hörpu)
- 5. september kl. 17:00 Akureyri (Hamar í Menningarhúsinu Hofi)
- 6. september kl. 17:00 Egilsstaðir (Icelandair Hótel Hérað)
- 8. september kl. 10:00 Ísafjörður (Edinborgarhúsið)

Dagskrá

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra
Opnunarávarp

Dr. Kári Hólmur Ragnarsson, lektor við Lagadeild Háskóla Íslands
Hvað eru mannréttindi?

Örerindi um mannréttindi

Selfoss: **Unnur Helga Óttarsdóttir**, formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar

Reykjavík: **Þuríður Harpa Sigurðardóttir**, formaður Öryrkjabandalags Íslands

Akureyri: **Sonja Ýr Þorbergsdóttir**, formaður BSRB

Egilsstaðir: **Jón Björn Hákonarson**, bæjarstjóri Fjarðabyggðar og stjórnarmaður í Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Ísafjörður: **Nichole Leigh Mosty**, forstöðumaður Fjölmenningsseturs

Umræður

Fundargestum er skipt upp í umræðuhópa sem fjalla um einstök viðfangsefni. Hver hópur kynnir niðurstöður sínar stuttlega í lok fundar.

Boðið verður upp á hressingu á fundunum.



Skannaðu inn
QR kóðann til
að skrá þig.

Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið

Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – Sími: 563 0339 – Blaðamenn: – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmondur Hansen vilmondur@bondi.is

Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – Sími: 563 0303

Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is – Sími smáauglýsinga: 563 0300 – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins. Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (24. tölublað) kostar þá kr. 12.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 8.000 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

SKOÐUN

Þetta er skoðun

Ég tel nokkuð einfalt fyrir meðalman að setja fram sannfærandi málflutning til að staðfesta skoðun sína. Upplýsingaóreiða er risastórt vandamál í dag. Fjölmiðlunin gerir ráð fyrir að fólk myndi sér svo skoðun út frá þeim upplýsingum sem það fær. En ábyrgð fjölmiðla byggir á að setja fram upplýsingar sem hægt er að byggja upplýsta skoðun á. Upplýst skoðun er samt annað en sannleikur.

Miklar tilfinningar og sterkar skoðanir fylgja umræðu um blóðtöku úr fylfullum hryssum hér á landi. Eftir að þýsk-svissnesku dýravendarsamtök sendu frá sér myndband voru blóðbændur, dýralæknar og afurðastöðin Ísteka úthrópuð sem dýraníðingar. Út frá myndbrotum mátti ráða að starfsemi sem felur í sér framleiðslu á PMSG byggir á óásætlanlegri kvalafullri meðhöndlun íslenskra hryssna.

Myndbandið varpar ekki fram heildstæðum sannleik. Það er framleitt til þess að renna stöðum undir ákveðinn málflutning.

Í viðtali í blaðinu halda starfsmaður og stjórnarmaður dýravendarsamtakanna því fram að hryssurnar séu í ástandi sem kallast lært bjargarleysi, sem felst í því að þær gefast upp gagnvart því ógnarástandi sem þær lifi við. Á málflutningi þeirra má ráða að ekki sé réttlætlanlegt að hryssurnar lifi við þær aðstæður sem þeim er búið hér á landi og meðhöndlaðar með blóðtöku. Þau telja framleiðslu á PMSG tímaskekkju. Markmið samtakanna er að stöðva framleiðslu á því.

Málflutningur þeirra er skoðun. Verkefni þeirra er að afla gagna sem staðfesta þá skoðun.

Ég var viðstödd blóðtöku á tveimur bæjum á dögunum. Í báðum tilfellum varð ég ekki vör við að merar sýndu atferli sem túlka mátti sem kvöl, angst eða hræðslu. Í reynd áttu þær til að nálgast fólk og blóðtökuaðstöðuna aftur eftir að þær luku meðferð. Þær komu aftur. Ég er enginn sérfræðingur, en ég myndi seint telja að þessar merar væru undir því oki að tilvera þeirra og hlutverk eigi ekki rétt á sér.

Þetta var skoðun sem ég byggði á upplifun.

Hér er hins vegar staðreynd: Starfsmenn dýravendarsamtakanna eru ekki sérfræðingar. Þau fara með myndbrot til valdra fagmanna sem tjá, í nafni stöðu sinnar, skoðun sína á því sem þau sjá. Skoðun. Þeir eru ekki sérfróðir á sviði landbúnaðarframleiðslu. Þetta eru ekki sérfræðingar um blóðmerahald og heldur ekki faglærðir matsmenn um starfsemina.

Þetta eru líka staðreyndir: Dýralæknar sem meðhöndla blóðmerar eru sérfræðingar á sínu sviði. Eftirlitskerfið hér á landi er einnig með fólk í vinnu sem hefur sína sértæku kunnáttu og reynslu. Blóðmerahald hefur verið stundað hér án stórfelldra affalla í fjörutú á.

Þetta er svo skoðun: Ég tel að fyrrnefndir aðilar ásamt bændunum, sem eiga hryssurnar, eru í samskiptum við þær allt árið og byggja sitt lífibráð á heilsu þeirra, séu betur í stakk búnir til að meta velferð þeirra en viðmælendur dýravendarsamtaka.

Hér er svo málflutningur sem ég byggði á skoðun: Sem fjölmiðlakonu er mér skylt að setja fram mína miðlun á hlutlausan hátt. Að afla lítilla upplýsinga og setja fram sundurslitið efni sem byggir á takmarkaðri þekkingu er ekki hlutlaust. Þvert á móti nærir það upplýsingaóreiðu.

Tökum dæmi. Eftirfarandi upplýsingar hef ég í höndum: Viðmælandi minn komst á snöðir um tilvist blóðmerarbúskapar í gegnum átaksverkefni sem unnið er af hálfu samtakanna, sem snýr að því að mótmæla og koma í veg fyrir flutning á lífhrossum. Þegar ég spurði um muninn á blóðmerarhaldi og reiðhrossahaldi í samhengi við umræðu um lært hjálparleysi sagði viðmælandi að það væri ekki hægt að bera djöfulinn saman við helvíti. Ég spurði ekki hvort þau væru á móti flutningi á lífhrossum frá Íslandi.

Fyrrnefndar upplýsingar varpa ekki fram heildstæðum sannleik. Þær eru engu að síður framreiddar til þess að renna stöðum undir ákveðinn málflutning.

/ghp

Gunnar Þorgeirsson

formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is



Í þessari viku er stjórn Bændasamtakanna, ásamt starfsfólki, í hringferð um landið til samtals við bændur.

Á heimasíðu samtakanna bondi.is, á samfélagsmiðlum og í útvarpi, hvar auglýsingar um fundina óma, er hægt að kynna sér hvar á landinu við verðum. Þema fundaraðarinnar að þessu sinni er Samtal um öryggi, þar sem meginsteifið verður umfjöllun og umræður um fæðuöryggi, öryggi bænda og afkomuöryggi. Það er mikil tilhlökkun hjá stjórn og starfsfólki Bændasamtakanna að hitta bændur og taka samtalið um helstu málefnið sem snúa að landbúnaði og starfskilyrðum bænda. Þegar þetta er ritað, höfum við þegar lokið góðum og gagnlegum fundum í Borgarnesi, Ísafirði og Húnaþingi vestra og á leið til fundar við Skagfirðinga. Það er von mín að þessir fundir verði okkur öllum til gagns þar sem við getum átt málefnalegt samtal um áskoranir í landbúnaði og þau mál sem við eigum að leggja áherslu á á komandi vikum og mánuðum í starfi samtakanna með hag bænda í fyrirrúmi.

Fram undan í starfi Bændasamtakanna

Að loknum sumarleyfum hófu þrír nýir starfsmenn störf hjá samtökunum en þau eru Sverrir Falur Björnsson hagfræðingur og Stella Björk Helgadóttir markaðsfræðingur. Þá hefur Gunnar Gunnarsson hagfræðingur verið ráðinn til að sinna sérverkefnum fyrir samtökin. Þau bæstast við öflugan hóp starfsmanna Bændasamtakanna og vil ég bjóða þau hjartanlega velkomin til starfa. Með ráðningu þessara starfsmanna erum við að leggja grunn að endurskoðun

Bændafundir



búvörusamninga sem er á grunni núgildandi samninga með endurskoðunarákvæði á árinu 2023. Mikilvægt er fyrir okkur að huga vel að undirbúningnum fyrir komandi endurskoðun og jafnframt leggja grunn að nýjum samningi 2026. Slíkur undirbúningur er afar mikilvægur í hagsmunabaráttunni til að við náum samfelli í áherslum bænda við framtíðarstefnu um fæðuöryggi, á sama tíma og atvinnugreininni er ætlað að draga úr kolefnisspori framleiðslunnar.

Í næstu viku flytja Bændasamtökin og Bændablaðið í nýtt skrifstofuhúsnæði á 4. hæð í Borgartúni 25. Mikil vinna hefur farið fram í að verða heilt ár að undirbúa flutning samtakanna úr húsnæðinu að Hagatorgi 1, Bændahöllinni, þar sem skrifstofa samtakanna hefur verið til húsa í að verða 60 ár. Þetta hefur tekið ansi mikinn tíma af starfsfólki samtakanna enda sagan löng og yfirfullar geymslur af alls kyns dóti sem endurspeglar þá löngu íveru sem samtökin hafa haft í húsnæðinu. Mikil af þessu dóti hefur fengið annað líf eða verið fundinn nýr samastaður fyrir sagnfræðinga framtíðarinnar.

Dagur landbúnaðarins og Landbúnaðarsýningin

Í fyrsta skiptið verður haldinn dagur landbúnaðarins, en hann mun fara fram þann 14. október nk. á Hótel Nordica. Framtíðin verður í fyrirrúmi á þessari fyrstu ráðstefnu samtakanna þar sem sjónum verður beint að fæðuöryggi, umhverfis- og loftslagsmálum og hringrásarhagkerfinu. Er það von mín að ráðstefnan verði að árlegum viðburði hér eftir, enda snerta málefni landbúnaðarinnar okkur öll.

Eftir hádegi sama dag verður svo stórsýningin Íslenskur landbúnaður haldin í Laugardalshöll, en sýningin mun standa yfir dagana 14.-16. október en Bændasamtökin munu bjóða félagsmönnum sínum til sýningarinnar.

Gert er ráð fyrir yfir 100 sýndum sem munu kynna alla þætti íslenskrar landbúnaðarframleiðslu og nýja búnaðartækni þannig að báðir aðilar, bæði framleiðendur og neytendur, hafi hag af. Síðasta sýning árið 2018 sló öll aðsóknarmet og er áhuginn fyrir sýningunni í haust síst minni.

GAMLA MYNDIN - ÞÚFNASKERI



Þúfnaskeri fyrir hestadrátt, einn nokkurra gerða sem smíðaðar voru héraendis. Myndin, sem er úr safni Árna G. Eylands, var sennilega tekin snemma á þriðja áratug síðustu aldar við hús Búnaðarfélag Íslands í Lækjargötu 14 í Reykjavík. Nafn þess sem heldur á skeranum er óþekkt.

Fornbílar og glímütök á Hvanneyrarhátíð

Fjöldmenni mætti á Hvanneyrarhátíðina laugardaginn 6. ágúst sl. Dagskrá hátíðarinnar var að vanda fjölbreytt og afþreyingin ekki af verri endanum. Fram fór keppni í dráttarvélaakstri og félagar í Fergusonfélaginu slógu tún á forndráttarvélum. Bjartmar Guðlaugsson og Torfi & Eva léku tónlist og Glímusamband Íslands stóð fyrir glímusýningu. Auk þess gátu gestir skoðað Landbúnaðarsafnið og Ullarselið. Handverks- og matarmarkaður var haldinn. Hátíðinni lauk svo með tónleikum og balli á Hvanneyri pub um kvöldið. /ghp



Íþróttafólk frá Glímusambandi Íslands sýnir glímubrögð. Myndir / Oddný Kristín Guðmundsdóttir



Guðmundur Bragi Borgarsson, var aðstoðarmaður í dráttarvélakeppninni.



Heiðar Örn Jónsson, eldvarnareftirlitsmaður og varaslökkviliðsstjóri Slökkviliðs Borgarbyggðar, keppti í staurakasti.



Félagar í Fergusonfélaginu slógu tún á forndráttarvélum.



Fylgst með viðburðum.



Gamlar landbúnaðarvélur voru til sýnis.



Magnús Magnússon, ritstjóri Skessuhorns, keppti í dráttarvélaakstri.

MÆLT AF MUNNI FRAM

303

Nú um stundir eru hvurslags langhlaup vinsæl um alla veröld og ekki síst hér á Íslandi. Ótal útfærslur má finna, ss. Laugavegshlaup, Dyrfjallahlaup, og fyrir skemmstu var hlaupið maraþon á Súlu við Akureyri og einnig á Ólafsfirði. Útfærslur eru mismunandi, og stundum gefinn kostur á styttri vegalengdum fyrir þá sem ekki eru alveg lungna- og liðamótalausir.

Í síðasta vísnaþætti Bændablaðsins átti **Davíð Hjálmar Haraldsson** allt efnið, en þar sem hlaupið var nýlega langhlaup á Ólafsfirði, og þá einmitt um Tröllaskaga, þá er viðeigandi að birta eina af limrum Davíðs, sem einmitt er sérstaklega tileinkuð hlaupandi fólki:

*Um fjallveg og fredjökul rann'ann
og fimmtíu maraþon vann'ann.
A hraðferð um Fljót
loks hrasaði um grjót
og tófan var fljótust og fann'ann.*

Okkur hjónum var nýlega boðið til kvöldverðar til vinafólks, og meðan beðið var matarins fór ég að snúðra í bókakosti heimilisins. Þar rakst ég á lítið ljóðakver eftir **Pál Vatnsdal** (1879-1946). Fullu nafni hét hann reyndar Páll Samúel Gíslason Vatnsdal. Foreldrar hans báðir ættaðir úr Fljótshlíð, en fæddur var Páll á Reyðarvatni á Rangárvöllum. Páll nam rafvirkjun, og vann sem slíkur alla sína ævi á Akureyri.

Eftir Pál liggur ofurlítið af lausavísu og einnig tilvitnað ljóðakver, Glettur, gefið út í 200 eintökum. Eftir Pál verður það sem lifir þessa þáttar. Um Aðalbjörn Pétursson, gullsmíð og einn af foringjum gamla kommúnistaflokksins á Siglufirði, orti Páll:

*Viðurkenndur kjaftahestur,
kommúnista skítakvörn.
Tilvonandi tugþúsgestur
tyrðilmennið Aðalbjörn.*

Mottó Páls:

*Óvini mína alla
óspart ég lýsi í bann.
Þó er mér í rauninni ekki
illa við nokkurn mann.*

Fegrunar meðalið:

*Mærin keypti meðalið
sem magnar fegurð líkamans.
Hún er að reyna að hressa við
hrákasmíði skaparans.*

Í vísnaþók stúlku orti Páll:

*Varla myndi vonsvikinn
né vænni hlut sér kjósa
- sá, sem fyndi fjörefnin
sem felast í þér Rósa.*

Um áfengisbölið:

*Burtu kastar flaskan frið,
flæmir ró úr landi.
Hleður lasta veginn við
vörður óteljandi.*

Ort til stúlku:

*Aldrei var við karlmann kennd,
-en kunní samt að spauga.
Dýrðleg gjöf frá Drottni send
dásemdín hún Lauga.*

Skáldið:

*Yngri Fúsi á Leirulæk
er leiður gestur.
Urðar-katta æðsti prestur,
andagiftar hrossabrestur.*

Um kveðskap sinn orti Páll:

*Snilli rúin, göllum gróin,
guðdómsneistinn hvergi sést.
Eldurinn og öskustóin
eflaust geyma hana best.*

Umsjón:
Árni Geirhjórtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com



FRÉTTIR

Afurðaverð vegna sauðfjárslátrunar haustið 2022:

Hækkun upp á 35% að meðaltali

– Hæsta verð komið í 751 krónu á kíló fyrir dilka

Sláturleyfishafar hafa nú allir gefið út uppfærðar verðskrár sínar fyrir sauðfjárslátrun haustsins.

Landsmeðaltalshækkun á afurðaverði til sauðfjábenda fyrir dilka hækkar um 35 prósent á milli ára, samkvæmt útreikningum Bændasamtaka Íslands, og er komið í 746 krónur á kíló.

Sláturfélag Vopnfirðinga gaf tóninn í lok júní með meðalverðshækkun upp á 31,4 prósent miðað við lokaverð á síðasta ári. Í ágúst hafa uppfærðar verðskrár borist jafnt og þétt, nú síðast frá Fjallalambi 18. ágúst og þar er hækkunin mest á milli ára, eða 43,5 prósent.

Landsmeðaltalshækkun fyrir fullorðið fé er 10,2 prósent.

Hæsta meðalverð er 751 króna á kíló

Hæsta meðalverðið fyrir dilka greiða

Kaupfélag Skagfirðinga og Sláturhús KVH, eða 751 krónu á kíló.

„Samkvæmt okkar útreikningum er hækkun á reiknuðu afurðaverði fyrir dilkakjöt um 35 prósent milli ára. Það má segja að við séum búin að ná til baka leiðréttingu á hrúni afurðaverðs sem var árin 2016 og 2017. Síðan ákvað ríkið í sumar að auka við stuðning til bænda til að koma til móts við takmarkalausr hækkunir á rekstrarkostnaði í landbúnaði. Þetta skiptir allt verulegu máli,“ segir Trausti Hjálmarsson, formaður deildar sauðfjábenda hjá Bændasamtökum Íslands.

Afkoman batnar þó ekki

„Hins vegar er staðan þannig að samkvæmt okkar greiningum er hækkun á framleiðslukostnaði meiri en sem nemur hækkun afurðaverðs að viðbættum auknum stuðningi ríkisins. Þannig að þrátt fyrir þessar aðgerðir allar er í lok dags afkoma

Reiknað afurðaverð í krónum fyrir hvert kíló

Sláturleyfishafi	Dilkar			Fullorðið				
	2019	2020	Breyting milli ára	2021	2019	2020	Breyting milli ára	2021
Fjallalamb	456	483	+6,9%	520	121	119	0%	119
Kaupfélag Skagfirðinga	480	507	+6,5%	540	138	140	0%	140
Norðlenska	461	504	+5,1%	530	111	113	+2,3%	115
SAH afurðir	462	502	+5,5%	530	114	115	0%	115
Sláturfélag Suðurlands	465	504	+3,9%	523	123	122	+3,2%	126
Sláturfélag Vopnfirðinga	467	506	+6,1%	537	117	118	0%	118
Sláturhús KVH	480	507	+6,5%	540	138	140	0%	140
Landsmeðaltal	469	504	+5,2%	530	125	124	+1,4%	125

Heimild: Bændasamtök Íslands

Útreikningar birtir með fyrirvara um villur. Komi í ljós innsláttarvillur, misfellur eða önnur augljós mistök áskilja Bændasamtök Íslands sér rétt til að leiðrétta og uppfæra útreikninga til samræmis við þær leiðréttingar hverju sinni.



Trausti Hjálmarsson, formaður búgreinadeildar sauðfjábenda hjá Bændasamtökum Íslands. Mynd / HKR.



kjör bænda og ganga fram með skýrar kröfur um að bændur njóti sömu launakjara og aðrar sambærilegar stéttir launamanna. Þar eigum við enn þá langt í land. Það er mikilvægt að við leitum allra tækifæra til að auka arðsemi í greininni.

Bændur hafa síðustu ár gengið langt í hagræðingu og búa að því núna. Það hefur verið bent á að hægt sé að ná hagræðingu í afurðageiranum, meðal annars með aukinni sjálfvirkni og annarri tæknivæðingu. Við verðum að grípa þessi tækifæri því á þeim grunni byggjum við upp öflugna sauðfjarrækt á Íslandi til framtíðar. /smh

bænda ekki að batna milli ára,“ haldi óbreytt áfram til að ná fram betri kjörum fyrir sauðfjábændur.

Hann segir að vinna þeirra

„Við þurfum að standa vörð um

Sterkur grunur um að sæðingahrútur dreifi bógkreppu

– Mest notaðaði hrútur sæðingastöðvanna síðastliðna tvo vetur

Sterkur grunur er um að sæðingahrúturinn Viðar 17-844 frá Bergsstöðum dreifi frá sér erfðagallanum bógkreppu.

Samkvæmt upplýsingum frá Eyþóri Einarssyni, sauðfjarræktarráðunauti hjá Ráðgjafarmíðstöð landbúnaðarins, hafa þegar borist tilkynningar frá þremur búum um alls fjögur lömb undan Viðari sem fæddustu vansköpuð.

Gallinn kemur í ljós hjá arfhreinum afkvæmum

Eyþór segir að bógkreppa sé víkjandi erfðagalli og kemur því einungis fram þegar bæði faðir og móðir bera erfðavísinn arfblendin og skila honum bæði til afkvæmisins sem er þá arfhreint fyrir gallanum og kemur þá vansköpunin í ljós.

Hann segir að þar sem arfblendnir einstaklingar leyni gallanum, þá geti hann verið búinn að dreifast talsvert áður en það uppgötvast að hann sé fyrir hendi í hjörðinni. Einkennin séu meðal annars þau að framfætur eru fremur stuttir, krepptir og snúnir. Lömbin komast því yfirleitt ekki á legg.

Afburðagóður lambafaðir

„Á öllum þessum búum er bógkreppa þekkt og hægt að rekja móðurættina í þekktu bógkreppugjafa. Þá hafa einnig komið fram upplýsingar um fjóra



Tilkynningar frá þremur búum benda til þess að hrúturinn Viðar 17-844 frá Bergsstöðum dreifi bógkreppu. Mynd /RML

syni Viðars sem gáfu bógkreppu í vor. Þetta er óneitanlega mikið áfall þar sem Viðar hefur verið talin afburðagóður lambafaðir og var mest notaði hrútur sæðingastöðvanna síðastliðna tvo vetur,“ útskýrir Eyþór.

„Í gangi er verkefni sem RML, Matís og Keldur standa saman að þar sem annars vegar slík lömb hafa verið krufin og gallanum lýst og hins vegar er verið að leita að erfðavísinum sem veldur þessu.

Í gegnum þetta verkefni voru send sýni í sumar til Nýja-Sjálands til arfgerðargreiningar. Vonandi mun það skila því að hægt verði í

framtíðinni að prófa fyrir þessum galla. Enn er það alls ekki í hendi að það takist. Vonandi skýrist það síðar í haust hvort hægt verði að staðsetja erfðavísinn. Bændur eru því hvattir til þess að fara varlega í að framrækt gripi sem taldir eru að beri slíka erfðagalla, það er í raun leikur að eldi.

Ef menn eiga gripi undan Viðari er því ráðlegt að setja ekki á undan þeim – a.m.k. ekki fyrr en það lánast að finna erfðavísinn sem veldur bógkreppu og hægt verður að prófa fyrir hvort gallinn sé til staðar,“ segir Eyþór enn fremur. /smh

TGB
Play different

Hraunhaf fagnar nýju eldgosu með kraumandi heitu gos tilboði.



Verð áður 1.930.000 m.vsk

- 561cc mótör 45 hestöfl
- Rafmagnsstýri
- Spil 3000lbs
- 4wd/2wd með driflæsingum að framan
- Dráttarkrökur
- Hátt og lágt drif
- 18l bensintankur
- 12" Alfegur / 25" Kenda Bighorn
- T3b dráttavélarskráning

Gos tilboð: 1.830.000kr m.vsk.

HRAUNHAF

www.hraunhaf.is / info@hraunhaf.is
696-5198 / 898-2663

Bændablaðið

Kemur næst út 8.september

Abloy
1907

Snemma á 20. öldinni, í Finnlandi, verður diskasýlinderinn til, undir vörumerkinu Abloy. Það þótti mikil framför og merk þróun í heimi læsinga. Abloy framleiðir enn öryggislæsingar sem byggja á sömu tækni.



Öryggi er lykilatriði

Frá alda öðli hefur þótt nauðsynlegt að geta lokað og læst. Elstu lásar sem fundist hafa eru egypskir, úr tré og eru nokkur þúsund ára. Í meira en 100 ár hafa Vélar og verkfæri verið fremst fyrirtækja á Íslandi í sölu og þjónustu á lásunum, lyklum, hurðarhúnum og íhlutum.

Hjá okkur fást öll þekktustu vörumerki heims á sviði læsinga;

ASSA ABLOY, Abloy og Yale. Sérfræðingar Véla og verkfæra og Lykillausna taka vel á móti öllum þeim sem þurfa að opna, loka, læsa, jafnt dyrum sem gluggum - af öryggi.



Yale[®] smart
Living

Tæknin og rafmagnið er nú í lykilhlutverki, við opnum hiklaust dyr með snjallsímum og nándar-yklum. Gamli góði lykillinn er þó alltaf hafður innan seilingar, til öryggis og vara.



ASSA ABLOY

Ein af nýjungum samtímans er eCliq frá ASSA ABLOY sem gefur möguleika á aðgangsstýringu án þess að leggja rafmagn.

Assa lykillinn þekkjum við eflaust öll, fyrirtækið sem framleiðir þá er sameinaða fyrirtækið ASSA ABLOY.



 **LYKIL
LAUSNIR**
Lyklasmíði & öryggiskerfi

Lykillausnir, Skútuvogi 1E, sími 533 2900

 **VÉLAR &
VERKFÆRI**

Vélar og verkfæri, Skútuvogi 1C, sími 550 8500

FRÉTTIR

Bora fyrir heitu vatni við Laugarvatn

Í sumar hefur verið unnið að borun svokallaðra hitastigulshola á Laugarvatni.

Um er að ræða rannsóknarboranir til að ákvarða hvar vænlegast sé að bora eftir heitu vatni. ÍSOR hefur unnið með Bláskógaveitu að kortlagningu jarðhita á Laugarvatni og mun gera tillögu að staðsetningu borholu eftir mat á niðurstöðum umræddra rannsóknarborana.

„Nauðsynlegt er að tryggja nægilegt magn af heitu vatni, enda er þörf á því, bæði vegna fjölgunar íbúða á Laugarvatni og fyrirhugaðrar stækkunar Fontana, auk þess sem sumarhúsafélög í nágrenni Laugarvatns hafa sýnt áhuga á að tengjast hitaveitu,“ segir Kristófer



Árni Hjaltason sá um borunina á Laugarvatni. Mynd / Bláskógabyggð

Tómasson, sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs Bláskógabyggðar. /MHH



Á árinu hafa selst hátt í tuttugu kerfi sem ýmist eru kölluð niðurlagningarbúnaður eða slöngudreifingarkerfi. Til ársins í ár hefur salan á kerfum sem þessum verið óveruleg. Mynd / Ingvi Þór Bessason

Þjónustujöfnuður jákvæður en vöruskiptajöfnuður neikvæður

Verðmæti þjónustuútlutnings í maí 2022 er áætlað 58,4 milljarðar króna og að það hafi tvöfaldast frá því í maí 2021 á gengi hvors árs. Áætlað er að vöruútlutningur hafi verið neikvæður um 19 milljarða.

Samkvæmt því sem segir á heimasíðu Hagstofu Íslands er gert ráð fyrir að verðmæti útlutnings vöru- og þjónustuviðskipta hafi verið 1.442,2 milljarðar króna á síðustu tólf mánuðum og hafi aukist um 41% miðað við tólf mánuðina þar á undan.

Tekjur af samgöngum og flutningum 18,5 milljarðar

Áætlað er að verðmæti innflutnings vöru- og þjónustuviðskipta fyrir sama tímabil hafi verið 1.532,5 milljarðar og hafi aukist um 44% miðað við tólf mánuði þar á undan. Því er áætlað að uppsafnaður vöru- og þjónustujöfnuður fyrir síðustu tólf mánuði hafi verið neikvæður um 90,3 milljarða króna samanborið við 41,2 milljarða neikvæðan jöfnuð fyrir tólf mánuðina þar á undan.

Áætlað er að tekjur af samgöngum og flutningum hafi verið 18,5 milljarðar króna í maí síðastliðinn og að þær hafi meira en tvöfaldast miðað við maí 2021. Verðmæti annarra þjónustuliða í útlutningi er talið hafa verið 13,1 milljarðar í maí og að það hafi dregist saman um 7% frá því í maí árið áður.

Útgjöld vegna ferðalaga erlendis 18,3 milljarðar

Verðmæti þjónustuinnflutnings í maí er áætlað 49,3 milljarðar króna og

að það hafi aukist um 89% frá því í maí 2021 á gengi hvors árs. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna ferðalaga Íslendinga erlendis hafi verið 18,3 milljarðar í maí og hafi aukist verulega samanborið við maí árið áður. Hvað útgjöld vegna samgangna og flutninga varðar er áætlað að þau hafi verið 8,9 milljarðar í maí og hafi aukist um 57% miðað við maí 2021. Þá er áætlað að verðmæti annarra þjónustuliða í innflutningi hafi verið 22,1 milljarðar í maí og hafi aukist um 42% frá því í maí fyrir ári. Þjónustujöfnuður var því jákvæður um 9,1 milljarð króna í maí.

Gert er ráð fyrir að verðmæti þjónustuútlutnings á tólf mánaða tímabili, frá júní 2021 til maí 2022, hafi verið 567,7 milljarðar króna og hafi aukist um 64% miðað við tólf mánaða tímabilið þar á undan. Á sama tímabili er áætlað að verðmæti þjónustuinnflutnings hafi verið 472,2 milljarðar og hafi aukist um 61% miðað við tólf mánaða tímabilið þar á undan.

Áætlað er að vöruútlutningur í greiðslujöfnuði hafi verið 93,1 milljarðar króna í maí 2022 en vöruinnflutningur 112,2 milljarðar. Fyrir vikið er gert ráð fyrir að vöruskiptajöfnuður í greiðslujöfnuði hafi verið neikvæður um 19 milljarða króna. Verðmæti útlutnings vöru og þjónustu í maí 2022 er því áætlað 151,5 milljarðar króna og að það hafi aukist um 65% miðað við sama mánuð 2021. Verðmæti innflutnings vöru- og þjónustuviðskipta á sama tíma var 161,4 milljarðar og jókst um 65% miðað við sama mánuð 2021.

/VH

Margföld sala á niðurlagningarbúnaði

– Mikil sala á búnaði sem bætir nýtingu köfnunarefnis úr skít

Það sem af er ári hefur slöngudreifingar- eða niðurlagningarbúnaður fyrir haugsugur selst í tugatali.

Fram til ársins í ár var þessi búnaður nær óþekktur á Íslandi. Þessi aukni áhugi skýrist af hækkuðu verði á tilbúnum áburði og vilja bænda til þess að ná fram betri nýtingu á þeim áburðarefnum sem eru heima á bæ.

Algengasta aðferðin við dreifingu á mykju er svokölluð breiddreifing, þar sem mykjan frussast aftur úr haugsugunni. Þessi aðferð er í eðli sínu ónákvæm og mikill hluti af köfnunarefninu gufar upp við svona mikla loftun. Veður hefur mikil áhrif á nákvæmni og gæði breiddreifingar; en það getur verið mikill munur á vinnslubreidd eftir vindstyrk og loftrakin hefur áhrif á það hversu vel köfnunarefnið nýtist.

Með slöngudreifingu eru flest þessi vandamál úr sögunni. Aftan á

haugsuguna er festur búnaður með 20-40 slöngum þar sem endinn er ýmist dreginn eftir yfirborðinu eða hangir í lítilli hæð. Mykjan er því lögð mjúklega á völlinn og uppgufunin á köfnunarefninu verður mjög lítil í samanburði við hefðbundna breiddreifingu. Þar með helst lyktmengun í lágmarki, dreifingin er jöfn í öllum slöngunum og vinnslubreiddin er alltaf sú sama. Mismunandi veðurfar veldur litlum breytileika í gæðum dreifingarinnar, nema helst ef bændur lenda í langri þurrkatíð eftir áburðargjöfina.

Vélasalar segja sprengingu í sölu

Finnbogi Magnússon, framkvæmdastjóri Vinnuvéla og Ásafis ehf., hefur selt landbúnaðartæki um áratugaskeið. Hann giskar á að heildarmagn slöngudreifara sem voru í notkun í landinu til ársins í ár hafi verið á bilinu fimm til átta.

Á undanförunum mánuðum hafa Vinnuvélar og Ásafil ehf. hins vegar selt tvö svona kerfi og fyrirspurnir bænda eru fjölmargar.

Ingvi Þór Bessason, sölumaður hjá Þór ehf., segir að þessi kerfi hafi varla selst á fyrri árum. Í ár hafi hins vegar orðið sprenging í áhuga og sölu. Það sem af er ári hefur Þór ehf. selt 7 niðurlagningarbúnaði og segir Ingvi líklegt að enn bætist í fram að áramótum.

Jóhannes Kjartansson, sölumaður hjá Lely Center, segir að þar á bæ hafi verið seld tæplega tíu stykki það sem af er ári og hann á von á að það seljist annað eins fram að áramótum. „Við höfum boðið upp á þennan búnað áður, en það hefur ekki verið áhugi á þessu fyrr en núna. Þetta útheimtir mjög lítið afl og það er hægt að nota þetta með öllum dráttarvéllum sem ráða á annað borð við haugtank,“ segir Jóhannes. /AL

Lítill sláturhús á lögbylum:

Engar fleiri leyfisveitingar frá síðasta ári

Unnið er að því að gefa þremur sauðfjárbúum varanlegt leyfi til heimaslátrunar hjá Matvælastofnun, en frá því í fyrra hafa engar fleiri umsóknir um slík rekstrarleyfi borist.

Frá síðasta hausti hafa sauðfjábændur átt kost á því að sækja um leyfi til Matvælastofnunar um heimild til slátrunar heima á bæjum til markaðssetningar og sölu á sínum afurðum, samkvæmt reglugerð sem gefin var út í maí á síðasta ári um lítill sláturhús á lögbylum.

Í síðustu sláturtíð höfðu þrjú sauðfjábú fengið þessa heimild, Birkihlíð í Skagafirði, Grímsstaðir í Reykholtssdal og Lindarbrekka í Berufirði, en þau tvö fyrirtölu þeirra nýttu sér hana. Fyrir komandi sláturtíð hefur ekki bæst við þennan fjölda.

Skrifinnaska og kostnaður

Með þessari heimild hefur sauðfjábændum verið gefinn sá kostur að hafa alla virðisbætur í vinnslu og sölu sauðfjárafurða sinna í eigin höndum.



Á Grímsstöðum í Reykholtssdal verður áfram rekið lítið sláturhús.

Til að fá þessa heimild þarf aðstaða til slátrunar og kjötvinnslu að vera fullnægjandi samkvæmt reglum.

Breytingar á húsakosti geta falið í sér talsverðan kostnað auk þess sem leyfisveitingunni fylgja skyldur um skýrsluhald utan um rekstur sláturhússins, en þetta er talið geta skýrt það hvers vegna ekki fjölgar í þessum hópi.

Hátt afurðaverð

Eftir talsverðu getur verið að slægjast fyrir bændur sem eiga þennan kost, því dæmi er um að afurðaverð fyrir lambskrokkinn sé um 25 þúsund krónur að meðaltali fyrir bændur sem sláttra, vinna og selja sínar afurðir beint frá býli. A mótí kemur að talsvert meiri vinna fylgir þessu fyrirkomulagi. /smh



Er hjólið klárt fyrir göngurnar í haust?

Pantaðu varahluti fyrir Honda fjórhjólið tímanlega í síma 590 2150 eða á varahlutir@askja.is.

ASKJA Askja • Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík • 590 2100 • askja.is



Hrein íslensk fæðubót frá Eylíf

Eylif vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó

Ókeypis heimsending á eylif.is ef keypt er fyrir 7000 kr eða meira



Ólafía Ingólfssdóttir

Ólafía er 69 ára og starfaði sem rekstrarstjóri á N1 á Hvolsvelli. „Ég vann langar vaktir, var mikið á ferðinni og var orðin mjög slæm í hnénu að ég tók stundum hátt í 10 verkjatöflur á dag og svaf mjög slitrótt vegna verkja. Ég var á leiðinni í hnéliðskipti þegar ég byrjaði að taka Active JOINTS síðasta sumar. Ég sá auglýsingu með Active JOINTS frá Eylíf og hugsaði með mér ég hef engu að tapa og ákvað að prófa vöruna.

Það var alveg ótrúlega góður árangur sem ég fann fljótlega eða eftir ca 2-3 vikur. Í september þá var ég farin að sofa betur og var orðin það góð að ég þurfti ekki lengur að taka verkjatöflur alla daga.

Ég finn svo mikinn mun á mér, mér líður svo miklu betur, ég hef miklu meiri liðleika sem eru mikil lífsgæði fyrir mig. Núna fer ég í jóga og get gert allar æfingar sem ég gat aldrei gert áður. Mér finnst orðið svo auðvelt að hreyfa mig og núna get ég gengið um allt án vandræða, sem ég gat ekki gert áður“.

Svo er gaman að segja frá því að það eru tíu manns í kringum mig sem eru einnig að taka inn Active JOINTS og finna líka mikinn mun á sér líkamlega til hins betra.

Þetta er það allra besta bætiefni sem ég hef tekið inn. Ég mæli 100% með Active JOINTS frá Eylíf.

Þar sem ég hef fulla trú á virkni íslensku efnanna þá er einnig byrjuð að taka inn Smoother SKIN & HAIR frá Eylíf og finn strax mun á hárinu því ég var búin að glíma við hárlos, finn einnig mun á húðinni og nöglum.

Ég mæli 100% með vörunum frá Eylíf.



Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, **Active JOINTS**, **Stronger BONES**, **Smoother SKIN & HAIR**, **Happier GUTS** og nýjasta varan er **Stronger LIVER**, allt vörur sem hafa reynst fólki vel. Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík. Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi vörulínunnar Eylíf, en hugmyndin að henni kom til vegna þess að hana langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem eru framleidd á á Íslandi á sjálfbæran hátt frá náttúrulegum auðlindum á Íslandi og auka þannig aðgengi fólks að þessum gæðahráefnum. Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Matís.

„Vinsælasta varan er Active JOINTS sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á staðfesta virkni þeirra“ segir Ólöf Rún. „Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúruafurð, hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum. Öll framleiðsla Eylífar fer fram á Grenivík.

„Við vitum öll að heilsan er dýrmætust því er svo mikilvægt að gæta vel að henni og fyrirbyggja ýmis heilsuvandamál. Heilbrigð melting er grunnurinn að góðri heilsu, þess vegna vildum við hjá Eylíf bjóða upp á hágæðavöru fyrir meltinguna, **Happier GUTS**“ segir Ólöf Rún.

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungur frá Bildudal
- Smáþörungur (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica frá Hellisheiði
- Kollagen frá Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtindar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði

Hreint óerfðabreytt hráefni Íslensk framleiðsla

Heilsan er dýrmætust

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.

Þórdís S. Hannesdóttir

Ég mæli eindregið með **Happier GUTS** frá Eylíf það hefur reynst mér mjög vel. Ég hef alltaf verið með lata þarmastarfsemi og hef verið að prófa ýmislegt í gegnum tíðina til að laga meltinguna en var bara hætt að hugsa um þetta því ekkert virtist koma að gagni og ég hugsaði bara „ég er bara svona og lítið við því að gera“.

Ég var svo heppin að kynnast **Happier GUTS** nýlega eftir ábendingu um að þetta virkaði vel, en ég var búin að vera í langri hvíld frá öðrum bætiefnum. Ég ákvað ég að prófa **Happier GUTS** sem ég sé ekki eftir, því eftir ca 2ja mánaða notkun fann ég gríðalegan mun á mér, allt annað líf en áður. Ég mæli eindregið með **Happier GUTS** því það hefur hjálpað mér mjög mikið.



Guðrún Jónsdóttir

Guðrún segist hafa fundið fyrir ýmsum óþægindum árum saman.

„Þrátt fyrir að ég hafi farið í vel heppnaða hnéaðgerð hef ég veriðgjörsamlega ónýtt í líkamanum og gat varla gengið vegna mikils sársauka. Ég hafði farið til læknis og prófað að taka inn ýmis konar náttúruvefni sem áttu að hjálpa og sömuleiðis hef ég farið í endurhæfingu. Það hjálpaði mér talsvert, en óþægindin héldu áfram að hrjá mig,“ bætir hún við.

Guðrún sá umfjöllun og ummæli um Active JOINTS frá Eylíf heilsuvörum

„Ég las innihaldslýsingar og þær hvöttu mig til að prófa. Einnig hafði vinkona mín mælt með **Active JOINTS**, svo það var ekkert annað í stöðunni en að prófa. Vá, hvað ég er þakklát, því eftir einungis tvær vikur var eins og ég væri leyst úr fjötrum, eða bönd hefðu verið skorin utan af mér. Allar mínar hreyfingar urðu auðveldari og án óþæginda,“ segir hún.

Guðrún segist finna örliðið fyrir öðru hnénu, en að öðru leyti sé þetta nýtt og betra líf. Undanfarið hef ég ekki getað stundað æfingar vegna COVID-19. „Það eru tveir mánuðir síðan ég byrjaði að taka inn **Active JOINTS** og ég get gengið um í dag, sem ég gat ekki áður með góðu móti. Fyrr í vetur hélt ég að ég væri útrunnin, en svo er aldeilis ekki. Ég get því hiklaust mælt með **Active JOINTS** frá Eylíf. Það sem ég hef upplifað er stórkostleg og ég þreystist því ekki á að dásama þessa vöru.“



FRÉTTIR



Matvælaráðuneytið er til húsa í Borgartúni 26. Innan þess er nú skoðað hvort tilefni sé til að koma á fót undirstofnun eða ráðuneytisstofnun sem verði falin dagleg umsýsla með landbúnaðarmálum. Mynd /Matvælaráðuneytið

Matvælaráðuneytið:

Möguleg undirstofnun landbúnaðarmála

Í byrjun ágúst skilaði Ásgerður Snævarr lögfræðingur skýrslu til matvælaráðherra um úttekt á lagaumgjörð og stjórnslu matvælaráðuneytisins.

Í kafla skýrslunnar um stjórnslu kerfi kemur fram að skortur sé á faglegri undirstofnun sem fer með daglega umsýslu og framkvæmd á sviði landbúnaðarmála.

Skýrslan var gerð að beiðni Svandísar Svavarsdóttur matvælaráðherra og er tilgangur hennar að treysta faglegan grundvöll stjórnslu matvælaráðuneytisins.

Matvælaráðuneytið tók til starfa 1. febrúar síðastliðinn. Ráðuneytið sinnir þeim verkefnum sem áður heyrðu undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, auk málefna landgræðslu og skógræktar.

Landbúnaðarstofnun sambærileg Matvælastofnun

Í kaflanum um stjórnslu kerfi kemur fram að á sviði matvæla sé fjölmenn undirstofnun [Matvælastofnun] sem fari með helstu málefni á því sviði, en engin

sambærileg opinber undirstofnun fari með málefni landbúnaðar, þar sem stjórnslu sé að verulegu leyti á höndum ráðuneytisins sjálfs og einkaaðila – aðallega Bændasamtaka Íslands. Er þess getið að ríkisendurskoðun hafi bent á ágalla af slíku fyrirkomulagi árið 2011.

Því er í skýrslunni lagt til að lagt verði mat á hvort tilefni sé til þess að koma á fót undirstofnun eða ráðuneytisstofnun sem verði falin dagleg umsýsla með landbúnaðarmálum.

Þá er lagt til meðal annars að metið verði hvort elstu lagabálkar á málefna sviði ráðuneytisins uppfylli þær kröfur sem í dag megi leiða af stjórnarskrá og þjóðréttarlegum skuldbindingum. Einnig „að mótað verði verklag um skipulegt frumkvæðisefirlit ráðuneytisins með framkvæmd stjórnarmálefna á málefna sviði þess, þ.m.t. eftirlit með einkaaðilum sem fara með framkvæmd opinberra verkefna á grundvelli valdaframsals eða þjónustusamninga,“ eins og það er orðað í skýrslunni.

/smh



Sunna Skeggjadóttir og aðstoðarmenn hennar leggja út tilraun í Gunnarsholti með 76 yrkjum af vetrarafbrigðum repju og nepju. Til vinstri má sjá muninn á vexti vetrarafbrigðis miðað við sáðtíma, þar er plöntur úr fyrri sáðtímanum eru færri en með fleiri hliðarsprotta heldur en plöntur sem sáð var 20 dögum síðar. Myndir / ghp & SS

Landbúnaðarrannsóknir:

Metfjöldi yrkja í prófun

– Tilraunir á olíujurtum í gangi víða um land

Haustið verður annartími hjá starfsmönnum Jarðræktar- miðstöðvar Landbúnaðarháskóla Íslands þegar þau ferðast víðs vegar um landið og uppskera aragrúa tilrauna sem skólinn hefur umsjón með.

Þar má nefna rannsóknir á olíujurtum en nokkrar tilraunir með þær miða að því að leggja grunn að markvissri ræktun á repju og nepju.

Áframhaldandi rannsóknir á ræktun olíujurtanna repju og nepju hér á landi ganga m.a. út á að finna hentug vetraryrki sem lifað geta af íslenskan vetur. Helstu nytjar plöntunnar er matarolífa ásamt orkuríku hrati sem er verðmætur próteingjafi fyrir skepnur.

Niðurstöður frá tilraun sem uppskorin var haustið 2021 benda til þess að áburður að hausti skiptir miklu máli þegar kemur að lifun um veturinn og hvernig plönturnar koma undan vetri á vorin. Komi plönturnar vel undan vetri eru þær líklegri til að ná fullum þroska að hausti og skilað þar með góðri uppskeru.

Nýlega var lögð út yrkjatilraun í Gunnarsholti þar sem sáð var alls 76 yrkjum af vetrarafbrigðum af repju og nepju í smáreiti. Aldrei áður hefur slíkum fjölda verið sáð áður, en yrkin koma víðs vegar að úr heiminum eins og frá Bandaríkjunum, Þýskalandi, Póllandi og Svíþjóð en einnig er eitt yrki frá Kúbu í tilrauninni.

Sunna Skeggjadóttir, starfsmaður Jarðræktarmiðstöðvarinnar, gerir ekki ráð fyrir að þau muni öll lifa af veturinn.


„Vetrarlifun er einn allra mikilvægasti eiginleikinn í ræktun á vetrarafbrigðum og skemmtilega auðvelt að meta hvort það lifir veturinn af eða ekki.“

Tilraunin verður uppskorin og mæld haustið 2023 og niðurstöðurnar munu leiða í ljós hvort einhver yrkjanna henti íslenskum aðstæðum.

Næsta vor er svo stefnt á að sá nokkrum fjölda af erlendum vorafbrigðum í sama tilgangi.

Sáðtími og staðsetning hafa áhrif

Önnur tilraun snýr að sáðtíma og notkun áburðar við ræktun vetrarafbrigða. Tilraunin var lögð út sumarið 2021 og benda fyrstu niðurstöður til þess að vaxtarferill



Akur olíujurta í blóma en helstu nytjar repju og nepju er matarolífa ásamt orkuríku hrati sem er verðmætur próteingjafi fyrir skepnur.



Yrkin koma víðs vegar að úr heiminum eins og frá Bandaríkjunum, Þýskalandi, Póllandi og Svíþjóð en einnig er eitt yrki frá Kúbu í tilrauninni.

plantna sé talsvert ólíkur eftir sáðtíma.

„Plönturnar úr fyrri sáðtímanum eru færri í reit og gefa af sér fleiri hliðarsprotta heldur plöntur sem sáð var 20 dögum síðar. Í seinni sáðtímanum eru plönturnar fleiri, hærri og með færri hliðarsprotta. Því verður mjög spennandi að uppskera í haust og reikna út niðurstöður,“ segir Sunna.

Enn önnur tilraun snýr að því að bera saman uppskeruniðurstöður þriggja vorafbrigða nepju og repju á fjórum stöðum á landinu. Þeir eru Klauf í Eyjafirði, Keldudalur í Skagafirði, Hvanneyri í Borgarfirði og Gunnarsholt á Rangárvöllum. Þar verður hægt að sjá hvernig veðurfar og ólíkar jarðvegsgerðir hafi áhrif á þroska plantna og síðan fræupskeru.

„Vorafbrigðin hafa styttri vaxtartíma en vetrarafbrigðin. En vorafbrigðin þarf hins vegar að

uppskera seinna á haustin. Því þarf að líta til hvaða afbrigði skuli nota þegar kemur að landshluta með tilliti til haustveðurs,“ segir Sunna.

Þá nefnir hún einnig aðra tilraun sem hefur það markmið að kanna áhrif áburðarmagns á vornepju, en þar var einu yrki sáð á Hvanneyri og Gunnarsholti með mismunandi köfnunarefnumagn. Allir reitir fengu samt sem áður sama magn af P og K.

Kálfluga herjar á tilraunir

Að sögn Sunnu hafa allar tilraunir sumarsins orðið fyrir bardinu á kálflugu sem hefur sett nokkurt strik í reikninginn, en gæti þó borið með sér auknar upplýsingar í tilraunum.

„Áhugavert verður að sjá hvort eitthvert yrkjanna verður betur gegn kálflugunni en önnur. Einnig hvort áburðarmagn geti bætt upp skaðann af völdum kálflugu,“ segir Sunna. /ghp

Belti og undirvagnshlutir

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Gas lykkjubýssa

Frábær í girðingavinnuna og smíðina.

GERIÐ VERÐ-SAMANBURÐ

Kíktu á www.s-j.is

SKÚLASON & JÓNSSON
SKÚTUVOGI 6 | 104 REYKJAVÍK | SÍMI 568 6544 | www.s-j.is




YAMAHA

ÁREIÐANLEIKI

KRAFTUR

GÆÐI



TRAUSTIR VINNUPJARKAR OG LEIKFÉLAGAR



FJALLAKÓNGURINN » GRIZZLY EPS SE-1

700cc fjörgengis-4WD-H/L drif-
driflæsing-spil-rafmagnsstýri-
dráttarkúla-götuskráð-hvít númer
307kg eigin þyngd.

Verð: 2.560.000 kr.

40.597 kr.*

afborgun á mánuði **

■ Dökkgrænt - Aðalhjól ■ Svart - Fjallakóngurinn (nýr litur)



KODIAK 450 IRS 421cc-289kg-fjör-
gengis-4WD-H/L-drif-spil-dráttar-
kúla-götuskráð-hvít númer.

Verð **1.750.000 kr. m/vsk**
Afborgun* 27.728 kr.***



Aukasæti fyrir fjórhjól með
rúmgóðu hólfaskiptu farangurs-
boxi.

Verð **89.890 kr. m/vsk**



Grizzly framstuðari fyrir Yamaha
fjórhjól.

Verð **92.760 kr. m/vsk**



Framrúða fyrir fjórhjól – hátt
gler sem gefur góða vörn gegn
vindi, úrkomu og óhreinindum.

Verð **49.890 kr. m/vsk**



Farangursbox fyrir fjórhjól á
framgrind.

Verð **54.950 kr. m/vsk**



Farangursbox fyrir fjórhjól á
afturgrind.

Verð **59.900 kr. m/vsk**



Kerra fyrir fjórhjól.

Verð **199.900 kr. m/vsk**



Kerrugrind fyrir fjórhjól.

Verð **119.900 kr. m/vsk**



*Afborganir miðast við Lykillán fyrir 75% af kaupverði til 60 mánaða frá Lykli fjármögnun. Vextir miðast við 8.5% breytilega vexti og eru tengdir við eins mánaða reibor vexti. Viðskiptavinir eru hvattir til að kynna sér lánaskilmála Lykillána á heimasíðu Lykils www.lykill.is. Árleg hlutfalltala kostnaðar – ÁHK er ** 10,39% - *** 10,47% - Öll verð innifela virðisaukaskatt.



ÞÆGILEGT GREIÐSLUFORM Á ALLRA FÆRI
Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | S: 540 49 00 | www.yamaha.is



FRÉTTIR

Fá 200 matarskammta daglega frá Reykjavík

Sveitarfélagið Bláskógabyggð hefur gert samning við Matartímann, sem er í eigu Sölufélags garðyrkjumanna, um mat fyrir mötuneytið í Aratungu.

Erfiðlega hefur gengið að ráða matræð í Aratungu að sögn Ástu Stefánsdóttur, sveitarstjóra Bláskógabyggðar.

„Tækifæri fólust í því að nýta ferðir grænmetisbílsins, sem kemur alla morgna í Reykholt að sækja afurðir til garðyrkjubænda, og fá máltíðir sendar frá Reykjavík.“

Um 200 manns borða í mötuneytinu í Aratungu þegar mest er, börn í leik- og grunnskóla í Reykholti, starfsmenn og eldri borgarar.

Auk þess er nokkuð um að eldri borgarar fái



Ásta Stefánsdóttir.

mat sendan heim. Um er að ræða bæði tilbúna rétti, sem starfsfólk sveitarfélagsins sér um að hita og einnig hráefni tilbúið til eldunar á staðnum.

/MHH



Hönnunarsamkeppni var haldin vegna byggingar nýja hjúkunarheimilisins en vinningstillagan kom frá BASALT arkitektum og EFLU verkfræðistofu.

Nýtt hjúkunarheimili á Höfn

Framkvæmdir hefjast í haust við byggingu á nýju 30 rúma hjúkunarheimili á Höfn í Hornafirði og á þeim að vera lokið árið 2024.

Um er að ræða viðbyggingu við eldra heimili, Skjólgarð, en þar eru nú 27 hjúkunararrými, flest í tvíþýli. Framkvæmdir er annars vegar nýbygging upp á 1.400 fm að stærð og hins vegar breytingar á núverandi byggingu sem er 880 fm að stærð. Nýja hjúkunarheimilið verður byggt á lóð Heilbrigðisstofnunar Suðurlands við Víkurbraut. Heilbrigðisráðuneytið og Sveitarfélagið Hornafirður munu standa saman að byggingu hússins og breytingum sem gerðar verða á hluta eldra húsnæðis í tengslum við framkvæmdina. Áætlaður kostnaður

við verkið eru tæplega 2,5 milljarðar króna. Verkefnið verður fjármagnað þannig að ríkissjóður greiðir 75,3% heildarkostnaðar en Sveitarfélagið Hornafirður 24,7%.

Glaður bæjarstjóri

„Við erum í skýjunum. Að sjá til lands í svona mikilvægu baráttumáli er mikið gleðiefni en líka mikill léttir. Okkur sviður að vita til þess að gamla fólkið okkar skuli búa við aðstæður, sem eru engan vegin ásætlanlegar og að hægivirni og flækjustig stjórnsýslunnar skuli koma niður á þeim. En nú gleðjumst við og vonumst til að geta tekið fyrstu skóflustunguna fljótlega,“ segir Sigurjón Andrésson, bæjarstjóri í Hornafirði. /MHH



Tinger Armor

Eigum til á lager þessi frábæru farartæki, sem henta nánast við allar aðstæður.t.d Landbúnað-björgunarsveitir-slökkvilið-línuviðgerðir á hálendinu-verktakar ofl. Góð burðargeta-skráður fyrir 6 á landi en 4 á vatni. Mjög hagstæð verð.



Skutull ehf.
S. 517-9991 & 842-1314

Auglýsti eftir upplýsingum um huldufólk í Bændablaðinu:

Norskur meistaranemi rannsakar íslenska þjóðtrú

Oline Trondsdotter Jahren, meistaranemi í félagsmannfræði við Háskólann í Þrándheimi, auglýsti í síðasta tölublaði Bændablaðsins eftir því að komast í tengsl við fólk sem hefur reynslu af álfum og huldufólki og gæti vísað á þekkt álagabletti.

Oline hefur alltaf haft mikinn áhuga á Íslandi og hefur oft gert sér ferð hingað. Þegar kom að því að gera lokaritgerð þá var Oline búin að ákveða að verkefnið ætti að vera gert á Íslandi. Afi hennar, Birgir Þórhallsson, var íslenskur þannig að hún er með fjölskyldutengsl við landið. Sjálf er Oline uppalin í Sande í vestanverðum Óslóarfirðinum.

Áhugavert viðfangsefni

Það voru nokkur rannsóknarverkefni sem komu til greina, til að mynda að kanna áhrif ferðapjónustunnar á samfélagið. Vinur Oline kom hins vegar með þá uppástungu að rannsaka íslenska álfatrú.

„Fyrst hélt ég að þetta væri brandari hjá honum, en hann sagði að þetta væri raunverulega áhugavert viðfangsefni. Eftir að hafa leitað mér að upplýsingum á netinu þá sá ég að þetta væri eitthvað sem ég gæti unnið með og áhugavert í ljósi tengingar minnar við Ísland,“ en hún hefur verið við gagnaöflun á Íslandi frá því í vor.

Fékk jákvæð viðbrögð

Þegar kom að því að finna sér viðmælendur þá mæltu kunningjar hennar á Íslandi með því að hún setti auglýsingu í Bændablaðið. „Þar



Lesendur Bændablaðsins brugðust vel við auglýsingu Oline, en viðbrögðin voru mest á landsbyggðinni. Mynd / Aðsend



Oline Trondsdotter Jahren hefur rannsakað íslenska þjóðtrú í sumar. Mynd / AL

sem að blaðið kemur ekki út nema á tveggja vikna fresti þá fannst mér líklegt að fólk gæfi sér góðan tíma til að lesa auglýsingarnar. Einnig skilst mér að líklegra sé að finna fólk sem hefur reynslu af huldufólki úti á landsbyggðinni.“

Oline hefur þegar fengið nokkurt magn upplýsinga og hefur hún farið í hringferð um landið til að hitta viðmælendur. Eftir að hún setti auglýsingu í blaðið hafði bóndi á Norðurlandi samband og bauðst til að hýsa hana í nokkra daga.

„Hann keyrði svo með mig um sveitina þar sem við skoðuðum staði tengda huldufólki. Svo hittum við fólk sem hann vissi að hefði sögu að segja,“ segir Oline.

Oline snýr til Noregs í lok september og ætlar hún að nýta veturinn til þess að vinna úr þeim gögnum sem hún hefur safnað á Íslandi í sumar.

„Mér hefur tekist að safna miklu efni í rannsóknina, en ég vil gjarnan fá að heyra í fleirum. Rannsóknarspurningin hjá mér er ekki alveg fullmótuð, þannig að ég er opin fyrir flestum nálgunum á þetta viðfangsefni.“

Hægt er að ná í hana í síma +47 414 65 564 eða í gegnum netfangið olinej@stud.ntnu.no. /AL

Landbúnaðarsýning í október:

Sýningarsvæðið nánast uppþókað

Stórsýningin Íslenskur landbúnaður 2022 verður haldin í Laugardalshöllinni dagana 14.–16. október nk. Að sögn framkvæmdastjóra sýningarinnar er markmiðið að kynna íslenskan landbúnað og leiða saman fyrirtæki og einstaklinga sem starfa í atvinnugreininni.

Ólafur M. Jóhannesson hjá sýningarfyrtækinu Ritsýn sf. er framkvæmdastjóri sýningarinnar.

„Sýningin er nánast uppseld og það er greinilegt að það er mikill þröttur í íslenskum landbúnaði. Fjölbreytni landbúnaðarins er afar mikil og gróska og nýsköpun. Sýningin mun endurspeglja þessa miklu grósku og þá má ekki gleyma því að á óróa- og stríðstímum verður landbúnaður á heimagrund stöðugt mikilvægara öryggistæki. Við erum líka í mjög góðri samvinnu við Bændasamtök Íslands sem munu bjóða félagsmönnum sínum á sýninguna. Einnig bjóðum við sýningarfyrtækjunum eins marga boðsmíða og hentar sem er mjög vinsælt og dregur viðskiptavinum að sýningunni.“

Ólafur segir að á sýningunni verði íslenskar landbúnaðarafurðir kynntar auk þeirrar tækni sem nú er til staðar í íslenskum búskap.

„Það er engin spurning að landbúnaðarsýningin mun lyfta íslenskum landbúnaði og ljóst að stefnir í sannkallaða stórsýningu í haust. Seinasta sýning var haldin 2018 og sló hún öll aðsóknarmet í Laugardalshöllinni. Þá komu margir bændur að máli við mig og þökkudu fyrir sig. Þetta var einstaklega eftirminnilegt og man ég sérstaklega eftir einum gildum



Sindri Sigurgeirsson, fv. formaður Bændasamtaka Íslands, og Kristján Þór Júlíusson, fyrrum ráðherra landbúnaðamála, tókust á í mjöltum á landbúnaðarsýningunni árið 2018. Myndir / Aðsendar



Ólafur M. Jóhannesson er framkvæmdastjóri sýningarinnar.

bónda að norðan sem sagði að gott væri að fá að sýna hvað býr í íslenskum landbúnaði því nóg væri um úrtöllumenn. Slík ummæli eru sannarlega gleðiefni og við göngum bjartsýn til stórsýningarinnar,“ segir Ólafur. Örfá sýningarpláss eru eftir og geta þeir sem hafa áhuga

á að skoða mögulega kynningu á fyrirtæki sínu haft samband við Ólaf framkvæmdastjóra í síma 698-8150 eða gegnum netfangið olafur@ritsyn.is eða Ingu markaðsstjóra í s. 898-8022 en hún er með netfangið inga@ritform.is.

Blaðauki með Bændablaðinu

Í tilefni stórsýningarinnar mun Bændablaðið gefa út blaðauka með útgáfu blaðsins 6. október nk. sem þjóna mun sem sýningaraskrá Íslensks landbúnaðar.

Fyrirtækjum sem eru með bása á sýningunni býðst að vera með kynningu í blaðaukanum þar sem þau geta komið þjónustu sinni og vörum á framfæri. Sýndum er bent á að hafa samband við Þórdísi Unu Gunnarsdóttur auglýsingastjóra gegnum netfangið thordis@bondi.is vegna kynninganna.

Tilboð á legsteinum

Gildir út september eða meðan birgðir endast

**Innifalið: Gráir steinar úr granít
Grafskrift og skrautmynd (efst)
Ledljós fylgir með lukt
Uppsetning á höfuðborgarsvæði
og Norðurlandi
Frí sending um allt land**

Tilboð 1



**Sett eins og á mynd : 580.000
Sett án blómaramma : 480.000**

Tilboð 2



**Sett eins og á mynd : 580.000
Sett án blómaramma : 460.000**

Tilboð 3



**Hægt að setja 2 nöfn
Sett eins og á mynd : 460.000
Sett án blómaramma : 350.000**

Tilboð 4



**Sett eins og á mynd : 660.000
Sett án blómaramma : 540.000**

Tilboð 5



**Sett eins og á mynd : 225.000
Steinn án luktur : 175.000**

NYTJAR HAFSINS

Strandveiðar:

Breytingar á skipulagi

Frá upphafi strandveiða 2009 til ársins 2018 var ákveðnu magni deilt niður á hvert hinna fjögurra veiðisvæða strandveiða og því síðan skipt niður á hvern mánuð; maí, júní, júlí og ágúst.



Örn Pálsson.

Þegar afla mánaðarins var náð á einstökum svæðum voru veiðar stöðvaðar að öðrum kosti bættist óveitt við aflaviðmiðun næsta mánaðar.

Helstu ókostir þessarar stjórnunar voru:

- Þegar ljóst var að veiðistöðvun var yfirvofandi myndaðist ósæmileg áhættusækni til að ná sem flestum dögum.

- Veiðidagar á hverju svæði voru mismargir. Taflan sýnir skiptinguna árið 2017.


Skipting veiðidaga

Svæði	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Samtals
A	13	10	8	8	39
B	17	16	17	10	60
C	17	16	17	10	60
D	17	16	17	18	68

Á svæði A voru veiðar stöðvaðar frá og með 24. maí, 21. júní, 14. júlí og 16. ágúst. Á svæðum B og C lauk veiðum 17. ágúst. Eins og fram kemur í töflunni voru veiðidagar á svæði A því aðeins 39 á móti 60 sem fæst var á öðrum svæðum.

Ákveðið að breyta kerfinu

Atvinnuveganefnd beitti sér fyrir breytingu á fyrirkomulagi



strandveiða þar sem markmiðið var að auka öryggi við veiðarnar og veiðileyfi tæki til 48 veiðidaga án tillits til veiðisvæðis, skipt jafnt á hvern mánuð. Svæðin fengu því öll jafnmarga daga. Þverpólísk sátt var um breytingarnar á Alþingi vorið 2018 og ári seinna.

Stjórn LS samþykkti að fara í þessar breytingar þar sem gengið var út frá því að fjöldi daga yrði 48. Að sjálfsögðu töldu menn að dagar væru of fáir, en þar sem þetta var upplag nefndarinnar og 12 dagar væru í hverjum mánuði samþykkti stjórn LS það sem lá fyrir.

Á lokametrum frumvarpsins í

atvinnuveganefnd kom fram að sjávarútvegsráðherra taldi sig ekki geta samþykkt breytinguna nema hann hefði heimild til að stöðva veiðar færi afli umfram útgefnar heimildir til strandveiða. Þetta mætti andstöðu hjá LS þar sem fiskgengd á svæðum B og C og þá sérstaklega á svæði C var best á síðari hluta tímabilsins og því gæti ójöfnuður myndast.

Ákveðið var að koma til móts við sjónarmið LS með því að rýmka reglur um veiðar á ufsa og tryggja enn betur nægjanlegar heimildir í þorski. Bæði atriðin afar mikilvæg.

Á árunum 2018 og 2019 kom ekki til stöðvunar strandveiða. Það gerðist hins vegar næstu þrjú árin þegar veiðar voru stöðvaðar, 19. ágúst 2020 og 18. ágúst 2021 og nú í ár 21. júlí.

Ósæmilegt inngríp

Á árinu 2020 var gerð sú breyting á reglugerð að viðmiðunaraflí þorsks var minnkaður um 1.000 tonn. Í stað leyfilegs heildarafla af óslægðum botnfiski 11.000 tonn að ufsa undanskildum var talan sundurgreind í 10.000 tonn af þorski, 1.000 tonn af ufsa og

100 tonn af karfa. LS mótmælti ákvörðun ráðherra harðlega, enda var hér um eitt þúsund tonna skerðingu á þorski.

Þegar ljóst var að aflaviðmiðun dygði ekki til að veiðar stæðu yfir til ágústloka var gerð krafa um að ráðherra bætti afla í viðmiðunarpottinn. Tæki tillit til þess að heimildir voru ekki að fullu nýttar á árinu 2019. Ekki var orðið við þeirri sjálfsögðu beiðni, þrátt fyrir að bent væri á að í aflamarkskerfinu væri heimilt að færa 15% milli ára. Það fundust hins vegar 720 tonn í kerfinu sem bætt var við tíu þúsund tonnin.

Svipaða sögu er hægt að segja um árið 2021, en þá var 1.171 tonnum bætt við.

Hefði getað gefið 1,4 milljarða

Nú þegar liðin er mánuður frá stöðvun strandveiða og samkvæmt veiðileyfi ættu að vera sjö dagar eftir koma í ljós hin gríðarmiklu áhrif sem veiðarnar hafa.

Frá því óheimilt var að stunda strandveiðar 25. júlí sl. til og með 19. ágúst hefur framboð á handfæraveiddum óslægðum þorski á fiskmörkuðum farið úr 3.593 tonnum í 492 tonn. Er því aðeins um 14% af því sem það var í fyrra. Magnið sem hér um ræðir eru 3.101 tonn sem líklegt er að hefði skilað 1,4 milljörðum í aflaverðmæti.

Fiskvinnslur sem byggja rekstur sinn á innkaupum frá fiskmörkuðum hafa því orðið miklum skakkaföllum. Afli sem reiknað var með til vinnslu hefur ekki verið fánlegur. Það hefur leitt til mikils samdráttar og í sumum tilvikum rekstrarstöðvunar. Útflutningsverðmæti tapast og sett strik í markaðssetningu fyrir þorsk veiddan á handfæri.

TUDOR rafgeymar

Er fjórhjólið tilbúið fyrir fjallaferðina?



Veldu öruggt start með TUDOR



Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta






SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM



Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • Nýtt! vefverslun: www.skorri.is



Útbreiðsla og þéttleiki makrills, síldar og hrognkelsa ásamt hitastigi í yfirborðslagi sjávar á 10 metra dýpi. Yfirborðstogstöðvar með engum afla af viðkomandi tegund eru merktar með bláum punkti. Mynd / Hafrannsóknastofnun.

Hafrannsóknastofnun:

Makrill útbreiddur við landið

Bráðabirgðaniðurstöður úr uppsjávarvistkerfisleiðangri rannsóknaskipsins Árna Friðrikssonar frá því fyrr í sumar sýna að magn og útbreiðsla makrills í íslenski landhelgi er mun meira en undanfarin tvö sumur.

Leiðangurinn var hluti af IESSNS, International Ecosystem Summer Survey in the Nordic Seas, og alls tóku sex skip þátt í rannsókninni, sitt hvort skipið frá Íslandi og Færeyjum og fjögur frá Noregi.

Í leiðangrinum Árna Friðrikssonar var rannsökuð útbreiðsla og þéttleiki makrills, síldar og kolmunna í íslenski landhelgi að undanskildum austurhluta hennar sem Færeyingar og Norðmenn rannsökuðu.

Teknar 48 togstöðvar kringum landið, gerðar sjónmælingar og sýni tekin í átuháfa á yfirborðstogstöðvum.

Mælingar á hitastigi sjávar sýna að hitastigi í yfirborðslagi var álfka og sumarið 2021 og aðeins hlýrra en sumarið 2020.

NYTJAR HAFSINS

Jafnframt hafa margir aðilar orðið fyrir miklum tekjumissum. Útgerðir 712 strandveiðibáta, flutningsaðilar, hafnir og aðrir þjónustuaðilar vítt og breytt um.

Strandveiðar árið 2022

Alls voru 712 bátar á strandveiðum á sl. sumri. Þeim var róið frá nánast hverri höfn landsins 53 talsins. Óvenju góðar gæftir voru á því veiðisvæði sem flestir bátarnir voru gerðir út á, svæði A, við Breiðafjörð og Vestfirði. Á landsvísu náðu 93 bátar að róa alla þá daga sem í boði voru í maí og júní, 12 í hvorum mánuði. Til samanburðar voru aðeins 25 bátar á árinu 2021 sem náðu þeim róðrafjölda.

Auk þess að betra tíðarfar leiddi til meiri afla í hverjum róðri, jókst samanlagður fjöldi veiðiferða í maí og júní um 29%, fór úr 8.879 í 11.420. Af veiðisvæðunum fjórum var mest fjölgunin á svæði A, losaði 42%, úr 4.269 í 6.064 í ár.

Fjöldi róðra

Maí - Júní	2022	2021	Breyting milli ára
svæði A	6.064	4.269	42%
svæði B	2.178	1.787	22%
svæði C	1.445	1.139	27%
svæði D	1.733	1.684	3%

Þegar hér var komið sögu á strandveiðum síðast liðins sumars var ljóst að með sama framhaldi yrði veiðum lokið um mánaðamótin júlí – ágúst. Allt var reynt til að fá aflaviðmiðun hækkaða til að tryggja strandveiðar í fjóra mánuði. Það tókst að skrapa saman 1.074 tonn í viðbót við þau tju þúsund tonn sem áður höfðu verið ákveðin. Það varð til þess að veiðar yrðu ekki stöðvaðar fyrr en heildarþorskaflí hefði náð 11.074 tonnum.

Aukning á handfærin – niðursveifla hjá Hafró

Margt fleira kom til en að betur áraði til sjósóknar fyrir handfærabáta. Þvert á niðurstöður Hafrannsóknastofnunar jókst þorskaflí í róðri um 6,2%, úr 617 kg í 655 kg. Lifandi vísindi sem strandveiðimenn unnu við sýndi svo ekki lék vafi á að meira var af þorski á þeirra veiðislóð heldur

Mikil útbreiðsla makríls

Bráðbirgðaniðurstöður sýna að magn og útbreiðsla makríls í íslenski landhelgi er mun meira en undanfarin tvö sumur. Makríll fannst meðfram suður- og vesturströnd landsins, bæði á landgrunninu og utan þess. Fyrir sunnan fannst makríll í Íslandsdjúpi suður að 62°N breiddargráðu en makríll hefur ekki fengist í þessum leiðangri svo sunnarlega síðan sumrið 2016.

Bráðbirgðaniðurstöður norsku og færeyska rannsóknaskipanna sýndu að makríll var einnig að finna austan við land.

Norsk-íslensk vorgotssíld

Líkt og undanfarin ár var norsk-íslenska vorgotssíld að finna á flestum togstöðvum fyrir norðan og austan landið og íslensk sumargotssíld á landgrunninu fyrir sunnan og vestan landið.

Kolmunnir og hrognkelsi

Kynþroska kolmunnir mældist við landgrunnsbrúnina sunnan og vestan við landið.

Magn og útbreiðsla hrognkelsa var minni í ár en undanfarin ár. Í leiðangrinum voru merkt alls 64 hrognkelsi. /VH

en í fyrra, eða var það bara veðrið sem varð til þess að meira veiddist af þorski.

Sú óvissa olli hins vegar ekki áhyggjum við samanburð þar sem veður í ralli vigtar ekki inn í útreikninga hjá Hafrannsóknastofnun við mælingar á stærð veiðistofnsins. Miðað við mælingar Hafrannsóknastofnunar á stærð hans (þorskur 4 ára og eldri), hefði mátt gera ráð fyrir samdrætti í veiðum þar sem hann hafði minnkað um 4,6% frá mælingu á sama tíma árið 2021.

Þegar svo mikið ber á milli mælinga á þorski við handfæraveiðar á grunnslóð og niðurstaðna úr togararalli Hafrannsóknastofnunar hefði ákvörðun um þrjú þúsund tonn

Þorskaflí breyting í tonnum

Maí - Júní	2022	2021	Breyting milli ára
svæði A	4.299t	2.934t	47%
svæði B	1.337t	1.062t	26%
svæði C	832t	650t	28%
svæði D	957t	792t	21%
Samtals	7.424t	5.438t	37%

umfram aflareglu ekki haft neinar neikvæðar afleiðingar.

Hvorki fyrir þorskstofninn né aðrar útgerðir í landinu. Ósveigjanlegt regluverk hefur hins vegar sett ráðherra inn í öngstræti sem gefur honum ekki svigrúm til ákvörðunar sem byggð væri á nýjustu upplýsingum af miðunum.

Rétt er að það komi hér fram að

samkvæmt aflareglu stjórnvalda er leyfilegur heildaraflí á þorski á yfirstandandi fiskveiðidag er 222.373 tonn. Að ekki sé hægt að bregðast við aðsteðjandi vanda með aukningu sem nemur 1,35% stenst auðvitað enga skoðun.

Strandveiðar njóta velvilja

Strandveiðar eru ekki síður mikilvægar fyrir sjávarútveginn og þjóðina alla. Þjóðin er jákvæð í garð strandveiða.

Veiðarnar stundaðar á smábátum frá nánast hverri höfn landsins. Engin önnur veiðarfæri um borð en handfæri og afli takmarkaður við 774 kg af óslægðum þorski.

Hver veiðiferð má ekki vara lengur en 14 klukkustundir þar sem fjöldi er takmarkaður við 12 daga í mánuði.

Óheimilt er að stunda veiðarnar nema fjóra fyrstu virka daga í hverri viku. Starfsumhverfi sem hér er lýst er nú kannski ekki mjög aðlaðandi, en Íslendingar eru svo lánsamir að á áttunda hundrað manna (konur og karlar) treysta sér til þátttöku.

Kaupa sér bát og hefja strandveiðar þar sem veiðileyfið er ekki skilyrt við kvótaleigu sem opnar möguleika á að hefja útgerð.

Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátageigna




**VELKOMIN Í NÝJA VERSLUN OG SÝNINGARSAL
AÐ GAGNHEIÐI 35, SELFOSSI**









AFLVÉLAR


TRAUSTUR SAMSTARFSADILI

Vesturhrauni 3, Garðabæ, sími 480-0000
Gagnheiði 35, Selfossi, sími 480-0400
www.aflvelar.is



Sala á kjötmörkuðum

Síðustu mánuði hefur verið talsverð aukning í sölu á kjöti sem er framleitt hér á landi samkvæmt upplýsingum á Mælaborði landbúnaðarins. Í júlí var 12 mánaða sala á öllum kjöttegundum 27.974 tonn samanborið við 27.112 tonn fyrir sama tímabil árið áður. Aukning í sölu nemur um 3,2%. Mest sala er í alifuglakjöti, 9.031 tonn, þar næst í kindakjöti, 7.063 tonn og þá svínakjöt, 6.421 tonn. Mest er söluaukning í lambakjöti, um 16,1% og nautgripakjöti, 2,7%. Samdráttur er í sölu á hrossakjöti, um -20,4% og svínakjöti, um -2%.



Innlend kjötframleiðsla – 12 mánaða sölupróun eftir kjötgreinum

Alifuglakjöt
9.031 tonn
+ 0,2%

Kindakjöt
7.063 tonn
+ 16,1%

Svínakjöt
6.421 tonn
- 2,0%

Nautakjöt
4.934 tonn
+ 2,7%


Hrossakjöt
524 tonn
- 20,4%

Verðþróun á matvælum á heimsvísu

Matvælaverðsvísitala FAO (FFPI) var að meðaltali 140,9 stig í júlí 2022, sem er 13,3 stig (8,6 %) lækkun frá júní, sem er fjórða mánaðarlega lækkunin í röð. Engu að síður var það 16,4 stigum (13,1 %) yfir verðgildi sínu í sama mánuði í fyrra. Lækkunin í júlí var mesta mánaðarlega lækkun vísitölnnar síðan í október 2008, leidd af verulegum lækkunum á jurtaolíu- og kornvísitölum, en vísitölur fyrir sykur, mjólkurvörur og kjöt lækkuðu einnig en í minna mæli.

1 mán
- 8,6%

12 mán
+ 10,1%



TELWIN[®]
JOIN THE INNOVATION

DAGAR

ALLAR TELWIN
VÖRUR Á TILBOÐI

Vaktarar
Starttæki
Hleðslubankar
Hleðslutæki
Spennubreytar
Suðuvélar
Gasmælar
Suðutjöld
Suðuvír
Rafsuðuhjálmar
o.m.fl.

VERKFÆRA
SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

Ný sending frá CP Metal

Vorum að taka upp nýja sendingu af skóflum,
Gaffalstykjum og Ripperum frá CP Metal. S30 -150, S40



S30



T2 20 cm skófla S30-150	60.000 + vsk
T2 40 cm skófla S30-150	75.000 + vsk
T2 60 cm skófla S30-150	90.000 + vsk
T2 100 cm skófla S30-150	105.000 + vsk
T2 100 cm tilt-skófla S30-150	292.000 + vsk
T2 Ripper 85cm S30-150	126.000 + vsk
T2 Ripper 70cm S30-150	66.000 + vsk


S40

T3 30 cm skófla - S40	93.000 + vsk
T3 60 cm skófla - S40	129.000 + vsk
T4 30 cm skófla - S40	99.000 + vsk
T4 60 cm skófla - S40	141.000 + vsk
T5 40 cm skófla - S40	118.000 + vsk
T5 80 cm skófla - S40	211.000 + vsk
T3 100 cm skófla - S40	177.000 + vsk
T3 120 cm skófla - S40	186.000 + vsk
T4 130 cm skófla - S40	219.000 + vsk
T5 180 cm skófla - S40	312.000 + vsk
T3 120 cm tilt-skófla - S40	375.000 + vsk
T4 Ripper S40	118.000 + vsk
T5 Ripper S40	118.000 + vsk
Gaffalstikki S40 2,5 T 120 cm	350.000 + vsk

S45

T6 40 cm skófla S45	168.000 + vsk
T6 80 cm skófla S45	214.000 + vsk
T6 200 cm skófla S45	378.000 + vsk
Gaffalstikki S45 2,5 T 120 cm	370.000 + vsk
T6 Ripper 85cm Heavy duty S45	208.000 + vsk





Vinstra megin sést hvernig haus merar er bundinn upp til að dýralæknir hafi aðgengi að æðinni sem blóð er tekið úr. Um leið og blódtakan byrjar er merin losuð úr höfuðstillingunni og stendur því eðlilega meðan á blóðtöku stendur, eins og sést hægra megin.



Þórdís stendur við meri í blóðtöku í blóðtökubás. Strappinn sem er yfir herðakambi sést hér vel.

„Þær eru báðar með sín fyrstu folöld. Önnur þeirra er stressuð týpa fyrir. Hún er það bæði í rekstri og í réttinni og við erum að reyna að átta okkur á því hvort hún passi í stóðið. Við gefum okkur nokkurn tíma með þeim til reynslu. Þær eru kannski ekki í blóðtökum þá, en fylgja hópnum og fara í gegnum aðstöðuna, fá múl og snertingu og við sjáum hvort þær aðlagist. Ef þær sýna ítrekað ótta, venjast ekki aðstöðum þá eru þær ekki notaðar. Þær eru þá heldur ekki efni í reiðhross, hvað þá keppnis- eða ræktunarhross.“

Utan blóðtökutímabilsins felst umönnun meranna í ormalýfjagjöfum og hófklippingum, þær læra að lyfta fótum og vera með múl og Þórdís segir að þannig temjist þær einnig til hlutverksins.

„Hryssurnar skipta okkur öllu máli og velferð þeirra er númer eitt, tvö og þrjú. Við myndum aldrei gera neitt sem stofnað gæti heilsu þeirra og lífi í hættu. Okkur finnst mikilvægt að vera með lítinn hóp, þannig höfum við góða yfirsýn og við þekkjum þær allar vel. Þannig ætti þessi búskapur að vera að mínu mati. Ef merunum líður ekki vel þá er enginn grundvöllur fyrir búskapnum og starfsemi.“

Undarleg hegðun starfsmanna dýraverndarsamtaka

Þegar starfsmenn þýsk-svissnesku dýraverndarsamtakanna TBS/AWD og þýsku sjónvarpstöðvarinnar ARD voru stödd hér á landi í byrjun ágúst komu þau við á Álftarhóli. Heiðar var þá heima við.



Blóðtökubásarnir á Álftarhólum eru innanhúss og dráttarvél lögð fyrir utan sem er í takt við lýsingar York og Sabrinu á aðstöðum sem þau segja til þess fallin að fela blóðtökustarfsemina. Þórdís og Heiðar segja inniaðstöðu hins vegar betri bæði fyrir dýr og menn, sérstaklega í íslenskrum veðráttu. Þau hafi hins vegar ekkert að fela en traust þeirra gagnvart starfsmönnum dýraverndarsamtakana sé lítið.



Faðir Þórdísar, Björn Jón, stundaði blóðtökur á árum áður og hefur séð framför og þróun starfseminnar gegnum tíðina. Hann hefði viljað eiga allar blóðtökur, sem hann hefur tekið þátt í, á myndbandi.

Á öðrum stöðum höfum við heyrt að þau banki upp á heimili fólks með myndbandsupptökur í gangi í leyfisleysi og jafnvel án vitundar fólks. Okkar upplifun er að þau séu að reyna að stilla þessu upp þannig að við séum að gera eitthvað af okkur. Þetta er rosalega skrítn hegðun,“ segir Þórdís.

Hún bendir einnig á að ef tilgangur dýraverndarsamtakanna sé að stöðva notkun PMSG í verksmíðjubúskap sé einkennilegt að þau ráðist að bændum, frekar en að beina sjónum sínum ofar í framleiðslukeðjuna.

frh. á síðu 22



Jón Kolbeinn Jónsson dýralæknir sér um blóðtökur á nokkrum bæjum á landinu í ár.

Mat dýralæknis á blóðtökum: Merarnar almennt rólegar frá upphafi til loka meðhöndlunar

Jón Kolbeinn Jónsson dýralæknir sér um blóðtökur á nokkrum stöðum á landinu. Þetta er hans fyrsta ár í verkefninu en hann hefur komið að eftirliti með blóðtökum á undanföllum árum þegar hann gegndi starfi héraðsdýralæknis.

Honum finnst ekki athugasemdir að það sé tekið blóð úr hryssum eins og hann framkvæmir blóðtökuna. Almennu séu hryssurnar rólegar frá upphafi til loka meðhöndlunarinnar og þær sýni ekki einkenni þjökunar eða hjálparleysis. Hans faglega mat er að merarnar séu ekki undir miklu álagi við meðhöndlunina.

„Það kemur fyrir að einstaka hryssur séu stressaðar og þá eru þær undir álagi, en gegnum gangandi þá er það ekki tilfellið. Mikilvægt er að venja þær við aðstöðurnar.“

Ef hryssa er stressuð er brugðist við, þær róast niður og gefinn tími til að venjast aðstöðunum og stundum er hætt við blóðtöku. Sumar hryssur henta einfaldlega ekki í blóðtöku. Það er eins og með reiðhross, sumum þeirra er ekki ætlað að vera tamin til reiðar.“

Almennt telur hann að líf og tilvera blóðmera sé ekki verri en reiðhesta. „Það þarf ekki annað en að horfa á kynbótasýningar til að sjá að það líður ekki öllum hrossum vel þar. Þar gildir einmitt líka að bregðast við og minnka stressfaktorana og venja þau við aðstöður.“

Flestum þykir óþægilegt að sjá blóð og því kemur það Jóni Kolbeini ekki á óvart að myndefni með starfsemi gæti vakði óhug. „Óvæginn umræða getur fylgt svona álitamálum og það er bara þannig að þegar blóð er annars vegar þá er það alltaf vont myndefni. Ég hef haft það markmið í störfum mínum sem dýralæknir að hafa velferð dýranna alltaf að leiðarljósi. Í dag er raunin sú að íslenski hesturinn er upp á manninn kominn.“

Ég tel að við þurfum að horfa á hestamennsku á heildstæðari hátt og bera saman mismunandi aðstöður sem hross á Íslandi búa við. Hryssur í blóðtöku hafa möguleika á að lifa og upplifa en þurfa að borga það með blóðtöku í mesta lagi átta sinnum á ári. Það er minna en margur reiðhesturinn.“

VARAHLUTIR Í KERRUR

stalogsstansar.is



KNOTT
BREMSEN + AXSEN

AL-KO
QUALITY FOR LIFE

DEXTER AXLE



Stál og stansar

Vagnhöfði 7, 110 Reykjavík | Sími: 517 5000 | stalogsstansar.is

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða auglýsir eftir umsóknum um styrki fyrir árið 2023

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða fjármagnar framkvæmdir á ferðamannastöðum og ferðamannaleiðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila

Sjóðnum er heimilt að fjármagna framkvæmdir er snúa að:

- Öryggi ferðamanna.
- Náttúruvernd og uppbyggingu.
- Viðhaldi og verndun mannvirkja og náttúru.
- Fjármögnun undirbúnings- og hönnunarvinnu sem er nauðsynleg vegna áðurgreindra framkvæmda.

Sjóðnum er ekki heimilt m.a.:

- Að bera rekstrarkostnað af mannvirkjum og vegna náttúruverndarsvæða eða annarra ferðamannastaða.
- Að fjármagna framkvæmdir sem eru á landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.
- Veita fjármagni til verkefna sem þegar er lokið.

Gæði umsókna

Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér vel þau lög og reglur sem um sjóðinn gilda og vanda umsóknir sínar í hvívetna. Umsækjendum er bent á að kynna sér gæðaviðmið sjóðsins sbr. gæðamatsblað ásamt frekari upplýsingum um sjóðinn, skilyrði lánveitenda og umsóknarferlið, sem finna má á vefsíðu Ferðamálastofu www.ferdamalastofa.is/umsoknir.

Hvar ber að sækja um

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum island.is en hlekkur á umsókn er á vefsíðu Ferðamálastofu www.ferdamalastofa.is/umsoknir.

Umsóknarfrestur

Umsóknartímabil er frá og með 24. ágúst til kl. 13 miðvikudaginn 5. október. Umsóknir sem berast eftir þann tíma koma ekki til álita.



Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
Hafnarstræti 91, 600 Akureyri

www.ferdamalastofa.is

upplýsingar@ferdamalastofa.is



Husqvarna á Íslandi



Husqvarna FS400
Gólfisög - Sögunardýpt 16,2cm



Husqvarna 545RX
Sláttuorff - 3 hestöfl



Husqvarna 535RX
Sláttuorff - 2,2 hestöfl



Husqvarna Traktor TC238T
Sláttutraktor - 18 hestöfl



Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 20 hestöfl



Husqvarna LF75LAT
Jarðvegsþjappa - 95KG



Husqvarna K770
Steinsög - Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K970
Steinsög - Sögunardýpt 15,5cm



Husqvarna K3600 MK II
Steinsög - Sögunardýpt 27cm



Husqvarna K7000 Ring
Steinsög - Sögunardýpt 27 & 32cm



Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl



Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot - 1000m² - 40% halli



Husqvarna AM415X
Slátturóbot - 1500m² - 40% halli



Husqvarna AM430X
Slátturóbot - 3200m² - 45% halli



Husqvarna AM450X
Slátturóbot - 5000m² - 45% halli



Husqvarna AM305
Slátturóbot - 600m² - 40% halli

Á döfinni í ágúst & sept.

Fimmta helgin í ágúst, dagana 26.-28.

22.-28. ágúst Vegleg Bæjarhátíð Suðurnesjabæjar verður haldin alla vikuna með ógrynni skemmtilegra uppákoma í túninu heima – Bæjarhátíð Mosfellsbæjar, markaður í Álafossvos o.m.fl.
26.-28. ágúst Akureyrarvaka – Menningarhátíð á Akureyri
26.-28. ágúst Bæjarhátíð Seltjarnarness, margvísleg skemmtun
26.-28. ágúst Kjötsúpuhátíðin á Hvolsvelli, kjötsúpa og súpurölt, brenna og brekkusöngur, flugeldasýning o.m.fl.

Fyrsta helgin í september, dagana 2.-4.

1-3. september Októberfest – 3 daga tónlistarhátíð í Reykjavík.
3. september Uppskeruhátíð á Flúðum og nágrenni
31.ág.-4. sept. Ljósanótt – menningar- og fjölskylduhátíð Reykjanesbæjar, tónleikar, stórkostleg flugeldasýning
2-3. september Blús milli fjalls og fjöru – Blúshátíð á Patreksfirði

(Svo er nú sjálfsagt eitthvað sem hefur ekki komist á lista, en hér að ofanverðu er ýmislegt upptalið sem má skemmta sér við.)



Efri röð frá vinstri: Sören Hammer, Nestori Widenoja og Magnus Nilson, opnum flokki, þá Emil Lindqvist, Kasper Reinholdt og Sami Niinilampi í sveinaflokki. Neðri röð frá vinstri: Mikael Wunderlich, Mathias Wilson og Beate Stormo en þau voru í þremur efstu sætum í meistaraflokki.

Fornu handverki Norðurlanda haldið í heiðri

Eldsmíðahátíð var haldin á svæði Byggðasafnsins í Görðum, Akranesi nú fyrir skömmu og má segja að þar hafi aldeilis verið heitt í kolumum.

Auk íslenskra keppenda tóku þátt og dæmdu eldsmíðir frá Svíþjóð, Finnlandi, Noregi og Danmörku. Með keppninni er verið að viðhalda þekkingu og áhuga á hinu fornu handverki Norðurlanda og skiptust þátttakendur í þrjá flokka þar sem smíðuð voruð akkeri. Þurftu þátttakendur að sýna fram á færni sína og getu við spennuþrungna eftirvæntingu áhorfenda sem töldu á annað þúsund manns.

Keppnin var haldin hér á landi árið 2013 að Görðum á Akranesi. Reynt er að hafa keppnina annað hvert ár og er næsta keppni áætluð í Danmörku eftir tvö ár. /SP



HEYEFNAGREININGAR

haustið 2022

Öll verð eru án vsk.

HEY 1	Hráprótein, meltanleiki NDF og sykur mælt með NIR-tækni + orkuútreikningar (Fóður-einingar). Verð kr 4.936.-
HEY 2	Hráprótein, meltanleiki og NDF, og sykur mælt með NIR-tækni + orkuútreikningar. Ca, Mg, K, Na, P, S, Fe, Cu, Mn og Zn. Verð kr: 8.686.-
HEY 3	Sama og HEY 2 nema selen iNDF og sCP bætist við. Verð kr. 9.936.-
HEY 4	Hráprótein, meltanleiki, NDF, iNDF, sykur og sCP mælt með NIR-tækni + orkuútreikningur. Ca, Mg, K, Na, P, S, Fe, Cu, Mn, Zn, Se, Co og Mo. Aska, klóríð og sykur. Sýrustig ef þörf er á. Þessi greining hentar vel ef um þurrt rúlluhey (lítið verkað) eða hirðingarsýni er að ræða. Þessi greining er fyrir þá sem eru í NorFor. Verð kr. 11.559.-
HEY 5	Sama og HEY 4 Ammonium bætist við. Þessi greining er fyrir þá sem eru í NorFor og um verkað hey/fóður er að ræða. Verð kr. 12.810.-
HEY 6	Eins og HEY 5 nema við bætist Ediksýra og mjólkursýra. NorFor. Verð kr 16.560.-
HEY 7	Þessi greining er með útreikninga fyrir hesthey t.d heygjöf á hest á dag miðað við létta brúkun. Getur verið Heyefnagreining 1, 2 eða 3.

ATHUGIÐ: Í öllum greiningum nema númer 1 er mælt sýrustig ef um vothey er að ræða.

Hefðbundin jarðvegsefnagreining kr. 9.120.-

Nánari upplýsingar á
efnagreining.is

■ Efnagreining ehf, Lækjarflóa 10a, 300 Akranes
■ efnagreining@efnagreining.is ■ sími 661 2629

Ljósanótt

Haustið 2000 hófst ein helsta hátíð Reykjanesbæjar, Ljósanótt, sem hefur síðan þá verið haldin árlega.

Hugmyndina fékk hóteltstjóri lúxushótel Keflavíkur, Steinþór Jónsson, er hann sigldi bát sínum fram hjá háum klettaveggjum Bergsins nótt eina og leist svo á að lýsa ætti það upp. Má segja að Ljósanótt hafi þróast út frá þeirri hugmynd, en hátíðin er haldin fyrstu helgi septembermánaðar.

Haldnar eru sýningar og tónleikar af ýmsu tagi sem verkefnastjórn Ljósanætur hefur yfirsýnina yfir. Auglýst hefur verið eftir fjölbreyttum atriðum, svo sem hljómsveitum, trúbadorum, plötusnúðum, dansatriðum og öðrum skemmtikröftum. Fara atriðin fram á Götupartísviðinu á mótum Tjarnargötu og Hafnargötu. Eining hafa verlanir ýmiss konar tilboð auk þess sem umsjónarmaður söluplássa benda einstaklingum og félagasamtökum á netfangið sala@ljosanott.is eða í síma 847 -2503 ef áhugi er fyrir sölu af einhverju tagi.

Dæmi um viðburði

Akstur glæsikerra og bifhjóla verður laugardaginn 3. september eins og hefð er fyrir, með bifhjólaklúbbinn Erni í fararbroddi, niður Hafnargötu að Grófinni. Skráningu þátttakenda lýkur á hádegi þann 1. september og þurfa ökutæki að vera skráð, skoðuð og uppfylla allar reglur.

Sérstakt Ljósanæturball verður haldið fyrir ungumenni í 8.-10. bekk í félagsmiðstöðinni Fjörheimum miðvikudaginn 31. ágúst. Þar munu koma fram DJ Ríki G - Inspector Spacetime og stórstjarnan Aron Can og næsta víst að fáir vilji missa af því fjöri.

Heimatónleikar vinsælir

Heimatónleikar svokallaðir verða í Gamla bænum föstudagskvöldið 2. september. Stígur þá á svið úrval listamanna sem skemmta gestum og gangandi – koma fram á nokkrum heimilum Reykjanesbúa og spila þá ýmist úti á palli eða inni í stofu.

Ljósanæturhlaup Lífsstíls fer svo fram miðvikudaginn 31. ágúst kl. 18.30, en boðið er upp á vegalengdir fyrir alla fjölskylduna. Hlaupið verður um götur Reykjanesbæjar og er þessi árlegi viðburður í höndum Líkamsræktarstöðvarinnar Lífsstíls. Renna 500 kr. af hverri skráningu til Barnaspítala Hringins til minningar um Björgvin Arnar Atlason, lítinn dreng sem lést sex ára gamall eftir baráttu við illvíga sjúkdóma frá fæðingu.

Hápunktur hátíðarinnar er á laugardagskvöldi helgarinnar, en þá verða ljósín tendruð á berginu og glæsileg flugeldasýning mun lýsa upp himininn. /SP

Husqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní 2021.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar



Husqvarna K3600
Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000
Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm



Husqvarna K7000
Ring
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna DM230
Kjarnaborvél
150mm Max



Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K770 14"
Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K4000
Rafmagnssög
Sögunardýpt 12,5cm

Þjónustuverkstæði og varahlutir



Víkurbær 4 - 203 Kópavogur
Opíð mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

ÞAÐ ER BARA SOLIS - MEST SELDA DRÁTTARVÉLIN

SOLIS



SOLIS 90 verð frá
5.695.000+vsk
Með ámoksturstækjum
6.970.000+vsk



SOLIS 50 verð frá
4.980.000+vsk
Með ámoksturstækjum
6.180.000+vsk



SOLIS 26 sjálfskipt verð frá
1.900.000+vsk
Með ámoksturstækjum
2.640.000+vsk



SOLIS 16
TILBOÐSVERÐ:
1.250.000+vsk
með sláttuvél

Mikið úrval fylgihluta í boði



Galv. ávinnsluherfi 4-6-8m



12% afsláttur

Rakstrarvél 4,4m 750.000+vsk
12% afsláttur



Ruddasláttuvélar
og kurlarar í miklu
úrvali.



Rúlluvél mini
980.000+vsk



Tromlúsláttuvél 165cm 312.000+vsk



Heytætla 5,2m 810.000+vsk
12% afsláttur



vallarbraut.is S-4540050 vallarbraut@vallarbraut.is Trönuhrauni 5 220 Hafnarfirði

Jón Eiríksson bóndi og myndlistarmaður malar meðfram bústörfum:

Listamaðurinn í fjósinu

– Djassar með pensli á kvöldin

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Ekki eru allir bændur eingöngu djúpsokknir í bústörf og rekstrarreikninga, heldur eru einnig til þeir sem kunna best við sig fjarri upplýsingaóreiðu og skarkala.

Á Búrfelli í Miðfirði býr kúabóndinn og listamaðurinn Jón Eiríksson ásamt konu sinni, Sigurbjörgu Geirsdóttur. Hann er einn þeirra bænda sem hefur fundið leiðir til að tjá óreiðu hugans á skapandi hátt með myndlistinni.

Jón flutti að Búrfelli á sjöunda ári, þegar foreldrar hans tóku við búinu. Hann nam búfræði og kláraði framhaldsdeildina árið 1977. Í kjölfarið starfaði hann við ýmislegt, eins og í fiski, múrverki, kennslu og við ráðunautastörf. Hann tók svo við Búrfelli árið 1982 og er í dag með 30 mjólkandi kýr, 300 kindur, 30 hross, nautaeldi og nokkra hektara í kornrækt á hverju ári. Fyrir utan búskapinn er það listin sem á hug hans allan.

Vinnugleðin mikilvæg

Jón segir að nauðsynlegt sé að finna gleðina í vinnunni hvort sem það sé eitthvað sem snúi að búskap eða listsköpun.

„Það er málið að þegar maður elst upp í sveit og er með ræturnar alveg ofan í jörðinni þá er maður búinn að þjálfa með sér vinnugleðina. Auðvitað er þetta oft basl – að vakna um miðja nótt að hjálpa einhverri nýbærinni,“ segir Jón, en það sem heldur honum gangandi eru tengslin við náttúruna, árstíðaskiptin og rútínan sem því fylgir.

Þó svo að sauðburður á vorin eða heyskapur á sumrin krefjist mikillar yfirlegu, þá er það gefandi og fyrir Jóni er vinnan ástríða. Það sem honum finnst líka gott er að geta lagst þreyttur á koddann eftir að hafa skilað af sér góðu dagsverki.

„Fólk segir að það eigi alltaf að vera svo skemmtilegt í frúinu. Ég lít akkúrat öfugt á þetta – það á að vera skemmtilegt í vinnunni.“

Lætur tölvur ekki trufla sig

Jón var mjög pólitískur og lagði sig fram við að fylgjast vel með málefnum líðandi stundar. Í kjölfar hrunsins ákvað Jón hins vegar að losa sig við sjónvarpið og hefur hann ekki fylgst með því síðan árið 2009. Hann lætur sér duga að hlusta á útvarp til þess að fylgjast með fréttum.

„Ég er með útvarp í traktorunum, inni í húsi og svo er ég með útvarp hérna á vinnustofunni. Jújú, ég veit alveg nóg um það sem er að gerast. Svo var spáð alveg rosalegu veðri árið 2019 og ég var látinn vita að það þyrfti að slökkva á öllum rafmagnstækjum því það



Hundar eru algengt mótíf í myndum Jóns. Hér er ein mynd af eldgoshundi úr hundaseríunni svokölluðu sem telur yfir 250 hunda.

Myndir / AL

yrði svo mikið flökt á rafmagninu. Það var svo mikið flökt að það var rafmagnslaust í tvo daga. Úr þessu kom hjá mér sú þráhyggja fara ekki í tölvuna og hef ég ekki notað hana síðan. Konan lætur mig vita ef það er eitthvað mikilvægt í tölvupóstinum – en svo er það aldrei neitt mikilvægt.“

Hefur aldrei átt farsíma

Jón hefur heldur aldrei átt farsíma og eini síminn á bænum er gamli landlínusíminn. Það er því ekki hlaupið að því að ná sambandi við Jón, nema með því að hringja í heimasímann í hádeginu.

„Það var svo þarna í óveðrinu 2019 að ég var sá eini sem gat hringt og látið vita af mér því gamli síminn með koparþræðinum var virkur á meðan allt hitt hrundi. Sjálfsagt þegar ég fæ einhvern heilsubrest þá er rétt að fá sér farsíma fyrir fjölskylduna svo ég geti tekið lokasímtalið – nema þegar maður er orðinn svona

gamall þá hefur maður ekkert að segja.“ Jón segir að með þessu hafi hann minnkað allt áreiti sem gefur honum meiri tíma til þess að vinna við búskapinn og sinna listinni.

„Þegar fólk spyr mig hvernig ég hafi tíma í allt þetta, segi ég því að hugsu um tímann sem það eyðir í símanum, tölvunni og sjónvarpinu og taka það saman. Þetta er tíminn minn.“

Hefur ljósmyndað fyrir Bændasamtökin

Listsköpun Jóns hefst fljótlega eftir að hann klárar búvísindin og til að byrja með var hann mikið í ljósmyndum og að vinna með vatn- og pastellit. Þannig er hluti ljósmyndasafns Bændasamtakanna úr hans smíðju og líklegt að lesendur Bændablaðsins hafi oft rekist á myndir eftir hann. Hann kom einnig að vinnu plakata Bændasamtakanna sem sýnir hina fjölmörgu litu íslenskra búfjárfyrir.

Fyrir ellefu árum smíðað Jón sér nýja vélaskemmu og nýtti tækifærið og tæmði gömlu vélaskemmuna á bænum sem hann innréttaði sem stúdíó. Við þetta sprakk út listsköpunin og jukust afköstin til muna. Með betri aðstöðu gat Jón málað stærra myndir og haft þær sýnilegar, ásamt því sem hann er ekki bundinn af því að þurfa að nota rýmið í eitthvað annað. „Fram að því málaði ég alltaf annaðhvort inni í íbúð eða úti í fjósi,“ segir Jón.

Óreiðuáðferð notuð við listsköpun

Jón segir aðferðina sína vera svokallaða óreiðuáðferð. Hann sjái hlutina í óreiðu og reyni að nýta hana til að skapa eitthvað. Hann segist fá endalausar hugmyndir en að listsköpunin sé fyrst og fremst vinna. „Ég veit ekki hvaðan hugmyndirnar koma en ég hlusta mikið eftir orðum og finn fegurðina sem er úti um allt; í náttúrunni, litunum og öllu,“ segir Jón.

Hann nýtir tímann sem fer í bústörf til listsköpunar líka. Við vélavinnu eða önnur störf sem krefjast mikillar endurtekningar getur Jón mótað hugmyndir sem hann er að vinna. „Þú veist hvernig það er að að sitja á traktor – maður fer í hugleiðsluástand. Ég er þá að hugsu um einhverja mynd og hvernig ég leysi vandann.“

Jón segist hafa gert þau mistök í upphafi ferilsins að hafa ekki tekið upp listamannsnafn og það sé of seint að gera það núna. Það listamannsnafn sem hann hefði viljað taka sér sem ungur maður

er nafnið Búrval, sem er þá tenging við bæjarnafnið Búrfell og listamennina Kjarval og Stórval.

Yrði skelfilegt að verða frægur

Árið 2004 opnaði Landsvirkjun sýninguna *Ar og kýr* í Blöndu-virkjun sem var einkasýning á verkum Jóns. Þar voru sýndar 365 litlar vatnslitamyndir af kúm; ein kýr fyrir hvern dag ársins.

„Þetta var svo flott opnun að ég hélt að ég væri að verða listamaður – passaði mig bara að fara að moka skít daginn eftir svo ég færi ekki alveg í listina,“ segir Jón. Hann hefur annars ekki lagt sig mikið fram við að halda sýningar, þó svo að hann myndi gjarnan vilja koma myndunum sínum fyrir þar sem þær eru aðgengilegri.

„Draumur minn er að verða ekki frægur, það væri alveg skelfilegt. Ég veit líka að svona mikill surrealistismi og fantasía höfðar ekki til meirihlutans.“

Hann segir að myndlistinni fylgi ákveðin klíkustarfsemi. „Ef þú ert sjálfærður bóndi úti í sveit þá ferð þú ferð ekkert inn á Kjarvalsstaði. Kannski fara þeir að hringja í mig núna frá Kjarvalsstöðum en það versta er að þeir geta ekki náð í mig nema þegar ég er inni í hádeginu.“

Keypti sér haugsugu fyrir ágóða af listaverkasölu

Búskapurinn hefur haft mikil áhrif á listsköpun Jóns. Þegar verk Jóns eru skoðuð sést að náttúran og skepnurnar eru ofarlega í huga hans. Hann segist líka nýta sér það



Á Búrfelli í Miðfirði er stundaður búskapur með 30 mjólkandi kúm, 300 kindum og myndlist sem aukabúgrein.



Jón segist hafa gert þau mistök að velja sér ekki listamannsnafn í upphafi ferilsins. Helst hefði nafnið Búrval komið til greina.

sem hann lærði í búvísindunum á sínum tíma, eins og anatómíu og grasafræði. „Þegar ég var að vinna að sýningunni *Ár og kýr* á sínum tíma þá var maður náttúrlega að horfa á hvernig kýrnar pösuðu.

Svo borgaði Landsvirkjun mér fyrir verkin og ég keypti mér dýrindis haugsugu fyrir peninginn,“ segir Jón og því hefur listin líka haft áhrif á búskapinn.

Hundar í öllum gervum

Jón vinnur oft að hinum og þessum séríum og þeim sem spanna mörg ár og fjöldann allan af myndum. Ein hugmynd sem hann hefur unnið hvað mest að eru hundar af öllu mögulegu tagi. „Það kom til

þannig að einn félagi minn þjáðist af þunglyndi og burtkallaðist út af því. Mér var svo mikið um að ég fór að mála litla svarta hunda sem tákn fyrir þunglyndi.

Ég hef haldið áfram með þetta í áraraðir og þegar gleðin tók völd fór ég að mála hjartari hunda,“ segir Jón, en hann á nú um 250 myndir af hundum.

Hann malar bara andlit hundsins og heldur sig alltaf við striga af sömu stærð. Að öðru leyti eru hundarnir ólíkir og bera allir sín skýru einkenni, s.s. manna á borð við Salvador Dalí, Donald Trump og fleiri. Einnig malar hann hunda sem eru innblásnir af pönki, eldgosum, njósnum og fleiru sem kemur Jóni til hugar hverju sinni.

Hárið kemur að góðum notum

„Alltaf reiknaði ég með að það kæmi rússnesk prinsessa og byði mér í kastalann sinn til þess að sýna hundamyndirnar. Mér heyrst þó á fréttunum að það sé orðið ólíklegt. Það kom þó einu sinni indverskt par, alveg rosalega ríkt.

Konan er að skoða á meðan ég sit við að mála og mig vantaði eitthvað smá hól þannig ég spyr hana: „Hvernig finnst þér myndirnar?“ Þá segir hún: „Your paintings are okay, but your hair is very, very beautiful,“ og þá fattaði ég náttúrlega að þetta gæti hafa verið prinsessa,“ segir Jón.

Varðandi þetta mikla hár segist hann ekki hafa klippt það frá



Jón hefur ástríðu fyrir því að vinna og nýtur hann þess að vera í návígi við náttúruna.



Siðjúgra kýr sem gerð var í tengslum við seríuna *Ár og kýr*.

aldamótum, nema einn og einn lokk til þess að binda aftur hlið.

Bjart fram undan hjá bændum

Jón segir að bjartir dagar séu fram undan í landbúnaði, þó svo að

alltaf séu áskoranir sem þurfi að glíma við. „Maður finnur það að í heiminum er meiri jákvæðni og skilningur í garð landbúnaðar og bænda. Skíturinn mokar sig ekki sjálfur þó maður djassi með pensli á kvöldin.“

BOMAG JARÐVEGSPJÖPPUR

- þýsk gæði



Bomag BT 60 e
Jarðvegsþjappa - 71 kg



Bomag BT 65
Jarðvegsþjappa - 68 kg



Bomag BR 95
Jarðvegsþjappa - 92 kg



Bomag BVP 10/30
Jarðvegsþjappa - 46 kg



Bomag BP 10/35
Jarðvegsþjappa - 65 kg



Bomag BVP 18/45
Jarðvegsþjappa - 91 kg



Bomag BPR 25/50
Jarðvegsþjappa - 140 kg



Bomag BPR 35/60 H
Jarðvegsþjappa - 228 kg



Bomag BPR 45/45
Jarðvegsþjappa - 340 kg



Bomag BPR 60/65 D/E
Jarðvegsþjappa - 460 kg



Bomag BPR 100/80
Jarðvegsþjappa - 695 kg



**NÝIR
UMBODSADILAR
Á ÍSLANDI**

Eigum allar þjöppur til á lager



Svissnesku garðyrkjubændurnir í Narfaseli flýja íslenska veðráttu og skammdegi:

Ungt par kaupir landið og garðyrkjustöðina

– „Erum miklir umhverfissinnar og höfum ástríðu fyrir góðum mat“

Sigurður Már
Harðarson
smh@bondi.is



Frá byrjun árs 2020 hafa svissnesku hjónin Laurent og Lola Balmer byggt upp litla garðyrkjustöð undir Hafnarfjalli í Borgarfirði sem þau nefndu Narfasel.

Nú hafa þau hins vegar gefist upp á íslensku veðráttu; sólarleysi og skammlífu sumri – ekki vegna áhrifa á uppskeru heldur á eigin geðheilsu. Ungt par, Ásta Karen Helgadóttir og Filip Poach, hefur keypt land og húsakost í Narfaseli og tekur við rekstrinum í byrjun september.

„Við erum mikið útvistarfolk og líður best úti í náttúrunni, hvort sem það er uppi á fjöllum á fjallaskíðum eða úti í sjó á brimbrettum – höfum búið víða um landið og það var alltaf stefnan okkar að kaupa eign fyrir utan höfuðborgarsvæðið. Svo þegar þetta einstaka tækifæri kom upp var það of fullkomið til að sleppa því.“

Við hlökkum til að vinna meira með árstíðunum, veðrum og vindum. Við erum bæði miklir umhverfissinnar og höfum ástríðu fyrir góðum og hollum mat,“ segir Ásta um forsöguna að kaupnum.

Afinn skólastjóri á Reykjum

Að sögn Ástu kaupa þau land og allan húsakost í Narfaseli og fjármagna kaupin með eigin sparifé, sölu á eignum og bankaláni. Þau hafa hvorugt beinlínis reynslu af grænmetisframleiðslu eða öðrum landbúnaði, en Ásta segir að hún hafi tengsl við garðyrkju úr barnæsku. „Við höfum ekki unnið við garðyrkju áður, nema ég í skólagörðum, en margar af mínum fyrstu minningum eru frá Garðyrkjuskólanum á Reykjum, þar sem afi minn, Grétar Jóhann Unnsteinsson, var enn skólastjóri þegar ég var lítil.“

Þar hlupum við systkinin í gegnum gróðurhúsin og lékum okkur þar sem var verið að prófa að rækta alls konar grænmeti og eins og frægt er orðið, bananatré. Filip ólst upp í smábæ í skógríku



Filip Poach, Ásta Karen Helgadóttir, Lola og Laurent Balmer.

Mynd / Narfasel



Laurent við gulrótarakurinn í Narfaseli.

Mynd / smh

fjalllendi í Tékklandi þar sem afi hans og amma stunduðu sjálfsþurftarbuskap,“ segir Ásta.

Umfangsminni ræktun í byrjun

Þegar þau eru spurð hvort þau hyggt halda sömu ræktun og þau Laurent og Lola voru með, segir Ásta að umfangið verði talsvert minna – og þau ætla ekki að fást við svínarækt eins og forverarnir. „Þar sem við erum að fara að stunda ræktun í fyrsta sinn munum við þurfa að einbeita okkur að færri tegundum fyrst um sinn. Við eigum eftir að ákveða nákvæmlega hvaða tegundir við munum rækta á næsta ári en það verða líklega um þrjár til fimm tegundir af grænmeti.“

Þau Ásta og Filip hræðast ekki óblítt veðurfar undir Hafnarfjalli, þar sem þau séu orðin öllu vön vegna útvistaráhugamála sinna. „Við höfum stundað fjalla- og sjófróttir og erum ýmsu vön, höfum lengi vel fylgst mjög náið með veðurspám og til dæmis þegar við bjuggum á Vestfjörðum þurftum við margoft að ferðast í alls konar veðrum – eða bara vera skynsöm heima fyrir ef þannig var.“

Við munum bæði vinna meðfram ræktuninni og sem betur fer hefur sveigjanleiki til heimavinnu aukist vegna Covid-19, svo ef veðurspáin er slæm þurfum við vonandi ekki að ferðast neitt. Stefnan er svo að planta mikið af trjám á landinu á næstu árum til að auka skjól, en Laurent og Lola hafa þegar plantað nokkur þúsund trjám,“ segir Ásta.

Þau munu taka við Facebook-síðu Narfasels og þar munu upplýsingar berast um hvaða þjónusta verður í boði varðandi framboð og sölu á framleiðslunni.

Góðar viðtökur Íslendinga

Laurent segir ástæðu brotthvarfs þeirra ekki vera áhrif íslenskrar veðráttu á grænmetisframleiðslu, hún hafi ekki verið vandamál í sjálfu sér þótt gjarnan hafi blásið hressilega undir Hafnarfjalli og veður kannski ekki alltaf verið ákjósanlegt. Vörur þeirra hafi fengið góðar viðtökur og nefnir hann sérstaklega heidarleika Íslendinga sem hafa átt í viðskiptum við þau. „Það kom okkur í sjálfu sér að vissu leyti á óvart að upplifa það á þessum tveimur árum að

það skiluðu sér alltaf greiðslur til okkar fyrir sendingar okkar, sem við afhentum eða skildum eftir fyrir utan heimili fólks í Borgarfirði og á Akranesi. Við afhendingu skildum við eftir innleggssupplýsingar fyrir viðskiptavinum til að greiða fyrir vörurnar í heimabönkum sínum – og við höfum aldrei lent í því að fá ekki inn greiðslu fyrir grænmetið.“

Íslenskar kartöfluætur

Laurent segir að það hafi líka komið sér á óvart hversu Íslendingar séu spenntir fyrir nýjum kartöflum – og reyndar séu neysluvenjur Íslendinga á ýmsu grænmeti frábrugðnar því sem þau sjálf hafi vanist í Sviss. Þau hafi hins vegar fljótlega aðlagast þeim og getað gert flestum til hæfis. Langmest af þeirra uppskeru hafi selst og nánast engin matarsóun hafi verið frá þeirra garðyrkjustöð.

„Mesta áskorunin var að láta hanna gróðurhús sem gæti þolað norðaustanstorminn, sem við fundum á endanum með því að nota hyggjuvitnið og byggja þau sjálf í samstarfi við gott fólk í stað þess að kaupa fjöldaframleidd hús.“

Dýrmæt reynsla sem nýtist í næsta landi

Þau Laurent og Lola hafa fjárfest talsvert í tengslum við uppbyggingu garðyrkjustöðvarinnar í Narfaseli; keyptu land, tæki og tól og reistu sér íbúðarhúsnæði og tvö gróðurhús. „Það verður að vissu leyti eftirsjá að Narfaseli, en við fengum mikið út úr því að koma okkur upp aðstöðunni – skipulaginu og byggingavinnunni. Við erum nú tilbúin í að byggja upp á nýtt annars staðar, því reynslan frá Íslandi er ómetanleg. Við höfum verið að svipast um eftir heppilegu landi og núna list okkur vel á Suður-Ameríku og Paragvæ er álitlegt þar sem við munum halda áfram að rækta grænmeti á lítilli garðyrkjustöð, því þar liggur okkar ástríða,“ segir Laurent.

Hann áréttar að rekstur garðyrkjustöðvarinnar hafi gengið ágætlega og það sé ekki ástæða brotthvarfsins. Þar sé aðallega áhrifum íslenskrar veðráttu á sálarlífið um að kenna, íslensku skammdegi og of stuttum sumrum – sem þau hafi vanmetið.



ALLT FYRIR VINNU OG ÖRYGGI

Öryggisvörur - Vinnu- og öryggisfatnaður
Kíktu á úrvalið í vefverslun Dynjanda eða komdu við.
Við veitum þér faglega aðstoð.



allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h | Sími: 588 5080 | dynjandi.is



Sáning með Robotti landbúnaðarróbótanum.

Landbúnaðarsýningin í Herning: Landbúnaðarróbóti

Ýmislegt áhugavert bar fyrir augum á Landbúnaðarsýningunni í Herning á Jótlandi um síðustu mánaðamót.

Þar voru til sýnis fallegir gripir og áhugaverðar tækninýjungar til að létta bændum lífið og auka uppskeru.

Það sem vakti mesta athygli blaðamanns Bændablaðsins á sýningunni var stór sjálfstýrandi landbúnaðarróbóti sem kallast Robotti og er hannaður og framleiddur af dönsku fyrirtæki sem kallast Agointelli.

Við fyrstu sýn virtist róbótinn fremur klunnalegur enda er hann 3,1 tonn að þyngd og 2,15 metrar að hæð, tæpir fimm metrar að lengd og breidd og með bil á milli hjóla stillanlegt frá 1,66 og upp í 3,65 metra. Við nánari skoðun kom í ljós að græjan var furðu lipur og snögg í snúningum og vegna hönnunarinnar á hjólabúnaðinum gat hún snúið við svo gott sem á punktinum. Díselmótorinn sem drífur róbótinn áfram er af gerðinni Kubota.

Nýsköpun kjarninn

Ole Green, stofnandi Agointelli og aðalhönnuður Robotti liðléttingsins, sagði í samtali við Bændablaðið að mikil vinna og nýsköpun lægi að baki tækninni sem Robotti byggði á.

„Helsti kostur róbótans er að hann er ódýr í rekstri, léttir bændum vinnu og dregur úr fjölda starfsmanna og því fjárhagslega hagkvæmur. Auk þess viðbótarbúnaðar sem við bjóðum í dag erum við meðal annars að hanna tækni sem staðsetur og mælir vöxt plantnanna og getur því gefið viðbótarskammt af áburði þar sem þess er þörf.“



Ole Green, stofnandi Agointelli.

Í dag eru 30 slíkir róbótar í notkun í nokkrum löndum og en sá síðasti seldist til Austurríkis.“

Tvær týpur í boði

Robotti liðléttingana er hægt að fá í tveimur útgáfum, LR og 150D. Báðar týpunar vinna í meginráttum eftir lögmáli lítilla slátturóbóta þar sem vinnusvæðið er afmarkað fyrirfram en auk þess má stjórna þeim með fjarstýringu.

Báðar gerðirnar eru gerðar til að sá, reyta illgresi og úða á ökrum. Auk þess sem hægt er að fá fyrir þær aukabúnað eins og sláttuvél, jarðtætara, sæti til fólksflutninga og ýmislegt fleira.

LR týpan er keyrð áfram af einum mótora en 150D er með tvo mótora og því öflugri og ætluð fyrir torfæra land. Afkastageta beggja er um 36 hektarar á dag.

Að sögn Ole er fyrirtækið þegar komið með umboðsaðila víða um heim og fulltrúar þess alltaf tilbúnir að tala við þá sem hafa áhuga á upplýsingum um tækið. /VH

Sendum um land allt!


Allt fyrir sauðféð



Fjårbætur



Stein- og bætiefni



Stórbaggagrindur



Sími: 453 8888 - Opið virka daga kl. 9-17

Við Norðurlandsveg - 560 Varmahlíð

HAGKVÆM DEKK FYRIR ALVÖRU KRÖFUR

Þegar velja skal vinnuvéla- og landbúnaðardekk skipta gæði, ending og áreiðanleiki höfuðmáli.

Maxam dekkinn eru hagkvæmur kostur og hafa reynst vel við krefjandi aðstæður.

Gerðu kröfur - hafðu samband við sölumenn okkar í síma 590 5280 og kynntu þér kosti Maxam dekkjanna.



KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10
104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is

KLETTUR




Wendel
Stofnað 1957

HILLTIP VETRARBÚNAÐUR

**SNJÓTENNUR, FJÖLPLÓGAR,
SALT - OG SANDDREIFARAR**

Tangarhöfða 1 - 110 Reykjavík - 551-5464
www.wendel.is - wendel@wendel.is



UTAN ÚR HEIMI



Hollenskur bóndi tjáir hug sinn í Haag.

Mynd /wikipedia.org

Ólga í evrópskum bændum

– Aðgerðum vegna Green Deal-samþykktar Evrópusambandsins mótmælt

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Í sumar stóðu bændur í Hollandi og víðar um Evrópu fyrir óflugum mótmælum vegna ýmissa ákvarðana stjórnvalda sem snerta umhverfismál, landbúnað, verðhækkningar og afkomu bænda og neytenda.

Talsmenn bænda segja að með ákvörðunum sínum séu stjórnvöld að draga úr möguleikum bænda til að framleiða matvæli á viðráðanlegu verði og skerða lífsafkomu þeirra.

Green Deal samningurinn frá 2020 er stefnumótandi samþykkt framkvæmdarstjórnar

Evrópusambandsins um að lönd innan sambandsins verði loftslagshlutlaus árið 2025. Í samningnum er einnig gert ráð fyrir að dregið verði úr að minnsta kosti 50% losun á gróðurhúsalofttegundum fyrir árið 2030.

Samkvæmt samningnum er gert ráð fyrir að öll gildandi lög um endurnýjun bygginga, hringrásarhagkerfi, líffræðilegan fjölbreytileika, landbúnað og matvælaframleiðslu verði endurskoðuð og uppfærð.

Markmið Green Deal

Aðgerðaáætlun Green Deal samþykktarinnar í tengslum við landbúnað og matvælaframleiðslu kallast From Farm to Fork. Meginmarkmið áætlunarinnar

snýst um sjálfbærni í landbúnaði og matvælaframleiðslu, hvort sem það er til sjós eða lands, framleiðsluaðferðir, umbúðir og flutninga. Í samþykktinni er meðal annars gert ráð fyrir að dregið verði úr notkun eitrefna í landbúnaði og framboð á hollum matvælum aukið.

Markmið samþykktarinnar hvað varðar landbúnað og matvælaframleiðslu fyrir árið 2030 eru eftirfarandi:

- Að 25% landbúnaðarframleiðslu innan Evrópusambandsins verði lífræn
- Að dregið verði úr notkun eitrefna í landbúnaði um 50%
- Að dregið verði úr notkun kemísks áburðar um 20%
- Að dregið verði úr útskolun næringarefna úr jarðvegi um 50%



Búfjáraðurur og dreifing hans er sögð vera helsta ástæða niturmengunar í jarðvegi.

Mynd / wikipedia.org

- Að dregið verði úr notkun á sýklalyfjum í landbúnaði og fiskeldi um 50%
- Að settar verði sjálfbærni-merkingar á matvæli
- Að minnka matarsóun um 50%

Stóra ákvarðanir í Hollandi

Ákvarðanir stjórnvalda sem snúa að framkvæmd markmiða Green Deal í landbúnaði gera bændum meðal annars skylt að draga verulega saman í notkun á nituráburði, fækka búfé og draga úr losun á koltvísýringi til að vernda umhverfið.

Holland er stærsti útflytjandi kjöts í Evrópu og fjöldi búfjár þar mjög mikill miðað við flatarmál landsins. Í sumum tilfellum hefur bændum þar í landi verið gert að fækka búfé um helming eða stjórnvöld boðist til að kaupa jarðir þeirra svo þeir hætti búskap. Að sögn fulltrúa hollenskra stjórnvalda er tilgangurinn að minnka metanlosun.

Bændur benda aftur á að á sama tíma losi stórfyrirtæki, flugfélög, iðnaður, flutningar og samgöngur um allan heim gríðarlegu magni gróðurhúsalofttegunda án teljandi afskipta stjórnvalda. Þetta þykir bændum og samtökum þeirra óréttlátt og segja að ábyrgðinni sé alfarið varpað á þá og að ákvarðanir stjórnvalda grundvallast á skammsýni og óvirðingu fyrir mikilvægi matvælaframleiðslu, og komi illa niður á starfsemi þeirra og landbúnaði í heild.

Aðföng hækka í verði

Á sama tíma og bændum er gert að breyta búháttum sínum með tilfallandi kostnaði hefur kostnaður vegna aðfanga í landbúnaði hækkað

verulega. Slíkar hækkanir leiða til hækkana á framleiðsluverði og hækkanar matvælaverðs.

Þá hefur innflutningur á ódýrum matvælum aukist frá löndum þar sem reglur um framleiðslu eru ekki eins strangar, eftirlit minna, laun lægri og aðbúnaðarreglugerðir fyrir búfé lakari.

Vilja fækka búfé um helming

Árið 2019 kom út skýrsla Heilbrigðis- og umhverfisstofnunar Hollands þar sem kom fram að búfjáraðurur í landinu bæru ábyrgð á losun 46% alls niturs í jarðvegi með dreifingu á búfjáraðurur. Í skýrslunni segir einnig að eina raunhæfa leiðin til að draga úr skaðlegum áhrifum niturs í jarðvegi, ám og vötnum sé með því að fækka búfé.

Upphaf bændamótmælanna í sumar má rekja til tillögu sem kom fram á hollenska þinginu skömmu eftir að skýrslan kom út og lagði til að fækka skyldi búfé í landinu um helming. Í kjölfarið hafa svo margir aðrir þættir komið fram sem hafa ýtt frekar undir mótmælin. Meðal annars auknar kröfur stjórnvalda um mikinn samdrátt í notkun á nitri og losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði, aukinn innflutningur matvæla og nú síðast hækkanar orkuverðs vegna innrásar Rússa í Úkraínu.

Lögreglan skaut á bændur

Í júní síðastliðinn gripu rúmlega 40 þúsund bændur í Hollandi til aðgerða vegna samþykktar stjórnvalda um minni losun niturs í landbúnaði og lokuðu vegum með dráttarvélum og neituðu að selja framleiðslu sína í verslanir.

Mótmælin vöktu talsverða athygli

Lífræn hreinsistöð



• Fyrirferðalítill fullkomin sambyggð skolphreinsistöð

• Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar

• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð

• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti

• Engir hreyfanlegir hlutir

• Stærðir frá 6 - 55 persónueiningar



WPL
Diamond



IDNVER

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

Þar sem til harðra átaka kom milli bænda og lögreglu þar sem bændur kveiktu í heyböggum við opinberar byggingar. Að sögn lögreglu reyndu bændur í nokkrum tilfellum að aka dráttarvélum sínum á lögreglubíla og lögreglan skaut viðvörunarskotum í átt að bændum.

Mótmælin breiðast út

Í framhaldi af mótmælunum í Hollandi breiddust þau út til fleiri landa og þýskir, spænskir, ítalskir og pólskir bændur fylgdu í fótspor Hollendinganna.

Þrátt fyrir að ástæður mótmælanna séu af svipuðum meiddi og snúist um óánægju bænda með aðgerðir stjórnvalda er yfirleitt áherslumunur á þeim milli landa.

Þýskir bændur mótmæltu meðal annars vegna nýrra laga um endurnýtanlega orku sem þeir segja að veiti ekki nægan stuðning til framleiðslu á lífdísil. Að sögn framkvæmdastjóra samtaka þýskra bænda sé óskiljanlegt að í orkukreppu sé verið að hefta framleiðslu á sjálfbærum innlendum orkugjafa.

Mótmæli pólskra bænda í Varsjá voru undir slagorðunum „Nú er nóg komið“ og „Verkamennt bera ekki ábyrgð á kreppu sem stjórnmalamenn hafa skapað“ og snerust aðallega um hækkun á verði á áburði og innflutningi ódýrum matvælum.

Á Spáni lokuðu bændur í suðurhluta Andalúsíu vegum og mótmæltu háu eldsneytisverði og hækkun aðfanga og nauðsynjavöru.

Á Ítalíu töfðu bændur borgarumferð með hægagangi dráttarvéla af sömu ástæðum.

Tvíeggja sverð

Stjórnmalamenn vöruðu við áframhaldandi mótmælum og mögulegum áhrifum þeirra fyrir hagkerfið, sér í lagi í ljósi innrásar Rússa í Úkraínu og óvissunnar í kjölfar hennar.

Aðrir sögðu að lönd Evrópu-sambandsins yrðu að gyrða sig í brók og tryggja fæðuöryggi innan landa sambandsins. Að öðrum kosti mundi það koma niður á allri matvælaframleiðslu í heiminum og kynda undir aukinni verðbólgu.



Götulokun hollenskra hermanna í Haag til að koma í veg fyrir að bændur komist leiða sinna til að mótmæla. Mynd /wikipedia.org

Breyttir búskaparhættir

Skilaboð stjórnvalda vegna aðgerða sem tengjast aðgerðaáætlun Green Deal eru skýr. Til að ná markmiðum áætlunarinnar verða margir bændur að hætta búskap og þeir sem búa áfram verða að aðlagða búskaparhætti sína að nýjum aðstæðum og kröfum umhverfinu til hagsbóta, ekki síst með því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Talsmenn bænda segja rétt að grípa verði til aðgerða í umhverfismálum en að þeir geti ekki einir borið ábyrgð á þeim aðgerðum. Samfélagið allt verði að vinna að markmiðum Green Deal sameiginlega. Bændur segja jafnframt að tillögur þeirra hafi fram til þessa verið hunsaðar og stjórnvöld ekki verið til viðræðu um að leysa ágreininginn í samvinnu við þá.

Green Deal hefur ekki áhrif á Íslandi

Í svari frá matvælaráðuneytinu um hvort eða hvernig áhrif Green Deal-samþykkt Evrópusambandsins hefði áhrif á bændur á Íslandi segir að heilt yfir hafi stefnumótun ESB í landbúnaðarmálum ekki beina þýðingu hér á landi, enda landbúnaður ekki hluti EES sáttmálans.

„Innan styrkjakerfis landbúnaðarins á Íslandi hefur aukin áhersla verið lögð á loftslagsmál síðustu ár og áætlað að þau verði jafnframt í forgrunni við næstu endurskoðun búvörusamninganna sem fer fram á næsta ári.“

Þá er einnig unnið að mótun landbúnaðarstefnu fyrir Ísland þar sem áhersla er lögð á loftslagsmál og umhverfisvernd. Við þá vinnu er tekið mið af sérstöðu íslensks landbúnaðar sem er stundaður við aðstæður sem eru verulega frábrugðnar því sem gerist í löndum Evrópusambandsins, bæði markaðslega og veðurfarslega.

Sérfræðingar matvælaráðuneytisins fylgjast grannt með þróun landbúnaðarmála innan ESB og nýta þá reynslu við stefnumörkun fyrir íslenskan landbúnað en ekki liggur endanlega fyrir hvort eða hvaða áhrif Green Deal gæti haft hér á landi með tilliti til skuldbindinga og tæknilegrar útfærslu í loftslagsmálum.“

Floods Trähus



Hentug hús um land allt - Aðeins til sölu á Íslandi!

Húsið er með gluggum frá gólfi upp í loft auk mikillar lofthæðar í eldhúsi og stofu. Einnig sést vel út í garð og á pallinn. Fjögur svefnherbergi, þar af eitt stórt hjónaherbergi með stóru fataherbergi og stóru baðherbergi. Breytingar á herbergjaskipan hússins eru kaupendum að kostnaðslausu.



Frekari upplýsingar gefur sölustjóri á Íslandi - Hinrik Gunnarsson
Veffang: hinrik@floodstra.com • Sími: 0046 705741099 • Vefsíða: www.floodstra.com/



RUSLAPRESSUR

Hafðu hemil á sorpinu!



995.000 + vsk.

- 8 tonna pressa
- Tekur við allt að 180kg. af rusli
- Tengist við venjulegt 220V rafmagn



690.000 + vsk.

- 5 tonna pressa
- Tekur við allt að 100kg. af rusli
- Tengist við venjulegt 220V rafmagn



Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is




Smurefni fyrir vélvæddan landbúnað



Nútíma landbúnaður krefst mikils vélakosts. Gæðasmurefni skipta öllu máli fyrir virkni og endingu véla. Olís veitir ráðgjöf um olíu- og smurefnanotkun fyrir allar landbúnaðarvélar.

Ráðgjafar Olís veita allar nánari upplýsingar
í síma 515 1100 eða pontun@olis.is.

olis



Norðausturland

Álandstungurétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði	sunnudaginn 11. sept.
Árrétt í Bárðardal	sunnudaginn 4. sept.
Baldurshémsrétt í Mývatnssveit, S.-Þing.	sunnudaginn 4. sept.
Dalsrétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði	laugardaginn 10. sept.
Fjallalækjarselsrétt	sunnudaginn 4. sept.
Fjallarétt í Kelduhverfi	laugardaginn 10. sept.
Fótarrétt í Bárðardal	mánudaginn 5. sept.
Garðsrétt í Þistilfirði	sunnudaginn 4. sept.
Geldingárrétt í Svalbarðsströnd	laugardaginn 10. sept.
Gljúfurárrétt í Grýtubakkahr., S.-Þing.	sunnudaginn 11. sept.
Gunnarsstaðarétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði	laugardaginn 10. sept.
Hallgilsstaðarétt á Langanesi	Þriðjudaginn 6. sept., seinni réttir mánudaginn 12. sept.
Hliðarrétt í Mývatnssveit, S.-Þing	sunnudaginn 4. sept. kl. 10:00
Hraunsrétt í Aðaldal, S.-Þing.	sunnudaginn 11. sept.
Húsvikurrétt	laugardaginn 10. sept. kl. 14:00
Hvamsrétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði	föstudaginn 9. sept. kl. 16:00
Katastaðarétt í Núpasveit, N.-Þing.	sunnudaginn 10. sept. kl. 08:30
Landsrétt í Öxarfirði, N.-Þing.	Upplýsingar vantar.
Leirhafnarétt á Melrakkasléttu, N.-Þing	sunnudaginn 18. sept. kl. 09:00
Lokastaðarétt í Fnjóskadal, S.-Þing.	sunnudaginn 11. sept.

Mánárrétt á Tjörnesi	sunnudaginn 11. sept.
Miðfjarðarnesrétt á Langanesi	mánudaginn 5. sept.
Miðfjarðarrétt	föstudaginn 16. sept.,
Mýrarrétt í Bárðardal, S.-Þing.	laugardaginn 3. sept.
Ósrétt á Langanesi	fimmtudaginn 15. sept.
Sandfellshagarétt í Öxarfirði, N.-Þing.	miðvikudaginn 7. sept.
Skógarrétt í Reykjahverfi, S.-Þing.	laugardaginn 10. sept.
Stórsandhólarétt á Sandhólum - Tjörnesi	laugardaginn 10. sept.
Tjarnarleitisrétt í Kelduhverfi, N.-Þing.	sunnudaginn 11. sept. kl.
Tungurétt í Öxarfirði, N.-Þing.	sunnudaginn 4. sept. kl.
Tunguselsrétt á Langanesi	mánudaginn 5. sept. kl.
Víðikersrétt í Bárðardal, S.-Þing.	miðvikudaginn 28. ágúst
Víkingavatsrétt í Kelduhverfi, N.-Þing.	laugardaginn 10. sept.
Þorvaldsstaðarétt, Langanesbyggð	laugardaginn 17. sept.
Þorvaldsstaðarétt, Langanesbyggð	Þriðjudaginn 14. sept.

Austurland

Melarétt í Fljótsdal, N.-Múl.	laugardaginn 17. sept.
Ormarsstaðarétt í Fellum, Fljótsdalshérad	Upplýsingar vantar.
Seyðisfjarðarétt við Nátthaga	Upplýsingar vantar.
Teigsrétt, Vopnafirði	mánudaginn 5. sept. kl. 16:00

Suðausturland

Borgarhafnarétt, Suðursveit, A.-Skaft.	laugardaginn 3. sept. kl. 16:00
--	---------------------------------

Brunnavallarétt, smalað úr Eystra-Landi, Miðþorpi í Suðursveit	laugardaginn 27. ágúst
Brunnavallarétt, smalað úr Staðardal, Miðþorpi í Suðursveit	sunnudaginn 28. ágúst
Fossrétt á Síðu, V.-Skaft.	Upplýsingar vantar.
Grafarrétt í Skaftártungu, V.-Skaft.	Upplýsingar vantar.
Kálfafeilsdalsrétt, Miðþorpi, Suðursveit	laugardaginn 27. ágúst
Kálfafeilsrétt, Miðþorpi, Suðursveit	sunnudaginn 28. ágúst
Skaftárrétt, V.-Skaft.	Upplýsingar vantar.

Suðurland

Austur-Landeyjaréttir hjá Grenstanga, Rang.	sunnudaginn 25. sept. kl. 14:00
Brúsastaðarétt í Þingvallasveit, Árn.	sunnudaginn 18. september kl. 17:00
Fjårborgarétt í Hólmsheiði	laugardaginn 17. sept. kl. 18:00
Fjallrétt við Þrólfssfell, Rang.	mánudaginn 12. sept. kl. 10
Fljótshlíðaréttir í Fljótshlíð, Rang.	sunnudaginn 18. sept. kl. 11
Haldréttir í Holtamannafrétti, Rang.	sunnudaginn 11. sept.
Heiðarbæjaréttir í Þingvallasveit, Árn.	laugardaginn 17. september kl. 15:00
Hraðastaðarétt í Mosfellsdal	laugardaginn 17. sept. kl. 16:00
Hrunaréttir í Hrunamannahreppi, Árn.	föstudaginn 9. sept.

FJÁRRÉTTIR

Kortagerð: Ólafur Valsson Copyright ©

Húsmúlarétt við Kolviðarhól, Árn.	laugardaginn 17. sept. kl. 14:00
Kjósarrétt í Kjós	sunnudaginn 18. sept. kl. 15:00
Krýsuvikurrétt v. Suðurstrandarveg	laugardaginn 24. sept. kl. 13:00
Landréttir við Áfangagil, Rang.	fimmtudaginn 22. sept. kl. 12:00
Laugarvatnsrétt, Árn.	sunnudaginn 11. sept.
Reyðarvatnsréttir á Rangárvöllum	laugardaginn 17. september kl. 11:00
Reykjaréttir á Skeiðum, Árn.	laugardaginn 10. sept. kl. 9:00
Grafningsréttir í Grafningi	mánudaginn 19. sept. kl. 09:45
Seljalandsréttir undir Eyjafjöllum, Rang.	laugardaginn 17. sept.
Selvogsréttir í Selvogi, Árn.	sunnudaginn 25. sept. kl. 09:00
Skaftholtsréttir í Gnúpvjehreppi, Árn.	föstudaginn 9. sept. kl. 11:00
Tungnaréttir í Biskupstungum	laugardaginn 10. sept. kl. 9:00
Vestur-Landeyjaréttir við Forsæti, Rang.	sunnudaginn 18. sept.
Þoristunguréttir, Holtamannafr., Rang	sunnudaginn 11. sept.
Þórkötlustaðaréttir í Grindavík	sunnudaginn 18. sept. kl. 14:00
Ölfusréttir í Reykjadal, Ölfusi	sunnudaginn 18. sept. kl. 15:00



Stóðréttir haustið 2022

Stóðréttir verða nú með sama brag og fyrir kórónuveirufaraldurinn, sem takmarkaði fjölda gesta síðustu tvö ár.

Listi yfir fjárréttir eru á blaðsíðum 32-33 og upplýsingar um viðbætur eða leiðréttingar skal senda á netfangið smh@bondi.is. /smh

Auðkúlurétt við Svínavatn, A.-Hún.	laugardaginn 1. okt.
Árhólarétt (Unadalsrétt) við Hofsó, Skag.	föstudaginn 23. sept.
Deildardalsrétt í Deildardal, Skag.	laugardaginn 1. okt.
Flókadalsrétt, Fljótum, Skag.	Upplýsingar vantar.
Fossarrétt á Skaga, A.-Hún.	laugardaginn 17. sept.
Hlíðarrétt við Bólstaðarhlíð, A.-Hún.	Upplýsingar vantar.
Kjalarlandsrétt, A.-Hún.	laugardaginn 17. sept.
Laufskálarétt í Hjaltadal, Skag.	laugardaginn 24. sept.
Melgerðismelarétt í Eyjafjarðarsveit	laugardaginn 1. okt.
Miðfjarðarétt í Miðfirði, V. - Hún.	laugardaginn 3. sept. kl. 08:00
Selnesrétt á Skaga, Skag.	laugardaginn 17. sept.
Skarðarétt í Gönguskörðum, Skag.	laugardaginn 17. sept.
Skrapatungurétt í A.-Hún.	sunnudaginn 18. sept. kl. 11
Staðarrétt í Skagafirði	laugardaginn 17. sept.
Tungurétt í Svarfaðardal, Eyf.	laugardaginn 1. okt.
Unadalsrétt (Árhólarétt) við Hofsó, Skag.	Upplýsingar vantar.
Undirfellsrétt í Vatnsdal, A.-Hún.	sunnudaginn 25. sept. kl. 09:00
Víðidalstungurétt í Víðidal, V.-Hún.	laugardaginn 1. okt. kl. 11:00
Þverrárrétt í Eyjafjarðarsveit	laugardaginn 1. okt.
Þverrárrétt í Vesturhópi, V.-Hún.	Upplýsingar vantar.



Jarðýta sem lagði Svalvogaveg er enn þá í notkun í Hvalfirði. Elís Kjaran átti nokkrar ýtur af gerðinni International Harvester TD-8, en þær hafa gengið undir nöfnunum nashyrningar, teskeiðar og nallar. /AL

Saga vélar:

Teskeiðin hans Elísar Kjarans

– Á Eystra-Miðfelli í Hvalfirði leynist jarðýta sem á sér merkilegan bakgrunn

Núverandi eigandi jarðýtunnar, sem er átta tonna International Harvester TD-8 B, er Jón Valgarðsson, bóndi á Eystra-Miðfelli.

Hann keypti ýtuna notaða af Véladeild Sambandsins árið 1982 og frétti ekki fyrr en seinna að hún hafi áður verið í eigu Elísar Kjarans. „Þeir höfðu tekið hana upp í nýja vél af sömu gerð sem hann var að kaupa,“ segir hann.

Jón hefur notað ýtuna við rektunarstörf á sinni jörð, eins og til að ýta út ruðningum og til að slétta út tún. Þó hefur notkunin allra síðustu ár verið nokkuð lítil þar sem

beltangurinn undir henni öðrum megin er orðinn slitinn.

„Kramið í henni er allt mjög gott – mótörinn er góður, drifið og allt aftur úr. Mig langar til að laga beltanginn á henni til þess að hún verði enn þá betri en hún er og ætla ég að halda henni í lagi á meðan ég á hana. Það hafa stundum komið hingað menn sem hafa viljað fá hana keypta, en hún verður ekki seld,“ segir Jón.

Í upprunalegu ástandi

Vélin er að sögn Jóns algjörlega upprunaleg.

„Þegar synir Elísar Kjarans skoðuðu hana í fyrra voru þeir fljótir að bera kennsl á hvaða ýta þetta væri út frá hinum og þessum einkennum sem þeir þekktu,“ en Elís átti minnst fjórar ýtur af þessari gerð í gegnum sinn feril. Samkvæmt Jóni er mjög lipurt að vinna á ýtuna. „Það er ágætur kraftur í henni til þess að gera það sem henni er ætlað. Hún er samt ekki með neinn nýtískubúnað eins og loftpúðastól og maður þarf að vera með heyrnarskjól.“

Svalvogavegurinn lagður á grunnri rollugötu

Ragnar Kjaran Elísson vann með föður sínum á ýtum í nokkur ár. Hann segir Elís hafa átt nokkrar TD-8 jarðýtur, sem oft voru kallaðar nashyrningar, í gegnum tíðina og yfirleitt hafi hann átt tvær í einu.

Elís vann við gerð hins margfræga Svalvogavegar á áttunda áratugnum, sem tengir Dýrafjörð og Arnarfjörð strandleiðina, ásamt því sem hann mokaði snjó á Hrafnseyrarheiði, við jarðrækt í Ísafjarðardjúpi og við hin fjölmörgu verk fyrir Vegagerðina.

Ragnar segir föður sinn hafa tekið lagningu Svalvogavegarins sem áskorun fyrst, en hann vann við að hreinsa veginn út í Svalvoga frá Keldudal Dýrafjarðarmegin á vorin. Frá Keldudal var gönguleiðin út í Svalvoga á rollugötu í fjallshlíðinni sem var ekki alltaf fær.


„Hann langaði til þess að athuga hvort hornið á ýtunni myndi ekki geta gert smá rás til þess að það væri auðveldara að labba þetta. Það gekk ágætlega þannig að hann hélt áfram,“ segir Ragnar.

Verkið tók fjögur sumur og tók Ragnar mikinn þátt í veglagningunni með föður sínum.

Framrúða brotnaði vegna fljúgandi verkfæra


Þrátt fyrir að hafa unnið á jarðýtunni í snarbröttum fjallshlíðum lenti Elís aldrei í alvarlegum óhöppum. Það var þó einu sinni við lagningu raflínu í Arnarfirði að hann missti ýtuna í það bratta brekku að hann þurfti að gefa allt í botn til að missa ekki stjórn á henni.

„Það var það bratt að verkfærin sem hann geymdi undir sætinu flugu út um framrúðuna,“ segir Ragnar. /AL



Elís Kjaran ásamt syni sínum, Ragnari Kjaran, við lagningu Svalvogavegarins. Mynd úr Morgunblaðinu 28. júlí 1973. Mynd / timarit.is

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir

Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VAGNAR HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Landgræðslan:

Losun CO2 minnkar við endurheimt

Landgræðslan sendi nýverið frá sér skýrslu um samstarfsverkefni sitt og Landsvirkjunar við endurheimt votlendis á tveimur jörðum, Sogni í Ölfusi og á Ytri-Hraundal á Mýrum.

Mælingar sýna marktæka minnkun í losun koltvísýrings við endurheimt votlendis.

Verkefnið skiptist í þrjá verkþætti, framkvæmd endurheimtar og mismunandi verklag við framkvæmdir, vöktun breytinga á grunnvatnshæð og losun gróðurhúsalofttegunda eftir endurheimt og árangur mismunandi meðferða til að flýta fyrir landnámi votlendisgróðurs í sárum sem mynduðust við framkvæmdina.

Hækkun grunnvatnsstöðu dregur úr losun

Samkvæmt mælingum minnkaði losun koldíoxíðs marktækt eftir endurheimt og í samræmi við hækkun á grunnvatnsstöðu en ekki var marktækur munur á losun metans fyrir og eftir endurheimt.

Mikill munur var á mælipáttum á milli svæða og á milli vöktunarreitanna innan svæðanna. Sem gefur til kynna hversu mikill breytileiki getur verið á litlum og afmörkuðum svæðum.

Tveimur árum eftir endurheimt sást að með því að hækka grunnvatnsstöðuna á þessum



Jóhann Thorarensen, starfsmaður Landgræðslunnar, við mælingar á losun gróðurhúsalofttegunda. Mynd / land.is

framræstu svæðum minnkaði losun koldíoxíðs marktækt og sú minnkun var í samræmi við hversu mikið grunnvatnshæðin hækkaði. Vöktunin sýnir einnig mikilvægi þess að nýta allar gróðurforfur á yfirborði, vegna þess að ekki er vitað fyrir fram hversu fljótt gróður nemur land í sárum og mun meiri fyrirhöfn er að grípa inn í á seinni stigum en að huga að þessum þáttum þegar endurheimt er framkvæmd.

Á heimasíðu Landgræðslunnar segir að mikilvægt sé að fylgjast áfram með svæðunum til að meta langtímaárangur endurheimtarinnar. /NH

Noregur:

Útflutningur á haförnum

Norðmenn hafa aldrei flutt út jafn marga hafarnarunga og í sumar. Samtals voru 35 ungar fluttir út til Evrópulanda.

Í Noregi er stærsti stofn hafarna í Evrópu. Vegna heilbrigðs stofns hafa Norðmenn fangað unga og flutt til annarra í Evrópu sem hafa viljað stækka eða endurvefja kyn hafarna á sínum slóðum. Af þessum 35 ungum sem fóru frá Noregi í ár voru 16 einstaklingar sendir til Írlands og 19 til Spánar, Bondebladet greinir frá.

Ungarnir eru handsamaðir við strandlengjuna í Þrándarlögum og Mæri og Raumsdal. Við eyjuna Frøya, skammt frá Þrándheimi, hefur mestur framgangur verið við að



Norðmenn flytja út hafarni til þess að styrkja stofna í þeim Evrópulöndum sem þess óska. Mynd / Dan Russon

koma höndum yfir ungana þar sem hreiðrin eru gjarnan á jörðu niðri, í stað þess að vera uppi í klettum og trjám. Leitinn að heppilegum hreiðrum getur verið tímabær þar sem krafa er gerð til þess að minnst tveir ungar séu í hverju varpi. /AL

VANTAR ÞIG HEYRNARTÆKI?

Nýju **MORE** heyrnartækin eru þjálfuð til að þekkja hljóð. Innbyggt djúptauganet skilar einstaklega nákvæmri hljóðvinnslu og skýrum hljómgæðum.

Í september bjóðum við upp á heyrnarmælingar og ráðgjöf á:

Akureyri, Egilsstöðum, Akranesi, Siglufirði, Selfossi, Vestmannaeyjum, Keflavík, Borgarnesi og Sauðárkróki.

Tímabókanir í síma 568 6880

Heyrnartækni

Glæsibæ | Reykjavík | Landsbyggðaþjónusta | Heyrnartaekni.is | 568 6880



PRÓPÍONSÝRA



Kostir notkunar

Örugg varðveisla á byggi allan geymslutímann
Hámarksvörn gegn myglu- og gersveppum
Heldur aftur af óæskilegri gerjun
Eykur fóðurinntöku

Eigum til afgreiðslu strax!

LANDSTÓLPI

Gunnsbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

CFMOTO fjórhjólin fáast hjá okkur



CFMOTO 450
1.459.000,-



CFMOTO 520
1.549.000,-



CFMOTO 1000
2.690.000,-

Öll hjólin eru með beinni innspýtingu, rafmagnstýri, spili, dráttarkrök, handahlífum, háu og lágu drifi með læsingu. Vökvabremsum, áfelgum og eru tveggja manna traktorsskrað. Verð er með Vsk.

Nánari upplýsingar á www.nitro.is

NITRO

Nitro - Úrðarnvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is



UTAN ÚR HEIMI

Matjurtir:

Tómata- og kartöfluplantan sem allir þrú

Margir matjurtaræktendur eiga ekki stóra garða eða kjósa að nýta þá til hins ýtrasta.

Með það í huga kynnti fyrirtækið Beekenkamp Plants á markað plöntu af náttskuggaött, er þer nú nafnið TomTato. Er nafnið vísun í afurðir plöntunnar, tómata og kartöflur. Báðar plöntur af náttskuggaött (ásamt papriku og eggaldin – ef einhvern langar að spreya sig á því að gera nýjar tegundir með því að skeyta saman tveimur) og var því engu erfðabreytinga þörf við myndun plöntunnar sem gefur af sér bæði tómata og kartöflur.

Skáskornar og festar með teipi

Fer ferlið þannig fram að plönturnar vaxa sitt í hvoru lagi, en þegar þær eru komnar nokkuð á legg er best að skáskera þær og græða saman og festa með límbandi. Gæta þarf að vaxtarvefurnir snertist en þá má finna í ystu eða ytri lögum á stöngli plantna.

Plantan mun geta framleitt allt að 500 gómsæta kirsuberjatómata auk fjölda kartafna. Forsvarsmenn Beekenkamp fyrirtækisins segja þó að ávextir TomTato's hafi hærra sykurrinnihald vegna misræmis á sýrustigi, en kartöflurnar sem eru gular og stórar séu fullkomnar til matargerðar – hvort heldur til að sjóða, stappa eða steikja.

Hvernig ræktar þú TomTato?

Góðu fréttirnar eru þær að auðvelt er að rækta plöntuna – meira að segja í fláti að því gefnu að hún hafi nægilega dýpt til að rúma kartöflurnar sem vaxa. TomTato plantan þarf mikla birtu í frjögum og lífrænum jarðvegi, með pH gildið á milli 5 og 6. Gæta þarf þess að vökva plöntuna vel og gefa henni áburð auk þess að halda henni frá veðri og vindum.

Komið hefur fyrir að angar kartöflu og tómatanna fléttist saman við vöxt en þá er réttast að



Matgæðingar lofa TomTato plöntuna og hugsa sér gott til glóðarinnar er kemur að heimagerðum frönskum með tómatósóu.

Mynd / modernfarmer.com

skera ofan af kartöflurossunum svo hin nái að njóta sín. Einnig þarf að gæta þess að hylja neðri part plöntunnar vel til þess að koma í veg fyrir að kartöflurnar verði of nálægt yfirborðinu, en þá geta þær orðið grænar. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu fyrirtækisins www.beekenkamp.nl, en þar kennir ýmissa grasa.

Hafa neytendur lofað TomTato plöntuna og það er því alveg spurning hvort Íslendingar með græna fingur sjái sér þarna leik á borði og ýmsar blöndur tegunda sömu ættar spretti úr matjurtagerðum næsta sumars.

/SP

Fræframleiðsla:

Nýjar áskoranir í plöntu- kynbótum

Danska fyrirtækið DLF er sjöundi stærsti framleiðandi fræja í heimi og leiðandi á sviði fódurjurta og grasfræja fyrir grasflatir og ípróttavelli.

Auk þess sem fyrirtækið stundar víðtækar rannsóknir og kynbætur á grasi, smára, alfalfa, rófum og kartöflum.

Kjarnastarfsemin DLF liggur í framleiðslu á fræi fódurjurta- og grasfræja fyrir grasflatir og ípróttavelli en á undanföllum árum lagt aukna áherslu á rannsóknir til að tryggja betri auðlindanýtingu og uppskeruöryggi mat- og fódurjurta.

Kynbætur og sjálfbærni

Í fyrirlæstri Truels Damsgaard, forstjóri DFL, á alþjóðaráðstefnu landbúnaðarblaðamanna fyrir í sumar fjallaði hann um fræframleiðslu og kynbætur til að auk sjálfbærni í ræktun nytjaplantna.

Damsgaard sagði meðal annars að áherslur í starfsemi DFL væru að breytast vegna hraðra loftslagsbreytinga og að í fyrirsjáanlegri framtíð mundi þörf fyrir „öðruvísi“ nytjaplöntur aukast. Kynbætur hjá DFL í dag miðast því við að tryggja góða uppskeru og á sama tíma að gera nytjaplöntur þólnari fyrir þurki, hæfari til að nýta næringarefni betur og auka þol þeirra fyrir sjúkdómum og afætum.

„Þegar litið er til þeirra loftslagsáskorana sem mannkynið stendur frammi fyrir þá eru þær nýjar og nánast áður óþekktar áskoranir á sviði jurtakynbóta. Vegna þess er nauðsyn nýrrar hugsunar og nýsköpunar á þessu sviði mjög mikilvæg. Starfið fram undan snýst því í grundvallaratriðum um að setja okkur ný markmið í ræktun en á sama tíma megum við ekki missa sjónar á mikilvægi framleiðslunnar. Að okkar mati enn mjög



Með kynbótum er stefnt að því að gras verði auðmeltara og dragi þannig úr losun metans.

Myndir / dlfi.com/

mikilvægt að viðskiptavinir okkar fái fræ sem skila góðri og aukinni framleiðslu.“

Að sögn Damsgaard mun DFL í framtíðinni leggja aukna áherslu á að finna lausnir sem mæta sjónarmiðum loftslags- og umhverfisverndar.

Belgjurtir, kál og fódurgrös henta vel til kynbóta


Ræktunarland í heiminum er sífellt að dragast saman og því nauðsynlegt að nýta það betur með því að auka uppskeru á flataeiningu.

Damsgaard sagði að ræktun fódurgrasa, kál- og belgjurta gæfi yfirleitt vel af sér og plönturnar henta vel til kynbóta og að fódurframleiðsla úr þeim væri mikilvæg til að ná árangri í loftslags- og umhverfismálum.

Skiptiræktun á belgjurtum, grasi og rófum dregur úr útskolun næringarefna úr jarðvegi með því að nýting þeirra verður betri. Belgjurtir vaxa í sambýli við niturbindandi bakteríur og það dregur úr þörfinni fyrir tilbúinn áburð.

Belgjurtir eins og alfalfa framleiða mikinn lífmassa og mikið próteín og á sama tíma binda plönturnar mikinn koltvísýring í jarðvegi og auknar rannsóknir á þeim mikilvægar í framtíðinni.

Hjá DFL eru í gangi kynbætur sem stefna að því að framleiða fræ fódurgrasa sem þola betur þurki og þurfa minna vatn og að grasið verði auðmeltara og dragi þannig úr losun metans.



Rannsóknir sýna að 30% aukning í rótarvexti og dýpri rætur auka þurrkþol grasa um allt að 30% og á sama tíma eykst vöxturinn og uppskeran.

Rannsóknir á rótarvexti

Til að auka þurrkþol og betri nýtingu næringarefna í jarðvegi hafa rannsóknir á rófum og rótarvexti plantna verið auknar. Rannsóknir sýna að 30% aukning í rótarvexti og dýpri rætur auka þurrkþol grasa um allt að 30% og á sama tíma eykst vöxturinn og uppskeran.

Rannsóknir og kynbætur DFL stefna einnig að því að kalla fram aukin rótarvöxt á þeim tímum sem þurrkar eru mestir á þeim stað sem ræktunin á sér stað.

Samvinnufélag í eigu bænda

DLF var stofnað fyrir 150 árum sem samvinnufélag af dönskum bændum. Á síðustu þremur áratugum hefur fyrirtækið þróast frá því að vera danskt grasfræfyrirtæki yfir í að vera alþjóðlegt fræfyrirtæki með 20.000 starfsmenn í tuttugu löndum í Evrópu, Eyjaálfu og Suður-Ameríku og Norður-Ameríku. /VH

Undir náttúrunnar:

Sjávarormar án munns, maga og endaparms

Djúpt í undirdjúpum sjávar finnast ormar sem líkjast undarlegum sjávargróðri.

Ormanir sem í fyrstu voru taldir vera plöntur en ekki dýr kallast zombíormar, hafa engan munn, maga né endaparm. Þrátt fyrir það eyða ormanir lífi sínu við að melta beinagreindur hvala og annarra sjávarhryggdýra sem sökkva til botns þegar þau drepa.

Ormunum var fyrst lýst sem slepjulegu teppi sem lá yfir beinagrind hvals sem var á 3.000 kílómetra dýpi í Monterey-flóa við Kaliforníu og mynduð fyrir tilviljun í rannsóknaleiðangri djúpsjávarbóta.

Mikil útbreiðsla

Eftir fundinn hófust rannsóknir á fyrirbærinu, víðs vegar um heim, og var beinum hvala, svína, nautgripa

og alifugla sökk á hafsbótin í búrum sem auðvelt var að draga upp. Nánast alls staðar þar sem beitt hefur verið beinabeitu til að finna kvikindið hefur það fundist.

Í fyrstu var talið að um einhvers konar sjávargróður væru að ræða en við nánari skoðun kom í ljós að þetta eru ormar sem hafa engan munn, maga né endaparm.

Til þessa hafa verið greindar yfir 30 tegundir af þessum orrum sem geta verið á stærð við augnhár, litla fingur og allt þar á milli. Hver tegund fyrir sig virðist lifa í klösum sem berast um hafð milli ætis og er talið að ormanir finni fæðu með einhvers konar efnaskynjurum.

Mynda meltingarsýru

Meginaðferð ormanna til að melta bein

YLEININGAR


YLEININGAR ERU LÉTTAR STÁL- KLÆDDAR SAMLOKUEININGAR SEM FÁST MEÐ ÞÉTTIFRAUÐS- EÐA STEINULLARKJARNA.

Einingarnar eru sterkar og burðarmiklar og fást með mismunandi yfirborði og litum að eigin vali. Helstu kostir þess að nota samlokueiningar er auðveld og fljót uppsetning, auðveld þrif, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir.

Yleiningar henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjaklæðningum.

BALEX yleiningar eru framleiddar undir ströngu eftirliti samkvæmt viðurkenndum evrópskum stöðlum.

Hafðu samband: bondi@byko.is



SAMAN í 60 ÁR

BYKO

bondi@byko.is



Farangurinn ferjaður: Heldri borgarar njóta góðs af hlunnindum

Þeir eru ófáir ferðalangar sumarsins sem hafa rekið sig á afleiðingar mannekle flugvallanna.

Þá í allmörgum tilvikum er snerta farangursflutning, en eftir faraldur Covid hafa helst til margir starfsmenn flugvallanna kosið að snúa ekki aftur í sín störf eftir fjöldauppsagnir þess tíma.

Yfirmenn flugfélaga standa í burði farangurs

Ástandið er þannig víðs vegar um heiminn að ýmsir hafa þurft að stíga í hlutverk þess að ferma og afferma farangur, meira að segja stjórnarmeðlimir flugfélaga, eins og þeir hjá Qantas, einu helsta flugfélagi Ástralá.

Fréttir þess efnis bárust á vefsíður ljósvakans nýverið. Í fréttum The Guardian kemur fram sú staðreynd að einungis komist ein af hverjum tíu ferðatöskum á leiðarenda – á réttum tíma – hjá ferðalöngum Qantas þessa dagana. Vegna faraldursins, sem er enn í hápunkti þarlendis, hafa átt sér stað verulegar fjöldauppsagnir flugvallastarfsfólks síðan árið 2020 og því mikill skortur á vinnuafli.


BBC tekur undir slæma stöðu félagsins og greinir frá því að stjórn Qantas hafi lagt til að yfirmenn þess taki að sér ýmis störf næstu mánuði á borð við umsjón og hleðslu farangurs auk þjónustu flugvéla almennt.

Nýr vinkill á málið

New York Times fjallaði einnig um málið, en þó með nýjum vinkli. Þar tók fréttamaður viðtal við hjónin Mariu og Joey Boyd-Scott, konur á eftirlaunaaldri, sem sáu sér leik á borði þegar hörgull var á fólki til þess að hlaða og afferma farangur á alþjóðaflugvellingum í Ontario í San Bernardino-sýslu Kaliforníu nú í fyrravor.

Maria, sú yngri – þá sextug, gerðist þar starfsmaður á gólfu með það fyrir augum að vinna 15 klst. vikulega og öðlast í kjölfarið þau hlunnindi sem flugvallastarfsmönnum United fyrirtækisins er boðið upp á.

Með þeim geta hún og eiginkona hennar ferðast ókeypis innan Bandaríkjanna á svokölluðu standby fari sem felur í sér að ef að laus sæti eru í flugvél, mega þeir sem hafa hug á, nýta sér þau að kostnaðarlausu. Svipað á við er kemur að ferðalögum utan Bandaríkjanna, en þá hljóta



Vegna faraldurs Covid, hafa átt sér stað verulegar fjöldauppsagnir flugvallastarfsfólks síðan árið 2020 og því við mikill skortur á vinnuafli.

starfsmenn United verulegan afslátt á slíkum fargjöldum.

Í kjölfar þess að Maria festi sig í sessi sem flugvallastarfsmaður tryggði eiginkona hennar, sem er nær sjötugu, sér hlutastarf sem móttökustúlka eins Hilton hótellanna, en starfsfríðindin þar fela í sér verulegan afslátt af hótellherbergjum keðjunnar sem eru tæplega sjö þúsund á heimsvísi.

Upplagt fyrir fólk yfir fimmtugt

Hjónin eru því vel sett þegar kemur að fríðindum er varða ferðalög og nýta sér þau til hins ýrasta. Þau eru hluti af vaxandi hópi þarlendra eldri borgara sem ganga í stöður starfsmanna sem stigu til hliðar í faraldrinum.

Fyrir utan háan meðalaldur eiga starfsmennirnir það sameiginlegt að ásælast ferðahlunnindin og það blygðunarlaust.

Kemur fram í frétt New York Times að stjórnendur hótela og flugfélaga lítist afar vel á þessa nýju starfsmenn sína og telji þá hiklaust með áreiðanlegri og röggssamari starfsmönnum – en áætlað er að frá upphafi heimsfaraldursins hafi að minnsta kosti 65 prósent nýráðninga í þessi lægst launuðu hlunnindastörf, verið fólk yfir fimmtíu ára aldri. /SP


felst í því að gera gat á það með meltingarsýru og leysa beinið þannig upp. Rannsóknir á steingervingum benda til að ormarnir hafi komið fram á sjónarsviðið fyrir meira en 150 milljón árum og löngu áður en að hvalir komu fram.

Þar sem zombíormategundir finnast og melta margar gerðir beina bendir flest til að þeir séu ekki sérhæfðir í fæðuvali á beinum.

Fernisúlfur

Ættkvísl þeirra hefur fengið latínuheitið *Osedax* sem vísar til þess að þeir melti bein. Tegund sem fannst á rúmlega tveggja kílómetra dýpi undir ísbreiðu Norðurheimsskautsins fékk heitið *O. fenris* eða Fernisúlfur.

Kvendýr zombíorma eru talsvert stærri en karldýrin og einungis kvendýrin melta bein. Karldýrin finnast aftur á móti tugum eða hundruðum saman í karlabúrum eða sekkjum inni í kvendýrum þar sem eina sjáanlega hlutverk þeirra felst í að frjóva egg kvendýranna. /VH



Zombíormur af tegundinni *Osedax mucofloris* eða horblóm. Mynd / marinespecies.org

f.á FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

FJARNÁM

Skráning hefst 19. ágúst á slóðinni www.fa.is/fjarnam
Önnin hefst 8. september



Lífraent
hreinisvirki!

NÚTÍMA ROTÞRÓ

Fyrir sumarhús, heilsárhús, hótél o.fl.

Yfir 90% hreinsun - hreinsigeta PIA vottuð

3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn

Engar siturlagnir - fyrirferðarlítill

Mögulegt að breyta í skólphreinsistöð síðar

Þýsk gæði - CE merkt

Stærðir 2-600 persónueiningar



HVAMMSHÓLAR

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI



+354 660 4085



SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

CAT[®]

ALLAR STÆRÐIR AF CAT RAFSTÖÐVUM

Opnar stöðvar | Stöðvar í húsi

Stöðvar í gám | Aukabúnaður eins og sjálfvirkur

skiptirofi og fleira | Öflug og góð þjónusta



Gerðu kröfur - hafðu samband við Karl
í síma 590 5125 og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10
104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is

KLETTUR



Kært er á milli hins tveggja ára gamla Heiðmars Árna og kálfsins Marra á Steindyrum í Svarfaðardal. Þessa dásamlegu mynd tók móðir Heiðmars Árna, Krístrún Birna. „Við vorum í heimsókn í sveitinni og það var svo dásamlegt að sjá þegar Heiðmar Árni, tveggja ára sonur minn, og kálfurinn Marri sváfu saman á fóðurganginum. Marri var endurlifgaður strax eftir burð og var því háflslappur þegar félagarnir tóku blundinn sinn saman,“ segir Krístrún Birna. Mynd / Aðsend



Kristinn soð reiddi fram dýrindismáltíðir á Þingeyri í sumar. Myndir / AL

Veitingastaður af bestu gerð í gamalli vélaskemmu:

Pop-up eldhús á Þingeyri

Sjónvarpskokkurinn, dagskrágerðarmaðurinn og listamaðurinn Kristinn Guðmundsson, oft nefndur Kristinn soð, var með pop-up eldhús í gamalli vélaskemmu á Þingeyri í sumar.

Kristinn hefur framleitt nokkrar þáttaraðir þar sem hann eldar í óreiðueldhúsi. Þáttaröðin Soð í Dýrafirði var sýnd á RÚV síðastliðið haust og var þessi veitingasala óbeint framhald af því.

Kristinn fékk aðstöðu til þess að undirbúa matinn í Grunnskólanum á Þingeyri, en var svo með matarvagn fyrir utan vélaskemmuna til þess að leggja lokahönd á matreiðsluna.

„Aðstaðan í grunnskólanum var ágæt, nema útsýnið var ekkert nema brött brekka rétt fyrir utan gluggann – sem er kannski allt í lagi fyrir svona sveimhuga mann eins og mig,“ segir Kristinn.

Einföld framkvæmd og hráefni af svæðinu

Veitingasalan sjálf var í Skelinni, sem er gömul vélaskemma við Fjarðargötu 42 á Þingeyri. Samtals var opið í átta daga í lok júlí og voru viðtökurnar framar vonum, en mest voru 38 matargestir á einu kvöldi. Matseðillinn var nokkurn veginn sá sami allan tímann til þess að framkvæmdin væri sem einföldust þar sem Kristinn var einn í eldhúsinu. „Einhvern tímann var ég með kindakjöt í kássunni í staðinn fyrir nautakjöt, sem var æðislega gott. Sósan í kássunni er frekar sæt og það passar fullkomlega með svona ærkjöti,“ segir Kristinn, en það kom til vegna þess að



Þessi gamla vélaskemma á Þingeyri fékk tímabundið hlutverk sem veitingastaður í júlí. Mest var hægt að koma fyrir 38 matargestum.



nautakjötið var uppselt í það skiptið.

Hráefnið reyndi Kristinn að nálgast úr nærumhverfinu eins og hægt var. „Við fengum fiskinn úr fiskbúðinni á Ísafirði, ísinn fengum við frá Örnunni í Bolungarvík og rabarbarann og súrurnar tándum við þarna rétt hjá. Sjoppa Hamona á Þingeyri reddaði okkur með mjög margt annað, eins og hvítkál, kartöflur, krydd.“

Fleiri þáttaraðir á leiðinni

Í haust verður sjónvarpað nýrri þáttaröð sem nefnist Pabbasoð, þar sem hann eldar allt í pitsuofni sem hann byggði með vini sínum í Frakklandi. „Ég fór að elda miklu meira í ofni þegar sonurinn fæddist í fyrra,“ segir Kristinn, en það gerir hann af praktískum ástæðum. „Það er svo fyrirgefnalegt að elda í ofni. Ef strákurinn fór að skæla og þurfti mat eða athygli þá gat maður

beðið aðeins með að taka matinn út. Ef þú ert að steikja eitthvað á pönnu eða sjóða þá er það ekki eins sveigjanlegt. Það getur verið helvíti hart ef pastað sýður mínútu of lengi.“

Núna er Kristinn að vinna að nýrri þáttaröð sem nefnist Soð á Austurlandi, sem verður áframhald af því óreiðueldhúsi sem hefur verið í fyrri þáttaröðum. „Við ætlum meðal annars í Mjóafjörð, inn að Hallormsstað, upp að Stóruurð og út að Þerribjörgum. Við erum að vinna handritið núna, sem er aðallega að ákveða hvert við förum,“ en Kristinn er að hefja tölur um þessar mundir. Hann reiknar svo með að klára alla eftirvinnslu á þáttunum í febrúar og þá munu þeir fara í sýningar á RÚV fljótlega eftir það. „Ef fólk er með hugmyndir að góðum upptökustöðum fyrir austan þá má það alveg senda mér skilaboð í gegnum síðuna Soð á Facebook,“ segir Kristinn. /AL




Þorskur úr fiskbúðinni á Ísafirði.



Kjötökássa. Yfirleitt með nautakjöti en stundum með ærkjöti.



Í eftirrétt var boðið upp á ís frá Örnunni í Bolungarvík.



Köngulpálmategundin Encephalartos altensteinii er elsta planta í heimi sem vitað er um að sé ræktað í potti. Mynd / RBG Kew

Elsta pottaplanta í heimi

Í Kew grasagarðinum í London er að finna elstu núlifandi pottaplöntu í heimi sem vitað er um.

Plantan er köngulpálmi sem barst til Englands frá Suður-Afríku árið 1775 en var flutt í Pálmahúsið 1848 þegar byggingu þess lauk og hefur verið þar síðan þá.

Skoski grasfræðingurinn Francis Masson, sem dvaldi í Suður-Afríku við gróðurrannsóknir frá 1773 til 1775, sendi hátt í 500 sýni af bæði lifandi og þurrkuðum plöntum til Englands á sínum tíma og er langlífa pottaplantan í Kew ein af þeim.

Plantan er upprunnin á austurhluta Góðrarvonarhöfða og er köngulpálmi sem kallast Encephalartos altensteinii. Tegundin er á valista International Union for Conservation of Nature yfir plöntur í útrýmingarhættu í náttúrulegum heimkynnum sínum vegna eyðingu skóga.

Köngulpálmur eru hægvaða og þrátt fyrir að plantan hafi vaxið í Kew í 247 ár er plantan ekki nema um fjórir metrar á hæð. Þegar pálmanum var umpottað síðast árið 2009 var hann vigtaður án pottsins og reyndist vega um það bil eitt tonn. /VH

FESTU ÞÉR ÖRUGGAN SKÁP

FYRIR 4-15 BYSSUR



4 BYSSUR
H 150 cm
B 25 cm
D 25 cm
Verð: 49.900,-



8 BYSSUR
H 150 cm
B 36 cm
D 36 cm
Verð: 69.900,-



12 BYSSUR
H 150 cm
B 52 cm
D 36 cm
Verð: 95.900,-



15 BYSSUR
H 150 cm
B 45 cm
D 60 cm
Verð: 115.900,-

Handverk og hönnun:

Minjagripir sem einkenna landsvæði

Viðburður sem ber nafnið Gersemar Fljótsdals verður haldinn dagana 2.-3. september næstkomandi en handverksfólk hefur verið hvatt til að taka áskorun um að hanna minjagrip eða söluvöru sem einkennir sitt svæði.

Ásdís Helga Bjarnadóttir, verkefnastjóri Fagrar framtíðar í Fljótsdal, segir að um sé að ræða hönnunarsmiðu þar sem markmiðið sé að draga fram sérstöðu austfirskis þjóðararfs og þeirra einstöku muna og minja sem fundist hafa í Fljótsdal.

„Þannig viljum við skapa vettvang fyrir listamenn, handverksfólk og hönnuði, faglarða sem og ófaglarða, til að þróa hugmyndir að listmunum sem byggja á þessum gersemum, um leið og áhersla er lögð á að nýta sem mest einstakt hráefni úr héraði,“ segir hún.

Hugmyndaflug og hæfileikar ráða för en útfærslan byggir á þekkingu á landsvæðinu, náttúru, sögu og menningu. „Hvert samfélag er ríkara þegar einstaklingar geta fengið með sér einstakan hlut sem minnir á góða dvöl á viðkomandi stað. Það á ekki síst við ef vel er til hans vandað og honum fylgir eitthvað alveg sérstakt. Það er líka áhugavert að upprunateggi hráefnið við staðinn þó það geti verið snúnara,“ segir Ásdís Helga og bætir við að gæði þurfi alltaf að vera til staðar og mikill kostur að hluturinn sé ekki merktur „Made in XXX“ heldur búinn til í heimahéraði.

„Það er kannski í fljótu bragði vandfundið að finna viðfangsefni,



Ásdís Helga Bjarnadóttir, verkefnastjóri Fagrar framtíðar í Fljótsdal.

en oft getur ýmislegt skotið upp kollinum, munstur í lopapeysu, skart sem tengist fornleifauppgrefti, útskorinn nytjahlutur með einkennum fyrri tíðar, póstkort eða lykklappa með fagurri ljósmynd af þekktu landslagi eða málverk,“ segir hún.

Afrakstur hönnunarsmiðjunnar verða vel mótaðar hugmyndir sem raunhæft er að fjöldaframleiða og eða vinna með einstaka sérvöru með markvissa tengingu við sögu, menningu eða náttúru Fljótsdals eða Austurlands.

Að viðburðinum koma auk Fagrar framtíðar í Fljótsdal, Minjasafn Austurlands, Safnabúð Þjóðminjasafnsins og Handverk og hönnun með stuðningi frá Samfélagssjóði Fljótsdals.

/MPB



William Óðinn og Gréta Mjöll einsetja sér að framleiða og þróa bragðgóða, heilnæma og bragðsterka matvöru í nafni LeFever Sauce co. Mynd / MHH

Matvælaframleiðsla:

Sósufjölskylda á Djúpavogi

Hjónin William Óðinn LeFever og Gréta Mjöll Samúelsdóttur búa á Djúpavogi og framleiða þar sterkar sósur í nafni fyrirtækisins LeFever Sauce co.

Framleiðsla þeirra hófst árið 2018 á einni sósu með ákveðinni bragðtegund en í dag eru sósurnar orðnar fimm sem heita Bera, Dreki, Alvör, Jaxl og Skass. Þær eru m.a. seldar í verslunum Krónunnar og völdum verslunum Hagkaups.

„Það gengur bara ofboðslega vel hjá okkur og þrjálað að gera. William Óðinn var bara einn í þessu til að byrja með því ég starfaði sem atvinnu- og menningarfulltrúi

Djúpavogs en nú er ég búin að segja upp þeirri vinnu og er komin á fullt með manninum mínum í sósurnar,“ segir Gréta Mjöll.

Þau eru einnig að framleiða tvær aðrar vörur í krukum, Pikklað chili og Lefever sinnep, sem er gert úr kryddleginum sem fellur til við gerð Dreka. „Það er frábært að vera með fyrirtæki eins og okkar á Djúpavogi. Hér eru allir í sama liði og vörurnar okkar eru komnar víða á veitingastaði á staðnum og á stöðum í næsta nágrenni. Við eigum örugglega eftir að setja fleiri vörur á markað, það er alltaf eitthvað nýtt í pípunum,“ segir Gréta Mjöll. /MHH

RAG
import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM ALDREI „VERÐ FRÁ“

SERES 3 Luxury Verð 5.350.000
Einn eftir, næsta sending væntanleg í september.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Á BÍLSKÚRS- OG IÐNAÐARHURÐUM

ISHURÐIR www.ishurdir.is
564-0013 | 865-1237

RAFVER síðan 1956

- Iðnaður
- Aukahlutir
- Verkstæði
- Þjónusta

HDS Gufudælur Öflugar hreinsivélur

NT Ryksugur fyrir blautt & þurrt Margar stærðir

KÄRCHER

HD Háþrýstidælur

Skeifan 3 • 108 Reykjavík • Sími 581 2333 • rafver.is • rafver@rafver.is

EUREKA!

PICOBELLO 151 ECOVAC Sópur

Frábær sópur frá Eureka. Tilvalinn fyrir fóðurgangana, skemmuna, verkstæðið eða stéttina!

Verð: 139.000 + vsk

VERKFAERI EHF

EUREKA! AUTHORIZED DEALER

www.verkfaeriefh.is S. 544-4210 sale@verkfaeriefh.is Tónahvarfi 3, 203 Kópavogi



Þegar Jóhanna B. Þorvaldsdóttir og fjölskylda stofnaði Geitfjársetrið var búfjártægingin í útrýmingarhættu. Mynd / Aðsend

Geitfjársetur í tíu ár

Geitfjársetrið á Háafelli fagnaði áratuga löngu starfsafmæli í byrjun ágúst.

Af því tilefni opnaði fjölskyldan á Háafelli búið fyrir gesti og bauð upp á geitaskoðun og kruðerí. Afurðir geita voru til smakks og prófunar og Anna María Flygenring, formaður Geitfjárræktarfélagi Íslands, færði fjölskyldunni tvö kirsuberjatré. Í máli sínu sagði Anna María að Geitfjárræktarfélagið hafi notið góðs af ötuldu starfi Jóhönnu B.

Þorvaldsdóttur við að fjölga íslenska geitastofninum og kynna hann fyrir landsmönnum og erlendum gestum.

„Það var og er ekki auðvelt verkefni að koma á fót starfsemi sem byggist á geitfjárrækt, tegund búfjár sem fáir þekktu til, sem varð fyrir allmiklum fordómum og að auki í útrýmingarhættu með u.þ.b. 800 einstaklinga á öllu landinu fyrir 10 árum. Hvílík bjartsýni, frumkvæði, hugkvæmni og hugrekki,“ sagði Anna María meðal annars. /ghp



Eysteinn Tjörvi Kristinsson og Laukur frá Varmalæk. Myndir/ Laura Sundholm

Ungstirni á Norðurlandamóti

Ungir íslenskir knapar stóðu uppi sem sigurvegarar á Norðurlandamóti í hestaþróttum sem fór fram á Álandseyjum um miðjan ágúst.

Matthías Sigurðsson sigraði þar tólt ungmenna á gæðingnum Roða frá Garði en þeir nældu sé enn fremur í silfurverðlaun í fjörgangi. Hann bætti svo enn einni fjöður í hattinn þegar hann varð í 3. sæti í unglingsaflokki gæðinga á Caruzo frá Torfunesi.

Eysteinn Tjörvi Kristinsson sigraði ungmennaflokk gæðinga nokkuð örugglega á keppnishesti sínum, Lauk frá Varmalæk, sem hann flutti með sér til Álandseyja til þátttöku á mótinu.

Í flokki fullorðinna sigraði Leikur frá Lækjarmóti úrslit A-flokks gæðinga undir stjórn Helgu Unu Björnsdóttur. Helga hafði tekið við hestinum í úrslitum fyrir James Faulkner sem hafði komið tveimur gæðingum inn í úrslit, en hann reið sjálfur Eldjámi frá Skipaskaga sem endaði í 7. sæti.

Líð Svíþjóðar vann líðabikar mótsins sem stigahæsta þjóðin sem hlutu flest verðlaun mótsins. Danir voru einnig sigursælir í



Matthías Sigurðsson og Roði frá Garði unnu til tvennra verðlauna.

hringvallargreinum, unnu tólt, fjörgang ásamt því að eiga sigurvegara í öllum flokkum slaktaumatólts. /ghp

Anna Rósa grasalæknir tekin tali:

Ég lifi samkvæmt því sem mér finnst

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is



Áhrifamáttur íslenskra lækningajurta hefur verið landsmönnum kunnur yfir aldir og grasalæknar átt sinn sess í sögu okkar landsmanna.

Landið okkar er ríkt af ýmiss konar jurtum sem auðvelt er fyrir leikmenn að finna og tína en Anna Rósa því til náms við skólann College of Phytotherapy í Englandi árið 1988. Hún útskrifaðist 1992 og gerðist í framhaldinu meðlimur í National Institute of Medical Herbalists in UK, einu elsta félagi grasalækna á heimsvísu, stofnað árið 1894.

Áhugi hennar sjálfar á grasalækningum kviknaði óvænt á unglingsárunum eftir lestur blaðagreinar um efnið og hélt Anna Rósa því til náms við skólann College of Phytotherapy í Englandi árið 1988. Hún útskrifaðist 1992 og gerðist í framhaldinu meðlimur í National Institute of Medical Herbalists in UK, einu elsta félagi grasalækna á heimsvísu, stofnað árið 1894.

Atorkumikil og fylgin sér

Gegnum tíðina hefur Anna Rósa unnið og þróað smyrsl sín, boðið upp á ráðgjöf og sérblandað tinktúrur og te fyrir sjúklinga sína. Nú, eftir um þriggja áratuga skeið, hefur hún þó tekið þá ákvörðun að taka hlé á þeirri þjónustu, en hægt er að finna flestar upplýsingar og ráð á bloginu hennar.

Framleiðslan hefur þó síður en svo stöðvast, en nýverið opnaði Anna Rósa verslun í samstarfi við son sinn, Álfgeir, sem sér í raun alfarið um reksturinn. Verslunin, sem einungis er opin tvo daga í viku, er afar vinsæl, en þar kennir ýmissa grasa ... ef svo má að orði komast!

Blaðamaður leit við og heimsótti þessa lífsglöðu og orkumiklu konu sem hefur það að kjörorði í lífinu að hamingjan skuli vera í fyrirrúmi. Anna Rósa er einnig afar atorkumikil og jafnframt því að reka nú verslun, sinna jurttatnslu, þurrka og vinna afurðina og framleiða smyrsl, te og tinktúrur, hefur hún gefið út bækur, staðið fyrir bloggi og unnið sína eigin vefsíðu og vefnámskeið svo eitthvað sé nefnt. Einnig er hún afar gefin fyrir lestur bóka og les a.m.k. þrjár bækur vikulega á Kindle sem hún lofar í hástert.

Lærir af lítríkri flóru viðskiptavina sinna

„Jú, við Álfgeir komumst að því að þetta er bara ótrúlega gaman – að reka verslun,“ segir Anna Rósa hlæjandi, „það er öll flóra mannlífsins sem lítur hérna inn og hentar meðal annars þeim sem ekki eru vanir að versla mikið á netinu.“

Fólk spjallar og segir mér sögur af því hvaða smyrsl þau nota og hvernig samvirkni þeirra er og ég læri



Partners in crime. Mæðginin og samstarfsfólkið Álfgeir og Anna Rósa.

ýmislegt af þeim líkt og þau af mér. Það er áhugavert og gaman að heyra af því frá fleirum en einum, að einhver tvö eða þrjú krem virki best saman. Til dæmis er samsetning hjá mér, ætluð þeim er glíma við rósróða komin til vegna þess hve viðskiptavinir mínir hafa ítrekað bent mér á góða samvirkni.

Rósróðann er semsagt hægt að minnka með notkun 24 stunda kreams, græðikreams og lúxusprufu af bóluhreinsi! Þetta hefði ég ekki endilega látið mér detta í hug – en naut þarna góðs af spjalli við viðskiptavini.

Enda er ég alltaf til í að hlusta,“ segir Anna Rósa og brosir.

Með sjálfbærni og sjálfstæði í fyrirrúmi

„Ég er annars afar sjálfstæð í þessu öllu saman, heldur hún áfram, tíni jurtirnar og vinn sjálf. Hér fyrir innan búðina er þurrgrind sem ég og maðurinn minn smíðuðum eitt sinn, svo og pottarnir mínir sem ég nýti við gerð smyrsla og tinktúruvél. Ég hef kosið að gera þetta sjálf, hér, í stað þess að versla mér þjónustu því ég vil vera viss um að framleiðslan sem ég set nafn mitt við sé sem hreinust.“

Vélar og tæki annars staðar frá eru t.d. stundum þvegin með kemískri sápu sem ég vil ekki að mín framleiðsla komist í snertingu

við þó í örlitlu magni sé. Með því að sjá um þetta sjálf, gera þetta í höndunum, get ég stjórnað slíku. Ferlið hjá mér er gagnsætt, fólk kann að meta það og veit að það getur treyst vörum sem koma frá mér. Þannig héðan af Langholtsveginum er öll framleiðslan unnin nema sveppateið. Það kemur frá vinafólki mínu í Bandaríkjunum sem er með lífrænt vottaðan búgarð og hefur verið afar vinsælt. Lion's Mane t.d. hefur verið að gera góða hluti enda upplagt til að viðhalda heilbrigðu taugakerfi.“

Anna Rósa er afar meðvituð um umhverfisáhrif iðnaðar og framleiðslu en vert er að geta þess að allar krukur og flöskur sem geyma framleiðsluna eru úr hágæða gleri sem veitir meðal annars vernd gegn skaðlegum áhrifum ljóss og eykur geymsluþol. Þessar flöskur eru 100% endurvinnanlegar og framleiddar í Evrópu – sem þýðir minna kolefnisspor og ein af ástæðum þess að Anna Rósa valdi þær umfram aðrar umbúðir. Kassar utan um varninginn eru úr FSC (Forest Stewardship Council), vottuðum pappír frá sjálfbærum skógum og eru að sjálfsögðu 100% endurvinnanlegir.

Bókaútgáfa í kjölfar upplýsingavinnslu

„Í raun, vegna þess að mig langaði að hafa yfirlit yfir þetta allt saman,“ segir Anna Rósa, „viðaði ég að mér upplýsingum og skrifaði niður allt er viðkemur íslenskum jurtum – gaf svo út bók sem nú er reyndar uppseld á íslensku – en hún ber heitið Íslenskar lækningajurtir.“

Hana er enn að finna í einhverju magni á ensku reyndar. Í þessari yfirgripsmiklu bók minni er m.a. gerð grein fyrir lækningamætti íslenskra jurta, sögu þeirra og notkun auk umfangsmikillar samantektar á vísindalegum rannsóknum sem

LÍF & STARF

gerðar hafa verið á íslenskum lækningajurtum. En þarna fékk ég sjálf yfirlit yfir það sem mig vantaði og hefur vonandi reynst áhugasömum vel. Ég hef gefið út fleiri bækur reyndar, en þessi hefur að minnsta kosti reynst mér sjálfri ógurlega vel við uppflettingar.“

Námskeið og næstu skref

„Ég er þannig gerð, heldur hún áfram, „að ég fæ ógrynni hugmynda, en er sem betur fer afar skipulögð og næ að flokka hugmyndirnar niður í eitthvað sem mætti taka lengra og annað sem má bara gleyma. Þegar ég tók þá ákvörðun að hætta ráðgjöfinni og beina fólki frekar á að þær upplýsingar mætti finna á blogginnu mínu – opnaðist tími sem mig langaði að nota í eitthvað skemmtilegt. Ég ákvað að setja upp námskeið, vefnámskeið sem verður í boði aðeins í mjög stuttan tíma.

Skráningu á það lýkur einmitt 12. september nk. og verður svo ekki í boði fyrr en aftur á næsta ári. Þar mun ég kynna fyrir fólki vel fram settar og fræðandi upplýsingar um virkni og notkun íslenskra lækningajurta. Fjórtán tegundir jurta til að byrja með, plöntur sem flestir ættu að þekkja, og meðal annars má þar finna myndbönd um hvernig best er að tína þær.“

Grasalækningar í þágu fjölskyldunnar

„Námskeiðið skiptist í kafla; lækningajurtir – sögu þeirra, hvernig þær eru tíndar, þurrkun og geymsla, kennt er hvernig á að vinna úr þeim, hvað á við er kemur að sjúkdómum og allar uppskriftir. Þetta eru 89 hlutar sem þýðir 89 myndbönd,“ segir Anna Rósa og hlær, „enda hef ég verið að dunda mér við að búa námskeiðið til um nokkurn tíma eins og þú getur ímyndað þér!“



Lions Mane og Rósroðapakkinn eru afar vinsæl hjá viðskiptavinum.



Fregnir af gæðum smyrsla Önnu Rósu hafa borist út fyrir landsteinana, meðal annars á síðum bresku útgáfu tískublaðsins Vouge nú í nóv/ des '21 og janúar '22. Þar er bent á bóluhreinsinn, Facial Glow dagkremið og 24 stunda kremið Divine Radiance sem allt hefur að sama skapi hlotið lof hérlendis.

Ég segi einnig frá hvernig við maðurinn minn smíðuðum þurrgrind heima á stofugólfi ef fólk vill gera slíkt hið sama. Hvar best er að skera eða klippa jurtirnar, á stilknum, blómið, laufin og þar fram eftir götunum. Það er afar vel farið í saumana á þessu öllu saman, auk þess sem ég er nokkuð viss um að þetta hafi aldrei verið gert hérlendis og námskeiðið því fyrsta sinnar tegundar,“ segir hún brosandi.

„Uppskriftirnar innihalda m.a. teblöndur, fjallað er um skol og bakstra og hægt er að sækja sér þær upplýsingar á pdf formi. Allt sem þú þarft nauðsynlega að vita til þess að vera þinn eigin grasalæknir.

Einfaldir hlutir og vinnsla sem hægt er að nýta í eigin þágu og fyrir fjölskylduna er tilgangurinn með þessu öllu saman.



Þetta er vefnámskeið og því auðvelt að líta yfir þetta á sínum eigin tíma, en einnig fá þáttakendur að hitta mig í eitt skipti ef spurningar vakna – auk þess sem lokuð Facebook-grúppa verður í gangi.

Ég er mjög spennt yfir þessu skrefi og lít á það sem skemmtilega viðbót við ferilinn hjá mér. Reyndar er ég auðvitað með fleiri námskeið í þessum dúr og aðrar hugmyndir bak við eyrað því eitt opnar fyrir annað og flæðið endalaust.“

Skemmtilegast að miðla

Anna Rósa heldur áfram, „mér finnst líka svo skemmtilegt hversu fólk virðist opnara fyrir grasalækningum heldur en fyrir þrjátíu árum.

Sonur minn áður nefndur er t.d. á þrítugsaldri og hefur alist upp við þetta, ásamt heimagöngunum vinum sínum – enda þykir þeim ekkert sjálfsgaðara en að leita til grasalækninga þegar eitthvað bjátar á. Þetta kemur sér vel í samstarfi okkar enda veit hann algerlega um hvað ræðir er kemur að framleiðslu og rekstri fyrirtækisins.

Samstarf okkar gerir mér svo kleift að einbeita mér að því sem mér þykir skemmtilegast – að miðla þekkingunni!“

Socks 2 Go

Úrval af þægilegum og endingagóðum sokkum. 40 sölustaðir, hafðu samband til að fá upplýsingar um sölustað í nágrenni við þig.

Sokka Kompaníið ehf. 230 Reykjanesbær - info@socks2go.eu - gsm: 831 8400 - www.socks2go.is

Magnús Leópolðsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

Áhugaverðar jarðir

JARDIR.IS

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

EYJALIND Varahlutir í Bobcat

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Límtré-Timbureiningar

STRÚKTÚR

Stálgrind
Yleiningar
PIR
Steinull

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640 |

MASSEY FERGUSON
dráttarvélar og hevvinnutæki til afhendingar strax

MF HEVVINNUVÉLAR Á LAGER: Sláttuvélar, snúningsvélar, rakstrarvélar og rúllusamstæður (val; netplöstunarbúnaður).

Velkomin í nýja verslun og sýningarsal að Gagnheiði 35, Selfossi

Stuttur afgreiðslutími
Upplýsingar hjá sölumönnum okkar

Búvélur ehf, Gagnheiði 35, Selfossi
Sími 4800080, sala@buvelar.is
www.buvelar.is

MASSEY FERGUSON

BÚVÉLAR

Twenty One FLUGNAEITUR

Einstök formúla flugnaeiturs fyrir bændur í kvikfjarrækt

Sölustaðir:
Bústólpi
Fóðurblandan
Kaupfélag Borgfirðinga
Lifland
Verslunin Eyri
Vélavali

STREYMI
heilðverslun

Streymi heilðverslun ehf. S 588 2544
Goðanesi 4 N streymi@streymi.is
603 Akureyri V www.streymi.is



Kalamarí er gert úr fálmurum smokkfiska sem eru steiktir og hvítir á litinn, eilítið sætir á bragðið og aðeins seigir undir tönn.

Mynd / VH

Ekki eru allir smokkfiskar kalamarí

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Steiktir smokkfisksfálmarar er ljúffengur réttur sem upprunninn er við strendur Miðjarðarhafsins og kallast kalamarí.

Hér á landi hefur smokkfiskur sem veiddur er verið notaður í beitu. Árið 1985 var gefið út íslenskt frímerki með mynd af beitusmokkfiski.

Smokkfiskar eru lindýr sem lifa í sjó og eru af ættbálki smokka og eru búr- og grindhvalir hættulegustu óvinir þeirra enda nærast hvalir talsvert á smokkfiski. Auk þess sem veði á þeim til manneldis er mikil, eða tæp fimm milljón tonn á ári samkvæmt tölu FAO, Matvæla og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Meginflokkar smokka eru smokkfiskar, kolkrabbar og kuggar og eiga flokkarnir það sameiginlegt að vera ekki með ytri skel. Kuggar finnast eingöngu í hlýjum sjó og koma sér fyrir í kuðungum.

Sterkir, hraðsyndir en skammlífir

Smokkfiskar eru ílangir og hafa stór augu, með mikilli fókusdýpt, sem sitja utarlega hvort sínum megin á hausnum.

Umhverfis munn þeirra eru tveir langir griparmar og átta sterkir armar með sogblöðkum. Þeir eru góð sunddýr og lifa gjarnan uppsjávar en kolkrabbar sem eru með átta arma

og ekki eins sundfimir lifa oftast felulífi við botninn. Sogblöðkurnar á örmum smokkfiska eru umluktar kítn, sem gerir þær harðar og í sumum tegundum líkist það tönnum.

Smokkfiskar og nánustu ættingjar þeirra eru með þróaðasta taugakerfi allra hryggleysingja og smokkfiskar eru með flókinn heila- eða taugaknippi sem taka við skynboðum frá augum, örmum og munn og stjórna viðbrögðum dýrsins í samræmi við þau.

Líkt og ættingjar þeirra, kolkrabbar, geta smokkfiskar skipt lit í samræmi við umhverfi sitt og í húð þeirra eru efni sem endurvarpa ljósi. Smokkfiskar hafa einnig getu til að sprauta frá sér blekkendur vökva úr sérhæfðum blekkirtlum í varnarskyni séu þeir áreittr.

Smokkfiskar eru rándýr og éta flest sem að kjafti kemur, fiska, skeldýr en ungir og minni tegundir smokkfiska éta aðallega þörunga og sjávargróður.

Sumar tegundir smokka gefa frá sér eitru sem lamar bráðina þegar þeir fanga hana með fálmurunum og þannig geta þeir ráðið við lifandi æti sem er talsvert stærra en þeir sjálfir. Einnig er þekkt djúpsjársmokkategund sem gerir bráðina óvígá með snörpum ljósblossum frá ljósmyndandi blettum á fálmurunum.

Þeir eru einkynja og líftími þeirra er stuttur, eitt til tvö ár, og engin tegund hrygnir oftast en einu sinni á ævinni. Egg smokkfiska eru stór miðað við egg annarra lindýra og í þeim er mikil forðahvíta sem umliggur og nærir fóstrið.

Fljúgandi smokkfiskar

Sundkraftur smokkfiska er alþekktur og geta þeir skotist langar leiðir með því að þrýsta vatni frá líkamanum milli fálmaranna. Þekkt er að smokkar skjóttast upp úr haffletinum, líkt og flugfiskar, allt að 50 metra upp í loftið, og stundum kemur fyrir að þeir lenda á þilfari skipa.

Litli og stóri

Flestar tegundir smokkfiska eru innan við 60 sentimetrar að lengd. Þeir minnstu eru 10 til 18 millimetrar og í dag þykir víst að smokkfisktegundin *Architeuthis dux* sé sú stærsta sem finnst í höfunum.

Kjörsvæði risasmokkfiska er í djúpum sjó og geta þeir náð allt að þrettán metrum að lengd en til eru sögur um smokkfiska sem eiga að hafa verið yfir 20 metrar að lengd.

Smokkar við Ísland

Nostrar tegundir smokkfiska hafa fundist við Ísland en beitusmokkur, *Todarodes sagittatus*, er eina tegundin sem hefur verið veidd hér við land.

Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar gengur beitusmokkur óreglulega hingað en að meðaltali annað hvert ár. Beitusmokkurinn hrygnir í desember til febrúar, djúpt vestur af Skotlandi og allt suður undir Asíreyjar. Sviflæg eggin berast með straumi í norður, en talið er að norðlæg útbreiðsla hrygningar hafi mest áhrif á hvort smokkur gengur á Íslandsmið.

Rekasmokkur

Í öndvegisriti Lúðvíks Kristjánssonar, Íslenskir sjávarhættir, segir að smokkfiskur hafi gengið undir ýmsum nöfnum, eins og halafiskur, blekfiskur, bleksmokkur, færasmokkur og beitusmokkur.

„Í varðveittum gögnum virðist hans fyrst getið hér á landi 1637, en þá rak mikið af honum á Vestfjörðum.

Ætla mætti af þeirri heimild að kolkrabbi hafi þá verið fáséður. Rætt er um hann sem sjóorm, en sumir nefna hann halafisk.“

Jón lærði lýsir smokkfiski í Íslands aðskiljanlegu náttúru og nefnir hann halafisk. Jón Ólafsson frá Grunnavík er hins vegar fyrstur til að rita að smokkfiskur sé notaður til beitu hér á landi í fiskafræðiritgerð frá 1768. Ólafur Olavíus segir frá því í ferðabók sinni að smokkfisk hafi rekið á land í Eyjafirði 1774 og að hann hafi verið notaður sem beita.

Bátar sem fóru til smokkfiskveiða voru kallaðir smokkabátar og áhöfnin smokkmenn og mun fólk af báðum kynjum og öllum aldri hafa tekið þátt í veiðunum.

Dularfullar lífverur

Sjávarlífverur voru og eru enn mönnum ráðgáta og til er fjöldi sagna um skelfileg sjávarskrímsli í úthöfunum.

Goðsögur af risasmokkfiskum sem réðust á skip og grönduðu þeim með manni og mús eru til allt frá því löngu fyrir Krist. Grikkinn Aristóteles sagði frá risasmokkfiskum í bók sinni *Ton peri ta zoia historion*, eða *Saga dýranna*, á fjórðu öld fyrir upphaf okkar tímatala og það gerði Rómverjinn Pliny eldri einnig í náttúrufræði sinni, *Naturalis historia*, nokkrum öldum seinna.

Eins og mannshandleggur að gildleika

Rómverska matgæðingnum Marcus Gavius Apikíus, sem uppi var á fyrstu öld fyrir Krist, er eignuð matreiðslubókin *De re culinaria*. Í ritinu er að finna safn samtíma mataruppskrifta frá tíma höfundar og sagt er að Apikíus hafi þótt smokkfiskur besti maturinn sem hann lagði sér til munns.



Árið 1985 var gefið út íslenskt frímerki með mynd af beitusmokkfiski. Mynd / touchslamps.com

Sagan segir að Apikíus hafi heyrt um veiðar á óvenju stórum smokkfiskum, með fálmar eins og mannshandleggur að gildleika, á miðum utan við Túnis á norðurströnd Afríku. Upprifiinn af spennu leigði Rómverjinn skip ásamt áhöfn og sigldi strax af stað þrátt fyrir að vont væri til sjós í leit að góðgætinu. Skammt utan við borgina Karþagó fann Apikíus fiskibát við smokkfiskveiðar. Apikíus bauð veiðimönnum um borð og vildi eiga við þá viðskipti en þeir neituðu að selja honum nema eina kórfa með smokkfiskinum góða. Áhugaleysi fiskimannanna hljóp í skapið á Apikíus og skipaði hann áhöfn sinni að snúa fyrirvaralaust aftur til Rómar. Reyndar svo snögglega að veiðimennirnir rétt náðu að komast frá borði og í bátinn sinn. Haft var eftir áhafnarmeðlimum við heimkomuna til Rómar að þrátt fyrir storm og stórsjó báðar leiðir hafi það ekki jafnast á við geðvonsku Apikíusar vegna vonbrigða með þessa sneypuför.

Ógn undirdjúpanna

Rithöfundurinn H.G. Wells, sem var uppi á seinni hluta tuttugustu aldar og fram á miðja tuttugustu og fyrstu öld, er aðallega þekktur



Hörðustu matgæðingar segja að aivöru kalamarí sé ekki hægt að matreiða úr smokkfisktegundinni *Sepioteuthis lessoniana*. Mynd / Wikimedia



Umhverfis sogblöðurnar á fálmurum smokkfiska er kítin, sem gerir þær harðar, og í sumum tegundum líkist það tönnum. Mynd / tepapa.govt.nz



Ný framborið kalamarí er lostæti. Mynd / VH



Smokkur skorinn í beitu. Mynd fishing.net.nz

fyrir vísindaskáldsögur sínar. Í skáldsögunni The Sea Raiders segir frá nýrri tegund af risasmokkfiski, Haplotheuthis ferox, sem söguhetjan, tesali sem sestur er í helgan stein, gengur fram á í klettóttri fjöru. Tesalinn telur fyrir víst að kvikindið sé dauft en á síðan fótum sínum fjör að launa þegar það rís upp á örmunum og fer að elta hann um ströndina og klifrar í klettum til að ná honum. Samtímamaður Wells, en nokkrum árum eldri, Frakkinn Jules Verne, lýsir einnig árás risasmokkfisks á kafbát Nemós skipstjóra í skáldsögunni Vingt mille lieues sous les mers, sem hlaut nafnið Sæfarinn í íslenski þýðingu.

Risasmokkfiskur og -kolkrabbi kemur reyndar víða fyrir í skáldsögum. Sem dæmi þá berst njósarnarinn og verndari vestrænnar menningar, James Bond, við risasmokkfisk í bókinni Dr. No en atriðinu er sleppt í samnefndri kvikmynd um kappann. Smokkfisklík kvikindi eru algeng í skáldsögum Arthurs C. Clark, H. P. Lovecraft, og í skáldsögunni Moby Dick eftir Herman Melville ræðst eitt slíkt á hvalveiðiskipið Pequod sem Ahab skipstjóri stýrir.

Smokkfiskurinn í vatni við Hogwart menntastofnunina í bókunum um Harry Potter er aftur á móti ögn vinallegri og eiga nemendur skólans það til að gefa skrímslinu brauð eins og reykvísk börn gefa öndunum brauð á Tjörninni. Kvikindið á það til að bregða á leik og er hálfgerður lífvörður fyrir þá sem synda í vatninu.

Hrátt eða steikt

Smokkfisks hefur lengi verið neytt við strendur landa í Evrópu og Asíu og er í dag vinsæll matur víða um heim. Í Japan er smokkfiskur meðal annars skorinn í strimla sem líkjast núðlum og þykir ike sömen, eða hrátt smokkfisk-sashimi borð fram með engifer og sojasósu, herramannsmatur.

Rétturinn sem við þekkjum sem kalamarí er gerður úr örmum smokkfiska og er vel steikt og matreitt kalamarí hvítt á litinn, eilítið sætt á bragðið og aðeins seigt undir tönnum. Uppruna réttarins kalamarí er að finna við strendur Miðjarðarhafsins og hafa Ítalir og Grikkir lengi bitist um við hvort landið á að kenna réttinn.

Vinsældir kalamarí hófust fyrir alvöru á áttunda áratug síðustu aldar og þá sem fiskréttur á ítölskum

veitingahúsum í norðurausturríkjum Bandaríkja Norður-Ameríku.

Sérstaða Sepioteuthis lessoniana

Heiti réttarins kalamarí er ítalskt og þýðir einfaldlega smokkfiskur. Af þeim 300 tegundum af smokkfiski sem finnast í heiminum eru aðeins nokkrar þeirra nýttar til manneldis.

Hörðustu matgæðingar segja mikinn mun á matreiddum smokkfiski og því sem má kalla kalamarí og að alvöru kalamarí sé eingöngu hægt að gera úr tegundinni Sepioteuthis lessoniana. Orðið sepija þýðir blek.

Blekkfiskur

Heitið kalamarí á ítölsku er komið úr latínu, calamarium eða calamarius, sem þýða blekbytta og pennastafur og vísa til litarefnisins sem dýrið gefur frá sér og lögunar þess. Latínuheitið er upphaflega fengið úr forngrísku, κάλαμος, kálamos, sem þýðir pennastafur sem gerður er úr reyr. Heitið blekkfiskur vísar einnig til litarefnisins.

Ólík matreiðsla

Líkt og bústast má við er matreiðsla á smokkfiski ólík milli menningarsvæða. Á Ítalíu og víðar eru steiktir fálmarar kallaðir kalamarí en annars staðar eru fálmararnir skornir og djúpsteiktir.

Ítalir bera smokkfisk fram með pasta, panala, risottó og í súpu. Spánverjum, Portúgölum og Tyrkjum þykir gott að steikja smokkbíta í deigi og olíu ásamt tómötum og á Grikklandi er til siðs að dýfa smokkbítum í jógurtsósu. Í Líbanon og Sírlandi er steiktur smokkur borinn fram með sítrónu og tartarsósu sem búin er til úr majónesi, eggjum, kapers, súrum gúrkum og lauk.

Í Ástralíu, Nýja-Sjálandi, Suður-Afríku, Kanada og Bandaríkjum Norður-Ameríku er djúpsteiktur smokkfiskur og franskar vinsæll skyndiréttur svipað og fiskur og franskar. Víða í Asíu er niðurskorinn og djúpsteiktur smokkfiskur borinn fram sem barsnakk með salti og pipar og hrísgrjónavíni.

Í Kóreu og Japan er smokkfiskur borinn fram sem sushi, sashími, djúpsteikt í deigi eða vafinn í karrí-eða greipaldinslaufblöð með soja-, sesam- eða chilisósu. Hann er einnig grillaður og þar má og eflaust víðar fá grænmetis- og hrísgrjónafylltan smokkfisk sem hitaður er í ofni.



Ögn undirdjúpanna. Myndskreyting Alphonse de Neuville við sögu Jules Verne Vingt mille lieues sous les mers. Mynd / wikimedia.org

Stórskorinn smokkur er vinsæll í Kína steiktur í piparsósu á wok-pönnu ásamt hrísgrjónum eða núðlum og í Hong Kong, Rússlandi og Taívan er þurrkaður smokkfiskur ásamt jarðhnetum vinsæll götumatur. Rússar nota einnig léttsoðna smokkfiskbíta í majónessalat með laukhringjum.

Smokkfiskalýsi

Af heimildum að dæma virðist smokkfisks ekki hafa verið neytt til matar á Íslandi fyrir á öldum þrátt fyrir að slíkt hafi eflaust verið



Níu metra langur smokkfiskur sem skolaði á land við Noreg árið 1954. Mynd / www.eurekalert.org

geri í harðindum og hungursneyð ef hann veiddist eða rak á land.

Færeyski náttúrufræðingurinn Nicolai Mohr ferðaðist um Ísland 1780 og 1781 og skrifaði um það rit sem nefnist Forsøg til en Islandsk Naturhistorie med adskillige oeconomicke

samt andre Anmærkninger. Þar segir Mohr meðal annars að á Norðurlandi sé kolkrabbi hafður fyrir beitu, og að lifrin úr honum, ef hún er látin í glas, verði í hita að lýsi, er nefnist kolkrabbalýsi, og það sé haldið „beztu áburður á liðamót“.



Smokkfés og fleiri hafmenn. Mynd / Walt Disney's Pirates of the Caribbean.


Avian X Gervigæsir

Fullbody gervigæsir
6 st í kassa
6 stellingar
léttar og flottar
taska fylgir

**6 stk.
Kr. 49,900**

Vesturröst

Sérverslun skotveiðimannsins - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturröst.is



Vel ræktaður lerkiskógur, bjartur og fallegur með ríkulegum botngróðri.
Myndir /Pétur Halldórsson

Rússalerki

Lerki er ættkvísl sumargrænna barrtrjáa sem vex í barrskógabeltinu á norðurhveli jarðar eða til fjalla á suðlægari slóðum.

Til ættkvíslarinnar teljast 10-15 tegundir en lerki er af þállarætt (*Pinaceae*) og ættbálkinum Pinales.

Fyrrum var lerki kallað lævirkjatré eða jafnvel barrfellir enda ólíkt öðrum barrtrjám sem við þekkjum að því leyti að það fellir barrið á haustin.

Af lerkitegundum hafa nokkrar verið reyndar hérlendis, aðallega þó síberíulerki, sem eins og heitið gefur til kynna er ættað frá Síberíu og er einkennistré í víðáttumiklum skógum Rússlands og Síberíu. Reynd hafa verið ýmis kvæmi lerkis frá Rússlandi og Síberíu og hafa þau rússnesku, sem við köllum rússalerki, reynst betur hérlendis. Þau síberísku þola mjög illa umhleypinga og hlýnandi loftslag enda aðlögðu köldum, staðviðrasömum vetrum fjarri sjó. Rússalerki er m.ö.o. ekki sérstök tegund, heldur samheiti yfir þau kvæmi síberíulerkis sem eru í Úralfjöllum og vestan við þau. Rússalerki hefur reynst dýrmætt í skógrækt á Norður- og Austurlandi og jafnvel inn til landsins í öðrum landshlutum en þrífst illa í umhleypingum við sjávarsíðuna, sérstaklega sunnan- og vestanlands.

Rússalerki (*Larix sibirica* var. *sukaczewii*)

Stórvaxin trjátegund og gæti náð a.m.k. 30 metra hæð hérlendis. Það er ein þeirra trjátegunda sem nú þegar hafa náð yfir 25 metra hæð á Íslandi. Þetta er oftast einstofna, fremur beinvaxið tré með mjóa krónu en erfið vaxtarskilyrði geta haft þau áhrif á vaxtarlagið að trén myndi fleiri en einn stofn og stofnar orðið nokkuð kræklóttir.

Lerki vex hratt í æsku en eftir þrjúttug fer að draga úr vexti þess. Í nytjaskógrækt hérlendis er nú talið skynsamlegt að nytja lerkifáeinum áratugum fyrir en áður var talið, eða um 50-60 ára aldur. Sem frumherjategund í skógrækt hefur lerki þann kost að vera ljóselsk tegund en unglöntur þola illa samkeppni við gras.

Það vex hins vegar vel í rýrum jarðvegi enda í góðu samfélagi við örverur og sveppi sem gefa því næringu. Lerki gefur gott timbur sem hefur innbyggða fúavörn og hentar því vel utanhúss.



Börkur á riflega áttati ára gömlu lerkí í Guttormslundi í Hallormsstaðaskógi.

Vorkal

Helstu veikleikar rússalerkis eru vorkal. Frá heimkynnum sínum í Rússlandi og Síberíu er það aðlagð því að veturinn standi stöðugur fram á vor og síðan komi vorið fyrir alvöru. Hérlendis geta komið hlýndakaflar síðla vetrar og snemma vors sem lerkíð túlkar sem svo að nú sé vorið komið. Svo koma hretin sem við þekkjum öll vel og þá getur farið illa fyrir lerkitrjám sem eru komin í vöxt. Vorkal eftir vetrarhlýndi veldur stundum skemmdum og vaxtartapi hjá rússalerki.

Eftir því sem loftslag hlýnar er líklegt að slíkar skemmdir verði tíðari. Því er skynsamlegt að gróðursetja nú rússalerki hærra í landinu en gert hefur verið hingað til. Enn um sinn verður rússalerki þó besta tegundin sem völ er á til að rækta í rýru landi á Norður- og Austurlandi.

Kynbætur

Til að bregðast við þessari þróun hefur um árabíl verið unnið að kynbótum á rússalerki og tilraunum til blöndunar úrvalstrjáa af rússalerki og evrópulerki. Þessi blöndun hefur borið þann árangur að nú er í ræktun hjá Skógræktinni lerkiblendingur sem kallast 'Hrymur'. Fræ af þessum blendingi eru ræktað með stýrðri víxlun í stóru gróðurhúsi í Vaglaskógi. 'Hrymur' sýnir kosti beggja tegundanna en síður galla þeirra. Hann vex mun betur en rússalerki en þrífst almennt betur hérlendis en evrópulerki. Þá hefur komið í ljós að hann vex einnig vel á réttum stöðum við suður- og vesturströndina.

Með hlýnandi veðri í framtíðinni gæti evrópulerki líka orðið mikilvæg trjátegund í íslenskrí skógrækt þar sem skilyrði verða best, einkum á Suðausturlandi til að byrja með.

Pétur Halldórsson.

LESENDARÝNI

Enn ríða hetjur um Rangárþing

Landsmót hestamanna, sem stóð að vanda í heila viku í júlí, á Gaddstaðaflötum að þessu sinni, var eitt hið glæsilegasta bæði hvað hestakost varðar og ekki síður allt það frábæra reiðfólk sem nú fer fyrir liði hestamanna.



Guðni Ágústsson,

Landsmóts- svæðið á Hellu sannaði sig, hreinsar af sér bæði vind og regn himinsins. Þúsundir gesta eru komnir um langvegum til að njóta þess að sjá ræktun og framfarir og glæsta gæðinga þeysa um velli. Lopapeysan, lopahúfan og lopasokkarnir og góð skjólföt sigrakulda og regn. Landsmótin eiga ekki sinn líka sem viðburður bæði í íþróttum og ræktun íslenska hestsins, mótið hverju sinni er heimsviðburður. Hesturinn er þrói ræktunar og afreka í landbúnaði.

Enn glittir í gömlu mennina sem hafa séð og sigráð í áratugi, en margir þeirra eru komnir í brekkuna og orna sér yfir gömlum og ekki síður nýjum afrekum æskunnar. Nú fer fremstur reiðmanna Árni Björn Pálsson, en yngri kynslóð er á hæla hans. Árni Björn er margverðlaunaður, hann sigráði í töltnu á Ljúf frá Torfunesi og var það í fjórða sinn sem hann sigrar töltnið tvisvar á Ljúf og áður á Stormi frá Herraðarhóli. Árni Björn er að því leyti líkur Skarphéðni Njálssyni að hann sigrar hvern andstæðing sinn og er í dag Hergarður hestamennskunnar. Nú hlaut hann einstök verðlaun, Gregesenstyttna, fyrir meðferð og hirðingu hesta sinna. Öldungurinn Sigurbjörn Bárðarson, ekki með grátt hár í sínum rauða kolla, á enn sína sigrar af jafnmikilli sannfæringu og fyrir fimmtíu árum.

Hesturinn er í dag ekki síður tekinn mjúkum tókum kvenna sem gefa ekkert eftir, þær dansa á fáksspori um grund. Helga Una Björnsdóttir á Fákshólum hlaut reiðmennskuverðlaun Félags tanningamanna, Fjöldrina, sem er mikill heiður. Hin átján ára Björg Ingólfsdóttir frá Dýrfinnstöðum í Skagafirði reið Kjuða frá Dýrfinnstöðum til mikilla verðlauna og hlaut bikar gefinn í minningu Einars Öders Magnússonar fyrir þróðmennsku og góðan árangur utan sem innan vallar. Enginn hestur vakti jafn mikla athygli og Sindri Stálasonur frá Hjarðartúni með hæstu hæfileikaeinkunn sem gefin hefur verið, 9,38, þar af þrjár tús, en Hans Þór Hilmarsson vann þetta afrek, heimsmet. Sleipnisbikarinn er æðsta viðurkenning íslenskrar hrossaræktar og veitt þeim hesti sem efstur stendur heiðursverðlauna hesta fyrir afkvæmi. En Sjóður frá Kirkjubæ ræktaður af Ágústi Sigurðssyni og fjölskyldu hlaut bikarinn nú. Sjóður er í eigu Hoop Alexandru sem rekur hrossabúgarð í Dalsholti í Biskupstungum.

Siggi, Kolskeggur, Loki og Gunnar á Hlíðarenda

Stundum líkti ég Sigurði Sigurðarsyni í Þjóðólshaga eða Hestheimum, við hetjuna Gunnar á Hlíðarenda, sem reið glæstum fákum um Rangárvelli fyrir rúmum þúsund árum. Sigurður kom, sá og sigráði þetta Landsmót á gamminum Kolskeggi frá Kjarnholtum. Enn sýndi Sigurður að hann er engum manni líkur því Kolskeggur er fjórtán vetra, þeir sögðu hann hafa



Sigurður á Kolskeggi að taka við verðlaunum með Magnúsi Einarssyni og Guðna Halldórssyni o.fl.



Björg Ingólfsdóttir á Kjuða frá Dýrfinnstöðum.



Árni Björn Pálsson á Ljúf í töltnu.

farið Krísuvíkurlleið að sigrinum, reið Kolskeggi upp úr B úrslitum gæðinga í A flokk, kom og sigráði flokkinn og við harðsnúna menn var við að eiga, þá Daníel Jónsson sem sat Goða frá Bjarnarhöfn og í þriðja sæti Atlas frá Hjallanesi setinn af Teiti Arnasyni. Goði og Atlas eru báðir Spunasynir frá Vesturkoti. Sigurður á marga stóra sigrar að baki sem hestamaður, hefur unnið B flokk þrisvar sinnum á þremur mismunandi hestum og A flokk tvisvar á tveimur mismunandi hestum. Ekki munaði Sigurði um að ríða Loka frá Selfossi átján vetra inn á Landsmótið. En á honum sigráði hann B flokkinn á

Hellu 2014 með einstakri einkunn, 9,39. Það kom svo í hlut Annie Ívarsdóttur, unnustu Ármanns Sverrissonar, eiganda Loka, að ríða honum á mótinu en Loki hlaut nú 8,66 sem er glæsilegt. En Anný, sem er tvöfaldur heimsmeistari, sýndi glæsilega takta á Loka sem stendur enn fremstur meðal jafningja og er sífellt athyglisverðari gæðingafaðir. Svo geta menn spurt, hvert hefði Sigurður náð á Loka? Hefði hann sigráð B flokkinn og þar með bæði A og B? En Árni Björn vann B flokkinn hins vegar á Ljósvaka frá Valstrýtu. Sigurður á einstakt samband við Loka, þá sýningu muna menn enn

frá Hellu 2014, þá Siggi situr Loka er eins og Óðinn sé mættur og ríði Sleipni hinum áttfætta yfir láð og lög, enda var Loki faðir Sleipnis í Goðafraeðinni.

Magnús í Kjarnholtum átti fegurstu tårin

Magnús Einarsson í Kjarnholtum var sá sem átti breiðasta brosið og fegurstu tårin sem féllu á Landsmóttinu. Magnús er undramaður í ræktun Kjarnholtahrossanna og hefur eins og Sveinn Guðmundsson á Sauðárkróki verið fremstur meðal ræktenda hrossa sinna. Sigurður líkti Kolskeggi við þann mikla hest sem Sörli hét og „forðaði Skúla undan fári þungu, fjöri sjálfs sín hlífði klárinn miður, svo með blóðga leggi, brostin lungu á bökkum Hvítár féll hann dauður niður.“ Þannig var það Skúlaskeið. En „Sigurðarskeið“ á Kolskeggi mun einnig lifa í sögunni og enn magna hann og aðra garpa af æskuskeiði runna til afreka. En sigurkórónuna ber Magnús Einarsson, frændi minn í Kjarnholtum, sem heldur áfram ótrauður sinni miklu hrossarækt.

Kristinn Guðnason þyngdar sinnar virði í gulli

Landsmótið var hins vegar upphaf að einhverju nýju því þeir Kristinn Guðnason í Árbæjarhjáleigu og hans menn stóðu mjög faglega að öllu undir forystu og framkvæmdastjórn Magnúsar Benediktssonar sem lögðu nú upp með einstaklega vel undirbúið mót hvað umgjörð og fjárhag varðar.

Hestamennirnir ríða sparibúnir til leikanna, Álafossúlpan, gúmmistígvélin og brennivínið er horfið. Til hamingju með Landsmótið, Íslandshestamenn um allan heim. „Ef æskan vill rétta þér örvasandi hönd, þá ertu á framtíðarvegi,“ sagði Þorsteinn Erlingsson. Hestamennskan sem íþrótt er á framtíðarvegi og stendur nú fremst búgreina og byggir sveitirnar glæstu fólki, hún er landbúnaður ekki síður en skógræktin. Félag hrossabænda heidraði svo Kristin Guðnason sérstaklega í mótlok, hann er þyngdar sinnar virði í gulli fyrir hrossabændur.

Höfundur er fyrrverandi landbúnaðarráðherra.



Hans Þór Hilmarsson á Sindra frá Hjarðartúni.

Mynd / ghp



Sjóður frá Kirkjubæ og aðstandendur hans við afhendingu Sleipnisbikarsins.



Helga Una Björnsdóttir á Fákshólum hlaut reiðmennskuverðlaun Félags tanningamanna, Fjörðrina.

Mynd / ghp

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.

Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463



STEMA KERRUR



Hágæða þýskar kerrur með áralanga reynslu hérlendis. Litlar kerrur, stórar kerrur, vélakerrur og sturtukerrur.




VERÐ FRÁ 189.000 M.VSK

VINNUVÉLAR & ÁSAFL

Völuteig 4 - 270 Mosfellsbær
www.vinnuvelarehf.is - vinnuvelar@vinnuvelarehf.is - S: 496 4400

STÁLGRIND TIL SÖLU!

495 fm² (18x27,5m)



Nánari upplýsingar veitir

Gísli Már 842-5462 | gislia@veritas.is



VINNUFATNAÐUR

Úrval af vinnu- og regnfatnaði, stígvélum og öryggisskóm. Hafðu samband, kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna!

isfell.is • sími 520 0500

PEKING • ÞJÓNUSTA • GÆÐI

LESENDARÝNI

Sumarferð Félags skógarbænda á Vesturlandi

Skógarbændur á Vesturlandi fóru í sína árlegu fræðsluferð um Vesturland 11. ágúst 2022.



Gísli Karel Halldórsson.

Síðan var farið í Álholtsskóg undir austurhlíðum Akrafjalls. Þar tók á móti okkur formaður Skógræktarfélag Skilmannahrepps, Reynir Þorsteinsson.

Álfholtsskógur er orðinn frábært útivistarsvæði. Þar hafa verið ræktaðar margar tegundir trjáa, lagðir hafa verið góðir göngustígar um skóginn og yndislegt að ganga þar um. Vil hvetja vegfarendur til að hvíla sig og leyfa börnunum að hreyfa sig með því að stoppa í Álholtsskógi. Álholtsskógur var gerður að opnum skógi árið 2020.

Reynir leiddi okkur langan veg í gegnum skóginn. Í skóginn hefur verið plantað yfir 100 tegundum.

Fyrir okkur skógarbændur var mjög uppörvandi að sjá hve vel ræktunin hefur gengið undir



Akrafjalli. Einnig er frábært hverju sjálfboðaliðar í skógræktarfélagi Skilmannahrepps hafa áorkað.

Næst var farið að Laxárbakka og þar snæddur hádegisverður sem var ágæt kjótsúpa.

Síðan var farið aftur í rútna, ekið í gegnum Hvalfjarðargöng og að Mógilsá. Þar tók á móti okkur Brynja Hrafnkelsdóttir. Brynja leiddi okkur upp í skóginn fyrir ofan byggingarnar á Mógilsá. Þar er margt forvitnilegt að sjá. Það sem mér fannst merkilegast var að sjá uppi í hlíðum Esju stórvaxið lerkitré af kvæminu Hrymur. Þessi tré mun Þröstur Eysteinnsson hafa gróðursett árið 1996. Trén ná nú til himins. Í hlíðunum ofan við húsinn á Mógilsá er mikið af hindberjarunnum.

Þeir sem vilja rækta hindberjarunna þurfa að passa sig. Runnarnir gefa af sér eftirsóknarverð ber, en þeir eru mjög ásæknir og fljótir að dreifa sér á stærra land.

Eftir skógarönguna var tekið hús á fagfólkinu á Mógilsá. Edda Sigurðis Oddsdóttir flutti fræðsluerindi um rannsóknarstarfsemi Skógræktarinnar. Í gangi er stöðug leit að bestu kvæmum trjáa til skógræktar.

Starfsemin á Mógilsá er mjög mikilvæg skógræktarstarfi á landinu. Skógrækt þarf að byggjast á vísindalegum grunni.

Gísli Karel Halldórsson, skógarbóndi á Spjör á Snæfellsnesi

Jarðræktarstyrkir og landgreiðslur

Matvælaráðuneytið vekur athygli á að opnað hefur verið fyrir rafrænar umsóknir í Afurð fyrir jarðræktarstyrki og landgreiðslur vegna framkvæmda á yfirstandandi ári.

Umsóknum skal skilað eigi síðar en á miðnætti mánudaginn 3. október 2022 á afurd.is.

Til að geta sent inn umsókn í Afurð þarf einnig að liggja fyrir árleg skýrsla um ræktun ársins á jord.is. Umsóknarfrestur verður ekki framlengdur.

Sérstakar álagsgreiðslur vegna alvarlegrar stöðu í matvælaframleiðslu á Íslandi eru reiknaðar á grunni hefðbundinni umsókna um jarðræktarstyrki og landgreiðslur. Því er mikilvægt að umsóknir liggja fyrir tímanlega svo greiða megi álagsgreiðslur vegna jarðræktarstyrkja og landgreiðslna í byrjun október 2022. Umsókn er forsenda fyrir álagsgreiðslu.

Allar umsóknir skulu standast skilyrði skv. reglugerð. Þar sem úttekt umsókna verður ekki lokið fyrr en 15. nóvember 2022 eru álagsgreiðslur greiddar með fyrirvara um að standast úttekt. Tekið verður á misræmi milli umsókna og úttekta sem kann að koma upp við greiðslu á árlegum jarðræktarstyrkjum og landgreiðslum í byrjun desember 2022.

Framleiðendur sem uppfylla skilyrði 3. gr. reglugerðar um almennan stuðning við landbúnað nr. 430/2021 geta sótt um jarðræktarstyrki og landgreiðslur. Skilyrði sem bændur skulu kynna sér fyrir eru fullnægjandi skil á skýrsluhaldi í jörð.

Jarðræktarstyrkir

Styrkhæf ræktun er ræktun grass, korntegunda til dýrafóðurs og manneldis, ræktun olíujurta, þar með talin ræktun jurta til framleiðslu á lífdísil, enda sé hratíð nýtt til fódurs, og ræktun grænófóðurs til beitar og uppskeru á því ári sem uppskorið er. Beit búpenings telst vera uppskera og nýting kornhálm og annarra jurta til uppræktunar jarðvegs í útiræktun grænmetis telst styrkhæf. Ræktun vetraryrkja sem sáð er um mitt sumar og endurræktun túna er tekin út á ræktunarári. Ekki telst styrkhæf ræktun ef kornrækt er eingöngu ætluð til að draga að gæsir til skotveiði, nema ef kornhálmur er sannarlega hirtur eða plægður niður. Önnur ræktun sem ekki er nytjuð til búskapar, þar með talin sáning í golfvelli, tjaldstæði o.s.frv. er ekki styrkhæf.

Landgreiðslur

Framlögum til landgreiðslna skal ráðstafa á ræktað land sem uppskorið er til fóðuröflunar og framleiðanda er heimilt að nýta. Framlög eru ekki greidd út á land sem eingöngu er nýtt til beitar. Þegar uppskorinn er hluti lands sem sækja á um styrk út á, skal skrá sérstaklega þann fjölda hektara sem er uppskorinn.



Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið

Sérniðin þjónusta
að þínum þörfum

ALLT
FASTEIGNASALA




Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is



Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfíð
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt



Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.

TVÆR JARÐVARMADÆLUR TIL SÖLU

Varmadælar fyrir stærri notendur sem vilja mikinn sparnað

Hentar vel fyrir stórt húsnæði og sundlaugar

Getur notað jörð, vatn, loft o.fl. til orkuöflunar

Stærð: 60kW
Gerð: NIBE F1345



Vinsamlega hringið í síma 839-1503 fyrir frekari upplýsingar

EYJALIND

GRAMMER

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bata



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjaland.is

KORNHORN



Hver eru gæði byggs í ökrum bænda?

Landbúnaðarháskóli Íslands, í umboði matvælaráðuneytisins, mun vinna að og leggja fram aðgerðaráætlun til eflingar kornræktar á Íslandi.

Einn af verkþáttum verkefnisins er að greina gæði þess korns sem ræktað er á Íslandi. Við óskum því eftir að bændur sendi sýni af korni úr ökrum sínum eftir þreskingu í haust, um það bil þrjár líkur.

Markmiðið með þessu er að greina gæði korns sem ræktað er hér á landi. Greint verður þúsundkornaþyngd og rúmþyngd, að þessu sinni verða sýni ekki efnagreind. Þessa eiginleika er tiltölulega einfalt að mæla þó að best sé að gæta samræmis í mælingum og því er óskað eftir því að bændur sendi sýni á fræstofu Jarðræktarmiðstöðvarinnar. Að auki verða kornsýnin sigtuð og flokkuð í stærðir yfir 2,5 mm, minni en 2,5 mm en stærri en 2,2 mm og minna en 2,2 mm.

Með þessum upplýsingum verður hægt að prófa gæðaflokka korns, til dæmis í þrjá flokka. Fyrsta flokks hefði háa þúsundkornaþyngd og rúmþyngd, hátt hlutfall korns yfir 2,5 mm og aðeins brot undir 2,2 mm. Ef korn í fyrsta flokki sýnir hátt spírunarhlutfall, um 95%, er hægt að prófa það frekar fyrir öðrum viðmiðum og athuga hvort það gæti flokkast sem maltbygg með tilheyrandi möguleikum til verðmætisköpunar í drykkjarvöruframleiðslu. Annars ætti fyrsta flokks korn að vera eftirsótt svínafóður. Annar flokkur samanstendur af korni sem er af háum gæðum en nær ekki í fyrsta flokk. Slíkt korn getur vel hentað sem svínafóður eða afburðafóður fyrir nythár kýr. Þriðji flokkur er það korn sem stenst ekki kröfur efri flokka og nýtist þá fyrst og fremst sem fóður fyrir kýr og gripi í upplendi.

Með þessum upplýsingum er hægt að aðlaga gæðaflokka korns hér á landi fyrir mögulegt kornsamlag, og fá heildarmynd af gæðum korns sem ræktað er hér á landi.

Áhugavert væri að bera saman niðurstöður úr yrkjatilraunum Jarðræktarmiðstöðvarinnar við raunir bænda við ræktun byggs. Niðurstöður yrkjatilrauna verða að sýna sterka fylgni við niðurstöður úr ökrum bænda ef



Helgi Eyleifur Þorvaldsson.

Hrannar Smári Hilmarsson.

Ákall til bænda að senda sýni úr ökrum í haust til:

Landbúnaðarháskóli Íslands
Jarðræktarmiðstöð
Hvanneyri, 311, Borgarbyggð

það á að nýta fyrirkomulagið í yrkjapröfunum og kynbótum.

Í fyrria, árið 2021, tóku starfsmenn Jarðræktarmiðstöðvarinnar sýni úr örfáum kornökum um landið. Skemmst er frá því að segja að besta kornið kom úr Eyjafjarðarsveit þar sem þúsundkornaþyngd var 42 g, rúmþyngd 73 g/dl og spírunarhlutfall allt að 100%.

Til þess að taka þátt í verkefninu þurfa bændur að taka sýni úr ökrum eftir þreskingu. Þar sem kornið er þurrkað má senda slíkt korn beint, en þar sem kornið er ekki þurrkað þarf að þurrka sýnið áður en það er sent. Þetta er hægt að gera í örbylgjuofni eða bakarofni. Ef kornið hefur ekki náð 85% þurrkhlutfalli, þá hitnar fljótt í því og það tekur að mygla. Slíkt sýni er ekki til neins að greina. Tilgreina skal að minnsta kosti frá hvaða bæ sýnið kemur og helst hvaða yrki var ræktað ásamt tölvupóstfangi svo að hægt sé að koma niðurstöðunum til skila. Best væri ef fleiri upplýsingar fylgdu sýnunum; spildunúmer, jarðvegsgerð, áburðarskammtar, uppskera, sáddagur, uppskerudagur og úðunarmæðferð.

Niðurstöður greininga verða sendar bændum til upplýsinga. Að öðru leyti verður niðurstöðunum gerð skil án tengingar við bæi. Með leyfi ræktenda verður besta kornsýni landsins kynnt og bestu sýni hvers landshluta.

Frekari upplýsingar og leiðbeiningar má fá í gengum tölvupóst, hrannar@lbhi.is, eða í síma 843-5385.

Helgi Eyleifur Þorvaldsson og
Hrannar Smári Hilmarsson.

Á FAGLEGUM NÓTUM



Eftir verksmiðjusköðunina hjá Trioliet var þessari fínu mynd smelt af hópnum við myndarlegan 52 m³ heilfóðurvagn!

Ungbændur í Evrópuferð

– Fyrri hluti

Snorri Sigurðsson

snorri.sigurdsson@outlook.com



Í lok júní héldu 24 nýútskrifaðir búfræðingar frá Hvanneyri í útskriftarferð til Evrópu. Í ferðinni, sem var vikulöng, var fyrst áð í Amsterdam í Hollandi í tvær nætur, þá haldið til Münster í Þýskalandi og gist þar í tvær nætur og endað með þriggja náttu stoppi í Brussel í Belgíu.

Ferðin var blanda af fagferð í landbúnaði og hefðbundinni rútuferð sem náði til framangreindra þriggja landa. Alls voru í ferðinni 8 faglegar landbúnaðartengdar heimsóknir auk heimsóknar á landbúnaðarsýninguna Libramont í Belgíu. Í þessari fyrri grein verður farið yfir það helsta landbúnaðarfaglega sem bar á góma framan af ferðinni.

Kúabú á nærri hálfan milljarð

Fyrsta heimsóknin var til kúabóndans Ron Mulder en hann er með 100 Holstein kýr og tvo Fullwood mjaltþjóna stutt frá þorpinu Kockengen sem er um 30 km suður af Amsterdam og er um 5 metra undir sjávarmáli. Búið, sem er alls með 65 hektara af landi auk aðstöðu fyrir framleiðsluna og íbúðarhús, keypti hann árið 2015 á nærri 500 milljónir króna en skýringin á háum kostnaði búans má fyrst og fremst rekja til virði landsins sjálfs. Fram kom í máli hans að algengt hektaraverð í Hollandi væri 60-80.000 evrur, eða um 8,4-11,2 milljónir íslenskra króna, svo þetta voru í raun kjarakaup hjá honum þrátt fyrir að upphæðin virðist há við fyrstu sýn.

Einn með 100 mjólkandi

Eins og áður segir þá er Ron með 100 Holstein kýr en meðalnyt búansins er þó ekki nema um 9.600-9.700 lítrar, sem telst ekki sérlega hátt í dag þegar það kúakyn er annars vegar. Skýringin felst í því að hann er einn á búinu og getur ekki hámarkað af-rakstur kúnna sem sást m.a. á því að hann var með naut í kvígumunum.

Þá leggur hann mjög mikla áherslu á grasfóðrun kúnna og reynir að takmarka kjarnfóðurgjöfina eins og hægt er vegna kostnaðar við aðkeypt fóður. Fyrir vikið ná kýrnar ekki að keyra vel upp nytina en að hans sögn gengur kostnaðardæmið upp.

Aðspurður um vinnuafli búansins þá er hann mest einn með búið en konan



Ron er með 100 Holstein kýr á búi sínu sem hann keypti árið 2015.

Mynd/Vilborg Hrund Jónsdóttir

hans hjálpar til utan vinnutíma hjá henni, en hún starfar við hárgreiðslu. Þá vinnur sonur hans á búinu yfir sumartímann og aðstoðar við heyskap o.fl. Aðrir koma ekki að búrekstrinum og sér hann t.d. sjálfur um heyskapinn, fyrir utan að keyra heim en hann fær verktaka í það sem kostar 100 evrur á hektarann, um 14 þúsund íslenskar krónur, og þá er öll þjónusta við heimkeyrslu og frágang í flatgryfju innifalinn.

Selt eina kvígu vegna vandamála

Það vakti verðskuldaða athygli gestanna frá Íslandi þegar talið barst að kúakyninu og því hve þegar Holstein kýrnar eru. Flestir í þessum hópi búfræðinga frá Hvanneyri voru kornabörn þegar umræðan um innflutning norskra fósturvísa var í hæstu hæðum á Íslandi fyrir 2 áratugum síðan og eðlilega forvitnið fólk um kosti þessa kúakyns sem getur skilað í dag 15-16.000 lítra meðalnyt sé rétt staðið að málu. Ron lætur sæða kýr á fyrsta mjaltaskeiði með kyngreindu sæði en vegna kostnaðar eru eldri kýr sæddar með hefðbundnu sæði. Þá sér þarfanaut um uppbeisli eftir þriðju sæðingu.

Aðspurður um lund kúnna þá sagði hann sem dæmi að hann hafi einungis haft eina kvígu á síðustu 5 árum sem hann þurfti að losa sig við vegna vandamála. Henni var þó ekki slátrað heldur seld á næsta bæ. Annars séu engin vandamál með kýrnar, þær séu þegar og meðfærilegar.

Þá kom fram að hann setur ekki nautkálfa á heldur selur til áframeldis þegar þeir eru 2ja vikna

gamli. Þá var áhugavert að heyra að nýfæddir kálfarnir ganga undir fyrstu tímana eftir fæðingu og eðlilega veit Ron ekki hve mikinn brodd þeir hafa sögið á þessum tíma. Því mælir hann alltaf mótefnið í blóði kálfanna, þegar hann tekur þá undan kúnum, og ef í ljós kemur að mótefnastaðan er bág fær kálfurinn viðbótarskammt af sérstaklega góðri broddmjólk með hátt innihald mótefna. Með þessu móti nær hann að koma á legg kraftmiklum og góðum kálfum sem hann telur forsendu góðs búskapar.

Framleiðir einungis gras

Eins og áður segir leggur Ron áherslu á grasfóðrun kúnna og er t.d. einungis með grasframleiðslu á öllum 65 hekturum sem hann hefur undir, en á þessu landsvæði er hægt að slá 5 sinnum yfir sumarið. Hann þarf þó einnig á heilskornum maís að halda til þess að jafna út fóðurgæðin, en maísinn kaupir hann frá öðrum bónda og kaupir á hverju hausti 300-350 tonn af nýslegnum maís sem er settur í flatgryfju á búinu. Fóðrunin er annars frekar einföld, kýrnar fá vothey og svo kjarnfóður í mjaltþjónunum en þar er hægt að gefa þrjár mismunandi tegundir eftir stöðu kúnna á mjaltaskeiði.

Á sumrin er kúnum beitt á daginn og ef mjög heitt er í veðri þá fara þær út á nóttunni svo þær fái ekki hitastreitu. Þá vakti athygli að frá miðjum ágúst byrjar hann á því að stunda svokallaða núll beit, þ.e. slær ferskt gras í kýrnar. Þetta gerir hann með því að vera með framsláttuvél á dráttarvélinni og tekur svo sláttuskárann beint upp í

Færibanda-reimar

Eigum á lager
færibandareimar
í flestar gerðir rúlluvéla



GÚMMISTEYPA
Þ. LÁRUSSON EHF.

Á FAGLEGUM NÓTUM

heyhleðsluvagn og keyrir svo inn á fóðurgang. Ástæðan fyrir 0-beitinni sagði hann vera þá að síðsumars sé enn gott prótein í grasinu en kýrnar nýti það engan veginn nógu vel með beit, því sé miklu betra og hagkvæmara að slá grasið í kýrnar en að beita þeim á grasið.

Miklar sveiflur á afurðastöðvaverði

Ron er einn af mörg þúsund eigendum afurðafélagsins FrieslandCampina en það er eitt af stærstu fyrirtækjum heims á sviði mjólkurvöruframleiðslu og selur vörur um heim allan.

Sem innleggjandi hjá félaginu fær Ron eðlilega alltaf hæsta mögulega verð sem um getur og nú um stundir, þegar gríðarleg eftirspurn er eftir mjólk um allan heim, fær hann afurðastöðvaverð sem er í hæstu hæðum! Alls eru núna greidd 62,5 evrusent, um 88 íkríkr, fyrir hvert innvegið kíló mjólkur af staðlaðri mjólk sem er með 3,57% prótein, 4,41% fitu og 4,53% mjólkursykur.

Aldrei í sögunni hefur afurðastöðvaverðið verið svona hátt en það getur líka breyst hratt en afurðastöðvaverð er gefið út í hverjum mánuði og fer það algjörlega eftir því hvernig gengur hjá félaginu á heimsmarkaði mjólkurvara. Þannig var t.d. verðið 45 evrusent í janúar eða um 63 íkríkr á hvert innvegið kíló en hefur síðan hækkað hratt. Ron er undir það búinn að verðið geti lækkað hratt á ný, það sé einfaldlega staðan þegar afurðafyrirtæki starfa á heimsmarkaði.


Fær aukalega greitt fyrir beit og sótspor

Það vakti athygli að Friesland Campina borgar bændum aukalega ef þeir setja kýrnar á beit en fyrir það fær Ron 1,5 evrusent, um 2 íkríkr, á hvert innvegið kíló mjólkur. Til að fá þetta álag á afurðastöðvaverðið þarf hann að beita kúnum 120 daga á ári og að lágmarki 6 klukkustundir á sólarhring og má það vera að nóttu ef svo ber undir. Þá fær hann einnig sérstaka álagsgreiðslu upp á 2,5 evrusent, um 3,5 íkríkr, vegna vottunar búans frá PlanetProof. PlanetProof er sjálfstætt gæðamerki sem vottar framleiðslu með tilliti til sjálfbærni. Til að fá vottunina þarf búið að taka ákveðin skref í átt að sjálfbærni en þó ekki að vera að fullu sjálfbært. Dæmi um þetta er t.d. lengri líftími kúa en gerist og gengur, líffræðilegur fjölbreytileiki tungrasa, beit kúa, rými og þægindi í fjósi o.s.frv. Fyrir þessa viðleitni bændanna borgar afurðafélagið sem sagt þetta sérstaka álag á mjólkina.

Hollenskir fánar á hvolfi

Á leiðinni að kúabúinu var tekið eftir því að víða meðfram vegum var búið að hengja upp í nánast hvern ljósastaur hollenska fánann á hvolfi! Þetta vakti eðlilega spurningar en skýringin lá í útbreiddum mótmælum hollenskra bændu undanfarið sem greint var frá í skilmærkilegri grein um mótmælin í 13. tölublaði Bændablaðsins fyrir á þessu ári.

Í stuttu máli þá hefur þarland ríkisstjórn ákveðið að skera hraustlega niður í fjölda búa með



Víða sáust hollensku fánarnir svona, þ.e. á hvolfi, sem bændur segja að sé merki um að ríkisstjórn landsins sé að setja landbúnaðinn á hvolf með þessari aðgerð.



Ron að spjalla við hópinn og útskýra reksturinn.



Schäffer-verksmiðjurnar.

búfé vegna reiknaðs umhverfisálags búanna og nemur þessi niðurskurður um 40% búfjár landsins fyrir árið 2030!

Í Hollandi eru 162 svokölluð Natura 2000 svæði, sum eru lítil og önnur stór. Samkvæmt stjórnmöldum þá er sótspor þessara svæða hátt og þarf að lækka það verulega. Þetta mikla umhverfisálagn er rakið til iðnaðar, bifreiða og flugvéla en einnig til landbúnaðar. Þegar heildarmyndin var skoðuð og helstu kostir eða gallar við niðurskurð á hinum greinunum var einfaldlega ákveðið að fórnna landbúnaðinum sagði Ron. Á þessum skilgreindu svæðum þurfa bændur að fækka um 20-90% eftir staðsetningu búanna og eru bændur landsins reiðir vegna þessa og telja áætlanir stjórnvalda óraunhæfar, byggðar á röngum tölum og skilja ekki af hverju ekki megi horfa til tæknilegra lausna til þess að draga úr ammoníaki í stað niðurskurðar. Þá hafa þeir lífning skilning á því að bændur einir eigi að axla ábyrgð en iðnaður, farartæki og sér í lagi flugvélar megi halda áfram að spúa koltvísyringi út í loftið. Vegna þessa hafa bændur landsins staðið fyrir mótmælum og m.a. hengt hollenska þjóðfánann á hvolf til merkis um alvarlega stöðu bændu og fyrirtækja í landbúnaði vegna þessarar ákvörðunar stjórnvalda.

Kjarnfóðurfyrirtæki á heimsmarkaði

Önnur heimssókn hópsins var til hollenska fyrirtækisins De Heus en það er fjölskyldufyrirtæki í fóðurframleiðslu fyrir búfé og eldisfiska og er fyrirtækið með starfsemi í 80 löndum um heim allan og er fóður þess m.a. selt á Íslandi. Þar fékk hópurnir kynningu á fyrirtækinu auk þess að fara í skoðunarferð um framleiðsluáætlöðuna.

De Heus hefur ekki farið varhluta af umræðunni um sótspor frá landbúnaðarframleiðslu og er unnið hörðum höndum að því að draga úr því eins og hægt er. Þetta er t.d. gert með því að minnka vægi soja í fóðurblöndum og auka repjuhrat í staðinn, en það þýðir að hægt er að kaupa hráefni fyrir vinnsluna mun nær framleiðslustöðvum De Heus enda repja mikið ræktuð í Norður-Evrópu en soja mest flutt inn frá Suður-Ameríku.

Kom m.a. fram að í raun mætti lækka sótspor kjarnfóðurs töluvert, en það þýddi þó aukinn kostnað enn sem komið er. Því væri nú verið að leita allra leiða til þess að lækka verðið og aðlaga framleiðsluna að þeim kröfum sem gerðar eru í dag.

Liet-bræðurnir þrír

Þriðja heimssóknin var svo til hollenska fyrirtækisins Trioliet sem dregur nafn sitt af þremur bræðrum með ættarnafnið Liet sem stofnuðu fyrirtækið árið 1950.

Fyrirtækið, sem enn í dag er fjölskyldufyrirtæki, framleiðir margar gerðir fóðurkerfa og fóðurvagna fyrir búfé og gafst ferðalöngunum tækifæri til að fara í skoðunarferð um verksmiðju fyrirtækisins og fá kynningu á sögu þess. Trioliet tæki eru í dag í boði fyrir bændur í 50 löndum í heiminum, m.a. á Íslandi.

Fyrsti liðléttingurinn kom 1979

Því næst var tekið hús á þýska fyrirtækinu Schäffe, en það er þekkt hér á landi sem framleiðandi á liðléttingum en fyrirtækið framleiðir ótal stærðir og gerðir af vélum og hafa rúmlega 80 þúsund vélar nú verið seldar um heim allan. Fyrirtækið, sem er fjölskyldufyrirtæki og var stofnað árið 1956, á rætur sínar að rekja til Heinrich Schäffer, sem starfaði við sölu á landbúnaðartækjum á sínum tíma en var mikill uppfinningamaður og sá að það vantaði á markaðinn margs konar vinnuhagræðingartækni.

Hann byrjaði á því að búa til og hanna ýmis tæki og tól en hægt og rólega fluttist áhuginn og áherslan á tækni til að lyfta hlutum. Þessi áhugi leiddi til fyrsta liðléttingsins, sem kom á markaðinn árið 1979. Síðan þá hefur fyrirtækið vaxið ört og er í dag með öflugri aðilum á markaðinum.

Sérstaða Schäffer er m.a. að nánast allir íhlutir eru smíðaðir á staðnum í verksmiðjunni í Þýskalandi, en þekkt er að mörg fyrirtæki á markaðinum láta smíða fyrir sig hina og þessa hluti og eru svo í raun fyrst og fremst með samsetningarverksmiðju.

- Í næsta Bændablaði verður birtur síðari hluti umfjöllunar um ferðina.



Loftur Erlingsson
Löggiltur fasteignasali
GSM 896-9565
loftur@husfasteign.is



Alhliða fasteignasala
Kynslóða- / eigendaskipti bújarða
Stofnun og skráning landspildna og lóða

Hús Fasteignasala • Austurvegi 26 • 800 Selfoss
Sími: 497 1155 • www.husfasteign.is

Pinnabyssur og púðurskot

Boltabyssur



Skot í rotara

Kíktu inn á
www.kb.is



Egilsholti 1, 310 Borgarnesi
Sími 430 5500, www.kb.is

Æðardúnn

Óska eftir æðardúni til útflutnings.

Hærra nettóverð.

Hafið samband í síma: 893-8554
eða 0047 - 9303-7099

Tölvupóstur: leifm@simnet.is

Leifs Æðardúnn

Útflutningur síðan 2001.



Eigum til á lager okkar vönduðu þurrkofna ásamt ýmsum öðrum tækjum fyrir heimavinnslur og veitingahús.

Beinn innflutningur, gott verð
Dæmi um verð: Þurrkofnar aðeins 59.000 kr. án vsk.
Hakkavélar frá 95.000 kr. án vsk.

Nánari uppl. í síma 8228844/ 8228832 eða vellir@vellir.is

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

LESENDARÝNI



Ársgömul TTS-herfing í frjósoðu graslendi. Í slíku landi eru ummerki jarðvinnslu mjög fljót að hverfa. Myndir Þróstur Eysteinnsson



Þriggja ára TTS-herfing í grasmóa. Herfiförin eru komin vel á veg með að gróa.



Lerki í 13 ára gamalli TTS-herfingu í Mosfelli. Herfiförin eru gróin og herfingin skapaði skilyrði fyrir loðvíði og fleiri plöntur þar sem áður var nánast hrein mosapemba.



Í þessari rúmlega tvítugu TTS-herfingu sjást varla nokkur ummerki. Hér var áður rýr lyngmói.

Nokkur orð um jarðvinnslu

TTS-herfing er væg aðferð við jarðvinnslu til skógræktar miðað við aðrar aðferðir sem völ er á.



Þróstur Eysteinnsson.

Sárin gróa fljótt og jarðvinnslan eykur lífslíkur trjáanna, flýtir fyrir vexti þeirra og þar með þeim árangri sem vænst er af viðkomandi skógræktarverkefni.

Ljósmyndir af skógræktarsvæðum sem unnin hafa verið með TTS-herfi sýna að ummerkin eru fljót að hverfa.

Upp hefur komið nokkur umræða um jarðvinnslu sem gjarnan er stunduð í skógrækt og gætir þar stundum nokkurs misskilnings. Í þeirri umræðu er ýmsu haldið fram sem ekki stenst nánari skoðun. Því er rétt að segja frá tilgangi og afleiðingum jarðvinnslu.

Tilgangurinn með jarðvinnslu er einkum þrjúþættur; 1) að skapa gróðursetningaset þar sem samkeppni annars gróðurs við ungar trjáplöntur er minnkuð, 2) að auka sumarhita jarðvegs og 3) að auðvelda gróðursetningu. Allt eykur þetta lífun og vöxt trjáanna og minnkar kostnað við skógrækt. Afföll eru kostnaðarsöm. Kostnaður við það að 20% nýgróðursettra plantna drepist er um kr. 100.000 á hvern hektara lands. Því er mjög mikilvægt að gera það sem hægt er til að draga úr þeim afföllum. Að tré hefji vöxt tiltölulega fljótt og vel er einnig mikilvægt, m.a. svo þau hefji kolefnisbindingu sem fyrst.

Væg jarðvinnsla

Það jarðvinnslutæki sem mest er notað núna er svo kallað TTS-herfi. Á því eru tveir gróftenttir diskar sem velta við gróðurhulunni en rista ekki djúpt. Það rífur frekar en að skera og skapar rásir sem eru svolítið óreglulegar, ólíkt plægingu sem sker gróðurhuluna og ristir dýpra. Útkoman er sú að þegar velturnar gróa líkjast þær þúfum en ekki plögstrengjum.

Þótt TTS-herfing líti groddalega

út í fyrstu er hún í raun vægari jarðvinnsla en flestar aðrar, er fljótari að gróa og myndar að lokum land sem er óþekktanlegt frá íslensku þýfi. TTS-herfing þurrkar ekki land og leiðir til mun minni CO₂-losunar en jarðvinnsla sem ristir dýpra. Þar sem förin gróa fljótt varir CO₂-losun stutt, enda er markmiðið að skapa góðar aðstæður fyrir ungar trjáplöntur á fyrstu árum þeirra en ekki að skapa varanleg sár.

Skógrækt mest á rofnu landi

Stundum er gagnrýnt að verið sé að gróðursetja í „algróid land“ sem útheimti jarðvinnslu á annað borð. Þar býr að baki annars vegar sú hugsun að eini tilgangur skógræktar sé að græða upp örfoka land og hins vegar að hið algróna land sé í einhvers konar „ósnortnu“ ástandi.

Hvort tveggja er fjarri lagi. Tilgangur með skógrækt er margháttaður, stundum uppgræðsla, stundum timburframleiðsla, stundum endurheimt vistkerfa og búsvæða, stundum útivist, stundum skjól og á seinni árum ekki síst að binda CO₂ úr andrúmsloftinu til að stemma stigu við hraðfara loftslagsbreytingum.

Flestum þessum markmiðum er betur hægt að ná á landi þar sem enn er mold til staðar en þar sem hún er fokin burt.

Þær gróðurgerðir sem mest eru teknar til skógræktar eru rofið land, mólendi og graslendi. Allar eru þær mótaðar af upphaflegri skógareyðingu og aldangri beit. Þær eru langt frá því að vera í upprunalegu eða ósnortnu ástandi.

Ummerkin hverfa fljótt

Auðvelt er að taka myndir af nýlega herfuðu landi og kalla það lýti. Jarðvinnsla í skógrækt gerir þó mikið gagn og aðferðirnar sem nú eru notaðar valda ekki varanlegum skemmdum; rásirnar eru fljótar að gróa. Herfing eða tæting eru mun ákjósanlegri jarðvinnslu aðferðir en t.d. plæging eða úðun illgresiseiturs.

Skógræktin mun því halda áfram að mæla með jarðvinnslu og fylgjast áfram með þróun þeirrar tækni svo

ávallt séu notaðar bestu aðferðir sem völ er á.

Þróstur Eysteinnsson
skógræktarstjóri



EIGNAMIDLUN



Hólagerði

561 Varmahlíð



Jörð/lögbýli/sumarhús/skemma/hesthús

↔ 62 ha

120.000.000



Lárus Ómarsson
Löggiltur fasteignasali
larus@eignamidun.is
824 3934

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími 588-9090 | eignamidun.is

VÉLABÁSINN

Nýr kínverskur rafmagnsbíll

– Prufuakstur á Series 3

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Á dögunum prufukeyrði blaðamaður bíl sem hann hafði aldrei heyrt nefndan fyrir en í sumar.

Rafn Agnar hjá RAG ehf. hóf nýlega innflutning á Series 3 rafmagnsbílum. Það eru millistórir framhjóladrifnir jepplingar sem eru álíka miklir um sig og á svipuðu verði og MG ZS EV, Renault Megane E-Tech, Hyundai Kona o.fl.

Series 3 verður bara fluttur inn í Luxury útgáfu sem er ríkulega útbúinn. Sem dæmi um staðalbúnað má nefna leðursæti, rafmagn í sætum, glerþak og hraðastilli.

Hér er komin á markað áhugaverð viðbót við þá flóru rafbíla sem þegar er í boði.

Útlit vekur ekki sterkar tilfinningar

Bakhliðin á bílnum er með yfirbragð nýrra evrópskra bíla með hreinum og sportlegum línunum. Framendinn og hliðarnar eru hins vegar með sambærilegt yfirbragð og kóreskir bílar eins og SsangYong og Hyundai voru með fyrir tæpum áratug: sem sagt óeftirminnilegt án þess að vera sérlega ófrítt.

Innrétting vönduð og smekkleg

Þegar sest er upp í bílinn tekur við mun jákvæðari upplifun. Stýrið og sætin eru leðurklædd með mjúku svörtu leðri og er mælaborðið klætt leðurlíki sem er gott viðkomu. Hönnuðurnir hafa greinilega horft til þess að gefa innréttingunni ríkmannlegt yfirbragð sem sækir innblástur til Mercedes-Benz.

Auðvelt er að stilla rafknúin sætin þannig að vel fari um flesta, nema mjög hávaxna – til þess þyrfti sætið að fara aftar og stýrið að bjóða upp á aðdrátt. Þar sem þetta er nokkuð hár jepplingur er aðgengið í bílinn mjög gott.

Á hámarkshraða í Kömbunum

Rafmagnsbílar eins og þessi geta verið eins og dýrir lúxusbílar þegar kemur að því að keyra þá. Án sprengjuhreyfils losna ökumenn við stöðugan titring og skarkala. Akstursupplifunin af Series 3 einkennist því af friðsæld og áreynsluleysi með þýðri fjöðrun. Blaðamanni fannst þó fjöðrunin að aftan dúa fullmikið þegar keyrt var yfir stærri misfellur og hraðahindranir.

Þrátt fyrir mjúka fjöðrun liggur bíllinn eins og sportbíll í beygjum. Blaðamaður fór upp og niður Kambana á hámarkshraða án þess að taka eftir því. Þessir góðu aksturseginnleikar nást með því að þyngsti hluti bílsins, rafhlaðan, er undir gólfinu sem gefur lágan þyngdarpunkt. Þrátt fyrir að vera bara 163 hö (129 kw) og nálægt tveimur tonnum að þyngd þá er bíllinn fljótur að ná upp hraða sem hann heldur áreynslulaust í brekkum.

Margmiðlunarkerfi og útvarp gæti verið betra

Margmiðlunarkerfið í bílnum er líklegast ein veikasta hlið bílsins. Blaðamaður var lengi að átta sig á hinum og þessum fidusum og gátu



Series 3 er nýr rafmagnsbíll á íslenskum markaði. Verðlagningin og ríkulegur staðalbúnaður gerir bílinn samkeppnishæfan, en ófullkomið margmiðlunarkerfi dregur hann niður. Myndir / AL



Að aftan er bíllinn mjög aðlaðandi.

þrepinn að einföldum skipunum verið fullmörg. Mikill kostur er þó að á hverri hlið utan á bílnum er ein myndavél sem varpar mynd sinni á margmiðlunarskjáinn í mælaborðinu. Þetta er hugsað sem aðstoð fyrir þá sem eiga erfitt með að leggja í þröng stæði. Þrátt fyrir að myndgæðin séu ekki þau bestu þá er þetta góð viðbót við speglana. Útvarpinu er stjórnað í gegnum margmiðlunarkerfið en það er lítið upp úr því að hafa. Um árabíl hafa jafnvel hin einföldustu útvörp í bílum getað gefið upplýsingar um hvaða stöð er verið að hlusta á, en ekki í Series 3. Einu upplýsingarnar sem eru sjáanlegar eru á hvaða tíðni útvarpið er stillt.

Að auki við þetta þá virðist loftnetið ekki vera öflugt og er stöðugt flókt á útsendingunni, jafnvel þó svo að ekið sé í þéttbýli. Þegar ekið er á milli landshluta þá missir útvarpið sambandið við þá útvarpstöð sem hlustað er á og finnur ekki sjálfkrafa sömu stöð á nýrri tíðni.

Miðstöð torskilin

Það mætti ætla að miðstöðin sé sjálfvirk þar sem notandinn þarf



Rúmgott skott. Undir gólfinu leynist varadekk í fullri stærð.



Innréttingin og sætin eru íburðarmikil. Leðurklæðning og hraðastillir eru meðal staðalbúnaðar.

bara að velja hitastig og bíllinn sér um rest, en svo er ekki.

Blaðamaður lenti oft í því að vera búinn að skrúfa hitann upp í hæstu hæðir en samt blés miðstöðin bara köldu, eða þá vera búinn að skrúfa kælinguna í botn en fá á sig volgan blástur.

Með því að fíka í öllum tökkum komst þetta svo í lag, en það er galli að þetta skuli ekki vera sjálfvirk.



Stórir gluggar hleypa birtu inn í annars dökka innréttingu.

Með ódýrari rafbílum

Series 3 kostar 5.350.000 kr. m.vsk. og eins og áður sagði verður hann bara fluttur inn í Luxury útgáfu. Þetta staðsetur bílinn meðal ódýrustu rafbílanna sem völ er á. Fólk sem er að velta fyrir sér bílum eins og MG ZE EV, Nissan Leaf, Volkswagen ID.3 o.fl. getur því bætt þessum á listann og gert samanburð. Ábyrgð á rafhlöðunni

er átta ár, en að öðru leyti kemur bíllinn með tveggja ára verksmiðjuábyrgð. Það er heldur stutt ábyrgð í samanburði við samkeppnina, sem býður upp á allt að sjö ára verksmiðjuábyrgð. Á meðan flestir rafmagnsbílar eru með nokkurra mánaða biðtíma þá eru þessir til á lager. Það eitt og sér getur gert þennan bíl að vænlegum kosti fyrir þá sem vilja ekki bíða lengi eftir nýjum bíl.

MENNING

Menningarmiðstöð Hornafjarðar

Árið 1990 var Menningarmiðstöð Hornafjarðar stofnuð, með sameiningu nokkurra safna.

Menningarmiðstöðin vinnur að metnaðarfullri menningarstarfsemi innan sveitarfélagsins og starfrækir sex söfn; bóka-, byggða-, héraðsskjala-, lista-, náttúrugripa- og sjóminjasafn, ásamt atvinnu-, ferða- og rannsóknarsviði sem starfar þvert á einingarnar.

Sýningar á vegum safnanna eru mikilvægur þáttur í safnastarfinu. Við uppsetningu sýninga leggjum við áherslu á sérstöðu Hornafjarðar og samfélagsins sem þar er og var.

Listasafn Svavars Guðnasonar var opnað við hátíðlega athöfn 24. júní 2011. Sveitarfélagið hafði fengið fjölda verka Svavars að gjöf frá Ástu Eiríksdóttur, ekkju hans. Með gjöfinni var lagður grunnur að stofnun Svavarssafns sem enn í dag sýnir verk hans og annarra listamanna. Nú stendur yfir sýningin Hreyfing í föstum formum og litum, sem er sýning á geómetrískum abstraktverkum Svavars, og er Jón Proppé sýningarstjóri.


Byggða- og náttúrugripasafnið í Gömlubúð var mikill ævintýraheimur, en nú bíða munir safnsins eftir nýju sýningarhúsnæði.

Vonast er til að koma safninu í gott sýningarhúsnæði á næstu árum. Þó að byggðasafnið hafi ekki aðstöðu til að sýna í sýningarsal þá nýtir starfsfólk Menningarmiðstöðvarinnar hvert tækifæri til að sýna munina.

Þegar þrengt er að sýningar- aðstöðu safna þá er starfsfólk fljótt að miða út þá staði sem hægt er að nýta undir litlar sýningar og eru þær settar upp þegar tækifæri gefst. Aukinheldur er varðveisluhúsnæði stofnunarinnar gott og stórt og þar er tekið á móti hópum.

Skráning menningarminja

Vorið 2020 hófst skráning eyðibýla í sveitarfélaginu, í samstarfi við



Á Listasafni Svavars Guðnasonar stendur nú yfir sýningin Hreyfing í föstum formum og litum á verkum Svavars. Myndin er tekin af sýningu Erlu Þórarinsdóttur í safninu 2021.

Þórbergssetur og fleiri aðila. Verkefnið kallast Fornbýli, búsetu- og menningarmínjar í landslagi í Austur-Skaftafellssýslu og felst í að kortleggja þau fjölmörgu býli og hjáleigur sem farið hafa úr ábúð í sýslunni, sum hver fyrir árhundruðum síðan.

Sýnilegar mínjar, s.s. húsatóftir, garðlög og aðrar mannvistarleifar, eru mældar upp og lýst í máli og myndum. Leitast er við að draga fram búsetusögu hvers býlis út frá margvíslegum heimildum, þ.á m. þekkingarbrunni heimamanna. Með verkefninu verður gerður sýnilegri merkilegur þáttur í sögu forvera okkar sem hér bjuggu fyrir á öldum. Hefur verið stofnuð vefsíðan www.busetuminjar.is og þar má sjá niðurstöður skráninga í Suðursveit. Unnið er að skráningu á Mýrum og má vænta niðurstöðu hennar á heimasíðunni á næsta ári.

Starfsfólk Menningarmiðstöðvarinnar, ásamt landeigendum Kvískerja og Gísla Sverri Arnasyni, vinnur að verndun sögu Kvískerja. Markmiðið er verndun þeirra skjala og minja sem viðkoma sögu systkinanna á Kvískerjum og rannsókna þeirra á náttúru og staðhættum. Starfsfólk Menningarmiðstöðvarinnar sér um að skrá, flokka og pakka

menningarmínjum og skjölum frá Kvískerjum og stefnt er að því að ljúka þökkuninni fyrir ágústlok. Við tekur skráning og forvarsla skjala og muna í varðveisluhúsnæði byggða- og skjalasafnsins.

Viðburðir

Auk sýningarstarfs og skrásetningar menningararfs stendur Menningarmiðstöð Hornafjarðar fyrir fjölbreyttu menningarstarfi í sveitarfélaginu, hátíðum og viðburðum þar sem samfélagið getur komið saman og hlýtt á fallega tóna eða fræðst um spennandi málefni.

Barnastarf Menningarmiðstöðvarinnar er vel sótt á sumrin, þar er boðið upp á styttri ferðir um svæðið svo krakkar fá tækifæri til að kynna nærumbhverfi sínu á nýjan hátt. Farið er í báts- og rútuferðir, lífríki kynnst með sveitaheimsöknum og smásjám, saga samfélagsins könnuð og listasmiðjur haldnar.

Einnig hefur bókasafnið staðið að lestrarátakinu Sumarlestri, sem hvetur börn til að lesa yfir sumarmánuðina og veitt eru hvatningarverðlaun að hausti.

Eyrún Helga Ævarsdóttir, forstöðumaður.



ÓDÝR

gleraugu umgjörð og gler



Gleraugu með glampa og rispuvörn

19.900 kr.

Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0

Margskipt gleraugu

39.900 kr.

Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)

Hamrahlíð 17

Hús Blindrafélagsins

Sími • 552-2002



SJÓNTÆKJAVERSLUN

TÖKUM AÐ OKKUR VERKEFNI OG VINNUM ÚR ÞEIM LAUSNIR



VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

KROSSGÁTA Bændablaðsins

	180	DÚSKUR	ÁGÓÐI	HINDRA	TVEIR EINS	FEIKNA	SVIF		SKJÓÐA	STÓ	TVEIR EINS
	HERPINGUR										
	GREIÐSLU-FRESTUR							DÝRA-HLÖÐ			
	SÚLD				MÆLTI						SJÚKDÓM
	ÞINGA				SLÓR						
	BÆTA VIÐ						HLYJA				
							AUM				
	↓	HYGGJAST	SANDMÖL				DVÖL				
		PRÓF-TITILL					ÍLÁT				
VID-KVÆMUR				ÍÐKA	OFNEYSLA				RIFA	ÚT	
					PRÁÐA						
ÁHRIFA-VALD			HYGGST					PILI			
			GAFL					KALLORÐ			
TVEIR EINS		JARÐBIK FOR-LEGGJARI					FUGL				
							BIRTA				
RÁN			EFNI		EFNA-SAMBAND	BRUÐL					SAGGI
			FLEINN			SÖEULJÓÐ					
		MUNDA		STIKAÐI			SPOR				
		FÖGNUMUR					DÝR				
FET				ATBURÐUR				ÁTT			
				GLÁP				MAGUR			
VÉLUN					RUNNI					TVEIR EINS	
					LÍKA						
ERLENDIS			VANSÆMD				STIKK-PRUFA				
VOTVIÐRI						HNETA					

Lausn á krossgátu í síðasta blaði



B **R** **O** **S** **ÓHEMU** **Ó** **S** **K** **Ö** **P**
L **Á** **K** **I** **KNEYFA** **T** **E** **Y** **G** **A**
Á **Ð** **A** **N** **KVARS-STEIN** **T** **I** **N** **N** **U**
S **S** **NÁ-SKYLUR** **N** **Á** **I** **N** **N** **BOTH-VARFA** **F**
↓ **RÖÐ** **PUDAR** **B** **A** **K** **S** **A** **R** **GRUNNAFN** **K** **A** **T** **A**
H **R** **Á** **R** **TVEIR EINS** **A** **A** **HROPA** **Æ** **P** **A** **Í RÖÐ** **R** **S**
A **U** **Ð** **U** **R** **ÓFUGT** **L** **O** **Ð** **A** **HANGA Á** **F** **Ö** **R** **O** **T**
N **N** **EDGJA** **M** **A** **N** **A** **TÍMABIL** **A** **P** **R** **Í** **L** **SKYNFERA**
D **A** **S** **FÍNGERÐ** **N** **E** **T** **T** **RÓTA** **R** **U** **S** **L** **A**
T **KK. NAFN** **I** **N** **G** **I** **EGNA** **R** **E** **I** **T** **A** **SKJÓL** **U**
A **F** **L** **Á** **T** **SJÚKT** **V** **E** **I** **K** **T** **ÓFUG RÖÐ** **H** **G**
S **J** **A** **L** **MIBA** **S** **I** **G** **T** **A** **AKALL** **B** **Æ** **N**
K **Ö** **S** **NETL-BUMBUR** **P** **Á** **K** **U** **R** **KVK. NAFN** **E** **R** **L** **A**
A **L** **T** **S** **O** **URMULL** **A** **R** **A** **G** **R** **Ú** **I**

Bændablaðið kemur næst út

8. september

Smáauglýsingar 56-30-300

FUGLINN: ÞÓRSHANI



Þórshani er afar sjaldgæfur varpflugl, talið er að hér séu aðeins um 300 fuglar í smáum byggðum umhverfis landið. Vegna þessa nýtur hann sérstakrar friðunar sem felur í sér að dvöl manna við hreiður Þórshana er óheimil nema með sérstakri undanþágu frá Umhverfisstofnun. Hann kemur hingað seinastur allra farfugla og dvelur ekki nema 1-2 mánuði á varpstöðvum. Þar fyrir utan er talið að þeir dvelji á rúmsjó allt að því 10-11 mánuði á ári og eru því vetrarstöðvar þeirra lítið þekktar. Hann er í lítilli ætt sundhana ásamt óðinshana og freyshana. Þórshani á það sameiginlegt með frændum sínum að kvenfuglinn er skrautlegri og á frumkvæði að tilhugalífínu. Ljósmyndin sýnir karlflugl en líkt og hann er kvenfuglinn rauðbrúnn að neðan en með svartan koll, goggrót og hvítan vanga. Þegar hún hefur orpið tekur karlinn alfarið við og sér um að liggja á eggjunum og koma ungum á legg. Kvenfuglarnir koma ekki nálægt uppeldinu heldur hópast saman eða parast aftur við aðra karlfugla og gætu þess vegna orpið aftur. Afturli þórshana og óðinshana er mjög svipað en þeir sjást oftast á sundi þar sem þeir synda rösklega í hringi í fæðuleit. Þeir dýfa gognum ótt og títt í vatnið til að safna alls konar smádyrum sem þyrlast upp undan þeim. Ásamt þessu éta þeir einnig rykmý af bökkum og yfirborði vatns. Þórshani er einstaklega gæfur en best er að hafa hægt um sig nálægt þeim, láta þá óáreitna og þá koma þeir gjarnan alveg upp að manni.

Mynd og texti / Óskar Andri Viðisson

UMHVERFISMÁL - TÍSKA

Lauslegt yfirlit:

Kynjalaus tíska 2022

Tískuiðnaðurinn er í stöðugri þróun eftir því sem samfélagið breytist.

Þegar við lítum eins og hundrað ár aftur í tímann á sögu fatnaðar, var hlutverk hans mun aðgreindara er kom að kynjunum. Í stuttu máli var gert ráð fyrir að konur klæddust kjólum, karlar buxum og lítið verið að leika sér með þær hugmyndir vegna væntinga samfélagsins. Þeir sem fóru yfir strikið voru oftar en ekki litnir hornauga, en þó varð línan sveigjanlegri eftir því sem árin liðu.

Í kringum 1990 mátti sjá konur í herðabreiðum jakkafötum sitja valdsmannslega í hægindastólum á auglýsingasíðum tiskublaðanna á meðan viðmælendur þeirra, karlmennirnir, hnipuðu sig saman í fósturstillingu í sófanum. Þarna var kynhlutverkunum svissað. Það sem er svo einmitt hæstmóðins í dag kallast kynlaus tíska. Hannaður er fatnaður og fylgihlutur sem gera helst ekki greinarmun á karl- og kvenlegum líkamlegum einkennum og tjá kynvitund sem ekki er tvískipt. – Þá í flokk karla eða kvenna.

Fyrstu skrefin

Kynlaus tíska hóf vegferð sína þegar konum fannst klæðnaður þeirra takmarka frammistöðu þeirra og daglegar athafnir. Hreyfingin náði miklum vinsældum þegar kvenkyns aðgerðarsinnar komu fram og fóru að klæðast karlmansfötum.

Besta dæmið er Luisa Capetillo, áköf kvenréttindakona og fyrsta konan í Púertó Ríkó til að klæðast



Hér má sjá Harry Styles á forsíðu Vouge árið 2020, Luisa Capetillo í jakkafötum, ein fyrst kvenna í Púertó Ríkó í kringum 1920 og svo módel iklætt kynlausri hönnun Alectra Rothschild á tiskuviku Kaupmannahafnar nýverið.

karlmansjakkafötum og bindi á almannafæri fyrir rétt rúmum hundrað árum.

Hugarástand ætti ekki endilega að vera kynbundið

„Hugmyndin um að fatnaður sem tjáning á persónuleika okkar tilheyrir einu kyni eða öðru er sú félagslega uppbygging sem þarf að taka í sundur“, segir Nick Paget, sérfræðingur hjá World Global Style Network (WGSN), alþjóðlegu fyrirtæki sem greinir verslunarhegðun neytenda og bætir við að „fatnaður undir hatti flæðigerva (e. Gender fluid) – kynvitund sem breytist eða er

fljótandi, getur verið hvaða fatnaður sem er, ef fólk staldraði við og velti því fyrir sér.“

Áhrifamiklir stjórnmendur tiskuviku Bandaríkjanna bættu svo nýlega við opinberum „*kynsegin (non-binary)“ flokki á dögum tiskuvikunnar margfrægu – *New York Fashion Week*. Þá í stað þess að hafa einungis hefðbundna flokka fatnaðar ætluðum konum eða körlum. (Kynsegin er regnhlífarhugtak fyrir kynvitundir sem falla utan einungis karl- eða kvenkyns.)

Carolina Stevenson, yfirmaður menningar- og sögufræða við London College of Fashion, tekur undir. „Ef samfélagið er ekki lengur skipulagt í



Að venju gengu módel meistaranema Konunglegu dönsku akademíunnar niður pallana en útskriftarsýningar þeirra eru þekktar fyrir öflugan og ferskan sköpunarkraft í þéttsetinni dagskrá.

Var áberandi mikill áhugi fyrir hönnun Alectra Rothschild með línuna Masculin, en hönnunin var kynnt sem „Ástarbréf til trans samfélagsins“. Fatnaðinum má lýsa á þann hátt að henta þeirri manneskju er við öll finnum innra með okkur – hver sem hún er – og frelsið til að klæðast því sem hugurinn gírnist.

When Harry met Harris

Einn heitasti hönnuðurinn með þá stefnu í huga er Harris Reed. Vill sá sérstaklega berjast fyrir viðurkenningu á flæði kynjanna með verkum sínum og hefur meðal annars fengið lof sem maðurinn á bak við einn best klædda mann heimsins. Harry Styles heitir sá, sem sjálfur segist kjósa að klæða sig eftir skapi og eigin geðþótta, hvort sem það er í blúndur eða leðurjakka. Í desember fyrir tveimur árum vakti forsíðumynd af honum mikla athygli, þá klæddum af Harris Reed í ballkjól fyrir forsíðu tímaritsins Vouge. Að berjast fyrir viðurkari og viðurkenndari heimi virðist vera í huga allra og 2022 er svo sannarlega ár kynlausrar tísku.

/SP

* Kynsegin (e. non-binary) Regnhlífarhugtak fyrir kynvitundir sem falla utan einungis karl- eða kvenkyns.

kringum kynjatvískiptingu, þurfum við ekki lengur þessa sérstæðu flokka í tísku.“

Enda er kynjatvíhyggja (e. binary gender) í raun hefðbundin og úrelt hugmynd um kyn sem takmarkar möguleikana við karl og konu og ætti í raun ekki að hafa það vald til að takmarka tjáningu tiskunnar.

Fatahönnuðir í dag

Á tiskuviku Kaupmannahafnar nýverið var að sama skapi mikil áhersla lögð á það að fatnaðurinn væri fremur tjáning á persónuleika heldur en það félagslega viðhorf að tilheyra einu kyni ofar öðru.



**LANDAHREINSUN
JARÐAHREINSUN**

Vind upp ónýtar girðingar og hálf ónýtar. Þarf að geta keyrt meðfram, staurað af um leið.

Sími 855 1930, Hjörtur

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is

Verð: Textaauglýsing kr. 2.600 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.200 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Faðmgreip fyrir stórar rúllur. Mesta opnun er 212 cm. Lyftir rúllum sem eru allt að 1000 kg. Eigin þyngd - 190 kg. Ásoðnar euro-festingar og slöngur með kúplingum fylgja. Vönduð og sterk smíð með þykkri, dökkgrári duftúð (pólýhúð) Til á lager. Verð kr. 169.000 +vsk. Hákonarson ehf. hak@hak.is s. 892-4163.



Utanborðsmotor Mercury 7,5 hp yfirfarin 25 Hp motor sundurtekinn, þarfnast uppgerðar, fylgir með einnig bátur + vagn (sjá myndir) Verð kr. 200.000. S. 690-1677, Jón.



Slöngubátur fyrir alhliða veiði, á lager. Litir - Woodland camo, Leaf camo. Lengd - 4,5 m. Breidd - 1,92 m. Álgólf, gúmmilistar undir túbum. Þyngd - 100 kg, burðargeta - 1.100 kg. Max stærð af motor - 30 hö. CE vottaðir og merktir. 3 þóttur, 3 stangahaldarar, 3 stór geymsluhólf. Vindsegl að framan og geymsluhólf. Nánari uppl. og myndir sendar eftir óskum. Verð kr. 348.000 - m/vsk. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is



Gestahús, vinnustofa 24 m2 6x4 m. Skiptist í anddyri, tvö herbergi og wc. Vel byggt og einangrað. Verð kr. 5.500.000. Uppl. s. 899-0909.



Festivagn til sölu. Árgerð 1977, burðargeta 6 tonn. Tilboð óskast. Frekari upplýsingar veitir Heimir í s. 863-3242.



Vantar aðstoðarmenn og/eða smíði í ýmis verkefni. Erum á höfuðborgarsvæðinu. Fjölbreytt verkefni fyrir kraftmiklar stelpur eða stráka. Upplýsingar á facebook/ Brimuxi, í s. 895-5004 eða á netfanginu- steinn.hrutar@gmail.com



Óskum eftir að leigja húsnæði fyrir sviðsvagn til nokkurra ára. Stærð á vagni er 2,55 x 11,25 m og hæð er 3,82 m. Vinsamlegast hafið samband við Rikharð í S. 840-4505 eða rikharð@exton.is



Ford Bronco myndir óskast. Leita eftir Ford Bronco myndum. Hægt er að senda á Bronco@bronco.is eða hringja í s. 824-8824.



Bátakerrur frá Póllandi. Heitgalf, stál, mjög vandaðar. Heildarþyngd báts - 575 kg. Þýskar hásingar, vatnsheldar legur. Taka báta frá 3,8 m til 5 m. Spil, nefhjól og losanleg ljósabretti fylgja. Hákonarson ehf. s. 892-4163 hak@hak.is og www.hak.is



Lambheldu hliðargrindurnar. Breidd 420 cm x hæð 110 cm. Móskeyr 10 x15. Verð frá kr. 24.900 +vsk. Sett með lömum og loku aðeins kr. 3.900 +vsk. Aurasel ehf. Pantanir og upplýsingar í s. 669-1336 og 899-1776.



Innihæruer fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt - 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærunnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Tæknibúnaður fyrir atvinnugróðurhús

Loflagsstýringar

Áburðarblandarar

Skjámyndakerfi

Gluggabúnaður

Mótorlokar

Mælitæki

LED lampar



Eyravegi 32 • 800 Selfoss
Sími 480 1160 • www.arvirinn.is



Einföldu fjárgrindurnar. Krækt saman án aukahluta. Stærð/breidd 180 cm x 90 cm. Verð frá kr. 9.900 +vsk. Aurasel ehf. Pantanir og upplýsingar í s. 899-1776 og 669-1336.



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól ofl. Lengdir - 1,6 m,- 2 m - 2,1 m - 2,5 m-3 m -3,5 m-4 m-4,5 m-5 m. Burður fyrir par - 1,5 til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtare. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163.



MARÁS
TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR



JAPÖNSK GÆÐI!

Léttir Fyrirferðalítilr Hjóðlátir

Kraftmiklir Sparneytnir 3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum.

Úrvalið hefur aldrei verið meira.



ALKO QUALITY FOR LIFE

UNSINN

SCHMIDT FAHRZEUGBAU

Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta. Skoðuðu úrvalið á www.brimco.is eða kirtu í heimsókn.

Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.

BRIMCO EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ
Sími: 894 5111 - www.brimco.is



Til sölu Man 14.284 árgerð 2000, ekin 458.000 km. Með skóðun fram í apríl 2023. Loftþúðar fram og aftan. Kassinn sjálfur er 7,4 m á lengd og um 2,6 m á breidd og hæð. Hægt að opna allar hurðir og lyfta í lagi. Billinn er staðsettur á Akureyri. Ég er opin fyrir ýmsum skiptum, þá helst á bíl með 3,5 t dráttargetu. Skoða þó allt. Verð kr. 990.000 +vsk. Upplýsingar í s. 865-4540 og á benellinova@hotmail.com



Örfá eintök eftir til af bæði nýjum og notuðum yfirfornum hjólum, kíktu við í Hrísmýri 5, Selfossi og tryggðu þér eintak. S. 555-0595 eða ehjol@ehjol.is



Vökvunarbúnaður fyrir stór og lítil ræktunarsvæði á lager. Dælur-traktorsdrifnar, glussadrifnar, rafdrifnar, bensín, dísel. Slöngubúnaður í mörgum stærðum og lengdum. Vatnsúðarar (sprinklerar) í mörgum stærðum. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is www.hak.is



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsgandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Polaris sportsman 570, árgerð 2017. Keyrt 1.544 km Verð kr. 2.200.000. Uppl. Jóhann s. 788-0252.



Til sölu kaffi/skrifstofugámur, vel með farinn í alla staði. Fleiri myndir ef óskað er. Verð kr. 1.100 +vsk Upplýsingar í s. 894-3858.



Nissan Terrano ii árg. 1999, keyrður 167.000 km. Þarfnast smá viðhalds en annars frábær bíll. Verðhugmynd kr. 120.000. Uppl. í s. 845-7525



Gúmmirampar fyrir brettatjakka. Stærð L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta 10 tonn Hákonarson ehf. S. 892-4163 hak@hak.is, www.hak.is



Hinn fullkomni veiðibátur. Nýr bátur, 30 hö Mercury kerra, yfirbreiðsla. Verð kr. 3.280.000 m/vsk. Uppl. S. 695-2015.



Til sölu Benz Tourismo árg 2000. Ekin 723.000 km. Bill í ágætu standi og selst í því ástandi sem hann er. Annar bíll sömu gerðar árg 1998 til að nota í varahluti eða koma í lag fylgir með. Verð kr. 3.450.000.- Upplýsingar í s. 892-8585 Gísli Rafn eða 845-8285 Arnar.



Gólfhitafræsing fyrir 16 mm rör. Erum staðsettir bæði á Suður- og Norðurlandi. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir verkefni. Uppl. í s. 892-0808.



Þjappa 420 kg 2015 árg. í góðu standi uppl í s. 866-3802.



Komatsu D51 Px-22, árgerð 2012, ekin 4.400 klst. Verð kr. 15.900.000 +vsk. S. 893-4424.



Dísel hitarar 5kw 12/24v í bilinn eða bátinn. 2 ára ábyrgð. Þjónusta og allir varahlutir. Orkubondinn.is - Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.



Vatnabátur til sölu. Smíðaður úr trefjaplásti í Póllandi. Frábær í vatnaveiði. Lokuð flothólf í framstafni og að aftan, CE merktir. L- 3 m x B- 1,25 m, þyngd- 60 kg. Tvær fallegar tréarar, tveir veiðistangahaldarar og geymsluhólf í afturstafni. 1 stk. eftir á lager. Hákonarson ehf. S. 892-416. hak@hak.is, www.hak.is



Hraðtengi og tiltitengi með kló. Fyrir 140 og 130 Komatsu vél. 20 cm á milli á bómu. Öxulstærð er 50 mm. 50 mm boltar. Verð kr. 1.400.000. Skipti hugsanleg á vörubíl. Upplýsingar Guðmundur s. 774-1578.



Sjálfsgandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhrein vatn (trash). 2", 3", 4". Orginal Honda vélar með smurólíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Toyota Landcruiser 150 VX til sölu. Árgerð 2011. Ekin 240.000 km. Ásettt verð kr. 5.390.000. Skoða öll tilboð. Frekari upplýsingar í s. 869-9633, Bjóssi.



Bretttagafflar með snúningi, 180° eða 360°. Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta 1500 kg, 2500 kg, 3000 kg, 5000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is



Gröfuarmar á ámoksturstaeki. Gröfudýpt, 1,5 m eða 2,0 m. Færsla til beggja hliða. Allar festingar í boði. Vandaður búnaður frá Póllandi. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - hak@hak.is



Kerra Covered wagon trailer. Árgerð 2022, ekin- 1.000 km. Verð kr. 1.680.000. Rnr. 112434. Flott kerra. Uppl. í s. 892-4243.



Ford Fairlane Victoria árg 1956. 8cyl, ssk, innfluttur árið 1988. Er í góðu lagi, nýskoðaður til 2024. Engin skipti, er í Skagafirði. S. 820-7201. Verð kr. 5.400.000.



Stórviðarsög á braut. Aflgjafar- 3 fasa rafmótor 5,5 kw eða Kohler bensínmótor 14 Hö. Lengd á braut- 3,8 m, hægt að lengja um 1,52 m eða meira. Mesta þykkt á trjából- 66 cm Framleitt í Póllandi. CE merktur og vottaður búnaður. Hentar í alla stórviðarsögun. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólasjóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt- 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

ÁSCO

Alternatorar og startar í miklu úrvali

Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengir fyrir togepil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. Rafhlöður. Fjarslæsingar. Fjarslættar í bíla. Radarvara. Startkaplar. Ariðlar 12V og 24V í 240V. Hjóðnerar fyrir rútur, völmælur, ampærmælur, spennufellur 24V/12V, trífarslættar, loftvatsframferingar. Korrutenglar. Breytar fyrir 13P korrutengla. Öryggi. Sjálfvirk öryggi í bíla. Gleröryggi 20 og 32mm. Postullnörýggi. Öryggjahnödur. Stór öryggi uppl 250A. Skoðuálag. Fyrir. Lærdrover. Skoðuálag. Fyrir. Fjarslæsingar. Bættakætur. Öxulhósur. Spennustillar. Dósur. Rafsteymskætur. Vöðvarstærð. Gleröryggi. Fjarslættar. Fyrir. Aftarstærð. Vöðvarstærð. Skoðuálag. Lengd í álfarstærð. Hólf í álfarstærð. Vöðvarstærð. Skoðuálag. Lengd í álfarstærð. Hólf í álfarstærð.

ÁSCO
BILARAFMAGN

Glerárgata 34b, 600 Akureyri • S4611092 • asco@asco.is

SMÍÐUM FRÁ GRUNNI OG GERUM VIÐ

ALLAR GERDIR TJAKKA

VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar

S: 527 2600

Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is



Til sölu rafstöð. Verð kr. 140.000. Uppl. í s. 848-4113.



2" Brunadælur á lager. Frá Koshin í Japan. Sjálfsgandi og mjög háþrýstar. Vikta aðeins 37,6 kg. Henta vel fyrir slökkvilið og í vökvun. Skóffum allar dælur. Hákonarson ehf. s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Dodge ram 2500 dísel, ssk, ekinn 155.000 km. Góð dekk, í góðu ástandi. Skoðaður, skattlaus. Verð kr. 1.790.000. Uppl. í s. 869-1700.



Til sölu Dodge Royal 1956. Verð kr. 3.400.000. Upplýsingar í s. 615-4335.



Mjög vandaðir plastbátar frá Póllandi. Tvöfaldur byrðingur, falleg innrétting. Delfina 360- L 360 cm x B 164 cm. Agata 333- L 333 cm x B 150 cm. Fallegar tréarar fylgja. CE merktir og vottaðir. Hagstætt verð. Hákonarson ehf, www.hak.is. S. 892-4163, netfang-hak@hak.is



Volvo F6 Sendibíll árgærd 2003 nýskoðaður, ekinn 196.500 km. Sjálfskiptur, með lyftu, kassi 6 metrar, Jón Friðrik S. 690-1677.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantíð tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Gámarampar á lager. Heitgalfaniserað stál. Burðargeta- 8000 kg. Stærð- 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is S. 892-4163.



Er að leita að dráttarvél í ódýrari kantinum, þarf að vera fjór hjóladríf. Moksturstaeki væri kostur, æskileg stærð 60 til 90 hestöfl. S. 611-5985.



Kornvalsar frá Póllandi. Allt að 11 kw rafmótor. Traktorsdrifnir valsar ofl. Framleiðandi- www.adraf.pl. Hákonarson ehf. S. 892-4163 hak@hak.is, www.hak.is



MMC L 200 árg 2016 Ekinn 155.000 km. Beinskiptur, með krók, lok á palli, nýskoðaður til 2024. Flott eintak. Verð kr. 4.390.000. Uppl. í s. 820-3883.



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager- 230 V, 24 V, 12 V. Mjög öflug sjálfsgandi dæla. Dæluhjól og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel í sumarhús og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang-hak@hak.is



Pallhýsi til sölu. Verð kr. 450.000. Er í Kópavogi. Upplýsingar í s. 862-3995.



John Deere 5100R, árgærd 2020. Vinnustundir 880. Upplýsingar í S. 865-1777.



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna gröfur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. https://www.diggaeurope.com/ Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163. Netfang-hak@hak.is



Dísel hitarar 5 eða 8 kw 12 eða 24 volt. Hentugt í bíla, báta og lítil húsrými. Öll viðgerðarþjónusta og varahlutir. Verð kr. 48.900.- Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 662-1444.



Eigum til 22 m3 krókheysigáma. Fleiri gerðir einnig í boði. Nánari upplýsingar á truckur.is Nánari uppl. veitar í s. 537-4990 eða truckur@truckur.is

NORAMAX S5

Frábær öryggisstígvél frá Nora!
SUPERIOR PROTECTION

Við leggjum áherslu á góða þjónustu við landsbyggðina.



Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is

nora

- Einstaklega létt og slitsterkt PU.
- Nagla- og távörn.
- Frábært grip, vörn gegn m.a. olíu, fitu og mykju.
- Góð einangrun, halda hita vel í kulda.



Verð: 11.900 kr.

Öryggi: Fyrst og fremst

Við sendum í einum grænum



Sturtuvagn 2 tonna
Kúlutengi + traktorstengi
Kr 570.400 m. vsk
Kr 460.000 án vsk



Snjóblásari 210cm
Fyrir minni og miðlungsstóra traktora
Kr 899.000 m. vsk
Kr 725.000 án vsk



Beltagrafa 1,2 tonn
Diesel 12hp + 40cm skófla.
Kr 2.170.000 m. vsk
Kr 1.750.000 án vsk



Stubbataetari
Bensín 15hp – 8 kólfar
Kr 291.400 m. vsk
Kr 235.000 án vsk



Kurlari
Bensín 6,5hp – max 8cm
Kr 198.400 m. vsk
Kr 160.000 án vsk



Kurlari PTO
RPM540 – max 10cm
Kr 396.800 m. vsk
Kr 320.000 án vsk



Rafbörur 4x4
Drif á öllum og búkollubeygja
Kr 545.600 m. vsk
Kr 440.000 án vsk



Hnífatættari PTO
Vinnslubreidd 180cm
Kr 489.800 m. vsk
Kr 395.000 án vsk



Skógarkló
Fyrir smágröfur
Kr 179.800 m. vsk
Kr 145.000 án vsk



Brettagaffall
Fyrir traktor m eurofestingum
Kr 217.000 m. vsk
Kr 175.000 án vsk



Flutningskassi 2mtr
Opnar þrjár hliðar og sturtar
Kr 272.800 m. vsk
Kr 220.000 án vsk



Sláttuvél 160cm
24hp + rafstart fyrir ATV
<< Lækkað verð >>
Kr 675.800 m. vsk
Kr 545.000 án vsk



Sláttuvél 120cm
15hp + rafstart fyrir ATV
<< Lækkað verð >>
Kr 434.000 m. vsk
Kr 350.000 án vsk



Upptökuvél
Fyrir kartöflur
<< Lækkað verð >>
Kr 396.800 m. vsk
Kr 320.000 án vsk



Hagasláttuvél
GKS 200cm m hliðarfærslu
<< Lækkað verð >>
Kr 663.400 m. vsk
Kr 535.000 án vsk

www.hardskafi.is

September 2022

Sími 555 6520

sala@hardskafi.is



ÚRVAL AF KERRUM OG KERRUVARAHLUTUM

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

Vilt þú dvelja í skóginum?

Leitum að einstaklingum til að taka þátt í þróunarverkefni um rannsóknartengt og hagnýtt framhaldsnám í Skapandi sjálfbærni?

Hallormsstaðaskóli býður einstaklingum sem hafa lokið grunnnámi, eru byrjaðir í framhaldsnámi eða vinna að eigin rannsóknum að sækja um þátttöku í verkefninu. Hallormsstaðaskóli veitir viðkomandi vinnuaðstöðu, aðgang að vinnustofum sérfræðinga og niðurfelld skólagjöld gegn virkri þátttöku og viðveru. Markmið verkefnisins er að þróa þverfræðilegt framhaldsnám í Skapandi sjálfbærni í samstarfi við viðurkennda háskóla.

Sækið um á HSKOLINN.IS



HALLORMSSTAÐASKÓLI



ÍSLENSKA
ÁNÆGJUVOGIN

Til staðar fyrir þig

Sjóvá rekur 22 útibú og þjónustuskrifstofur um allt land. Við tökum vel á móti þér.

SJÓVÁ

